

ÁRSSKÝRSLA HOFSTAÐASKÓLA



2011-2012



Hofsstaðaskóli 9. ágúst 2012

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Annáll	6
2. Hagnýtar upplýsingar	17
<i>Stjórnendur</i>	17
<i>Starfsmenn</i>	17
<i>Nemendur</i>	18
<i>Húsnæði</i>	21
<i>Skóladagatal</i>	25
<i>Skóladagur nemenda</i>	25
<i>Samstarf heimila og skóla</i>	26
<i>Nemendafélag</i>	26
<i>Skólaráð</i>	28
<i>Foreldrafélag Hofsstaðaskóla</i>	28
3. Áherslur í skólastarfi	30
<i>Símenntun starfsmanna</i>	30
<i>Heimaskólaverkefni - vettvangsnám</i>	31
<i>Fagfundir grunnskólanna</i>	31
<i>Þróunarverkefni</i>	32
<i>Mat á skólastarfi - sjálfsmat</i>	32
<i>Umhverfisstarf í Hofsstaðaskóla</i>	34
<i>Vettvangsferðir</i>	39
<i>Fjölgreindaleikar</i>	41
<i>Færni miðað nám í stærðfræði og ensku</i>	42
<i>Samræmd próf</i>	43
<i>Lesskímunarpróf</i>	46
4. Ýmsar skýrslur	48
<i>Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda</i>	48
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk</i>	49
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk</i>	50
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk</i>	52
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk</i>	54
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk</i>	57
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk</i>	59
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk</i>	60
<i>Kennsla í erlendum tungumálum</i>	63
<i>Danska</i>	63
<i>Enska</i>	64

Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði	66
Skýrsla Bókasafns Hofsstaðaskóla.....	67
Skýrslur kennara í list- og verkgreinum	69
Heimilisfræði	70
Myndmennt.....	71
Textílmennt	73
Smíði.....	75
Tónmennt	78
Íþróttir	79
Sundkennsla	82
Skýrsla deildarstjóra sérkennslu	83
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa.....	88
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni	92
5. Tómsundaheimili	98

INNGANGUR

Markmið með útgáfu ársskýrslu grunnskólanna er að gera grein fyrir helstu atriðum í skólastarfinu skólaárið 2011-2012. Leitast er við að gefa yfirlit yfir það fjölbreytta starf sem fram fer í skólanum. Auk þess að fjalla um daglegt starf koma fram ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel og ábendingar um sitthvað sem betur má fara. Að gerð skýrslunnar koma kennarar, deildarstjórar o.fl. auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem ritstýrir verkinu.

Skýrslan skiptist í fimm kafla, annál, hagnýtar upplýsingar, samstarf heimila og skóla, áherslur í skólastarfi, ýmsar skýrslur og skýrslu tómstundaheimilis. Skýrsluna prýða ljósmyndir úr starfi vetrarins sem gefa innsýn í þau margvíslegu viðfangsefni sem nemendur fást við.

Skýrslan er send skólaráði, stjórn foreldrafélagsins, skólanefnd Garðabæjar, forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs og deildarstjóra skóladeildar, auk þess sem hún er aðgengileg á vef skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.

Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í Hofsstaðaskóla er að finna á vefsíðu skólans: <http://www.hofsstadaskoli.is>

Hofsstaðaskóla í ágúst 2012

Margrét Harðardóttir skólastjóri

1. ANNÁLL

Kennarar hófu skólaárið með því að setjast á skólabekk. Þann 11. ágúst hófst Þróunarverkefnið *Orð af orði* með námskeiði og 12. ágúst sátu kennarar námskeið á vegum Skólaþróunar um gæði og árangur í skólastofunni. Aðrir starfsmenn komu til baka úr sumarleyfi í kringum 15. ágúst.

Þann 16. ágúst var fundur með nýjum nemendum í 2.-7. bekk og foreldrum þeirra, en nemendur í 1. bekk voru boðaðir með foreldrum sínum í viðtal hjá umsjónarkennara á skólaþróunardaginn, miðvikudaginn 22. ágúst. Eins og oft áður mættu mjög margir foreldrar og forráðamenn með börnum sínum á skólaþróununa. Nemendur fóru heim að lokinni samveru með umsjónarkennurum og mættu í skólann samkvæmt stundaskrá 23. ágúst. Hér að neðan er stiklað á stóru um þá atburði og viðburði sem nemendur og starfsfólk skólans tóku þátt í. Ítarlegri umfjöllun er að finna á vefsíðu skólans www.hofsstadaskoli.is/frettir.

Haustönn

Starf Skáklúbbsins hófst 31. ágúst. Um 30 nemendur störfuðu með klúbbum sem hittist einu sinni í viku. Í desember var haldið jólafjöltefni í tilefni af eins árs afmæli skáklúbbsins. Skáksveitin tók einnig þátt í Íslandsmóti barnaskólasveita í mars og var árangur okkar nemenda með miklum ágætum.

Kórinn hóf vetrarstarf sitt í september. Um 50 nemendur voru í kórnum sem æfði einu sinni í viku. Kórinn tók þátt í kóramóti í Garðabæ sem haldið var í Sjálandsskóla. Á vorönn lagði kórinn hart að sér við æfingar á Mamma mía undir stjórn Unnar Þorgeirsdóttur kórstjóra. Verkið var frumsýnt fyrir fjölskyldur kórmeðlima og aðra velunnara. Öllum nemendum skólans var boðið á sýningu á skólatíma. Kórinn stóð sig mjög vel og allir skemmtu sér hið besta á þessari glæsilegu sýningu.

Hofsstaðaskóli fékk gullverðlaun fyrir hlutfallslega flestar innsendar hugmyndir í *Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda* í september. Þar sem þetta er þriðja árið sem skólinn fær þessi verðlaun þá hlaut hann farandbikar til eignar. Tveir nemendur skólans hlutu verðlaun í keppninni.

Nemendur skólans tóku þátt í *Norræna skólahlaupinu*. Allir nemendur hlupu einn hring sem var 2,5 km, en margir hlupu lengri vegalengd eða allt að 12 km. Veðrið var eins og best var á kosið og mikil stemning var innan hópsins.

Fyrsti fundur nemendafélags Hofsstaðaskóla var haldinn 13. október. Í vetur voru fulltrúar úr öllum bekkjum skólans í stjórninni en valinn er einn drengur og ein stúlka sem aðalmenn og aðrir tveir sem varamenn. Á fundinum var m.a. rætt um hugmyndir nemenda varðandi stöðvar á *Fjölgreindaleikum* skólans. Nemendafélagið er vettvangur nemenda til að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri í þeim tilgangi að hafa áhrif á skólastarfið.

Hofsstaðaskóli tekur þátt í evrópsku samstarfsverkefni (Comenius), ásamt skólum í Belgíu, Tyrklandi, Kýpur, Bretlandi, Rúmeníu og Spáni, næstu tvö árin, en það nefnist „Rainbow Tree,” eða *Regnbogatré*. Verkefnið fjallar um tré og gildi þeirra frá ýmsum sjónarhornum. Töluverð áhersla verður lögð á umhverfisfræðslu og náttúruvernd og einnig verður mikið um skapandi starf. Lögð er áhersla á að virkja alla nemendur skólans og kynna með mismunandi hætti siði og venjur í hinum ýmsu löndum Evrópu.

Nemendur í 4. bekk skoðuðu umhverfi lækjarins í útikennslu í heimilisfræði. Markmiðið var að skoða fjölbreytileika náttúrunnar. Þeir fengu m.a. það verkefni að leita að villtum plöntum sem hægt er að nota til manneldis.

Nemendur í Hofsstaðaskóla tóku þátt í verkefninu *Göngum í skólann*. Markmið verkefnisins er að hvetja nemendur og foreldra á Íslandi til að ganga eða hjóla í skólann. Nemendur skráðu daglega hvernig þeir ferðuðust í skólann. Í lok átaksins var veitt viðurkenning fyrir bestan árangur bekkjar, annars vegar á yngra stigi og hins vegar á eldra stigi.

8. nóvember var tileinkaður umræðu og verkefnum gegn einelti sbr. Þjóðarsáttmála um baráttu gegn einelti. Eineltisteymið og starfsmenn unnu að fjölbreyttum verkefnum með nemendum. Þeir vöktu nemendur til umhugsunar um málefnið, ræddu um einelti, einkenni þess afleiðingar og leiðir til lausna.

Fjölgreindaleikar Hofsstaðaskóla voru haldnir 1. og 2. nóvember. Þá er hefðbundið skólastarf leyst upp og nemendur skólans vinna saman að fjölbreyttum verkefnum. Á leikunum er fjölgreindakenning Howard Gardners höfð að leiðarljósi. Markmið leikanna er m.a. að allir fái að njóta sín með einhverjum hætti og efla kynni við aðra nemendur í skólanum, en nemendur vinna í aldursblönduðum hópum þessa daga. Í hverjum hópi eru fyrirliðar en þeir keppa sín á milli um fyrirmyndarfyrirliðann. Fjórir strákar og þrjár stelpur hlutu þessa viðurkenningu í ár, auk þess sem þrír hópar fengu viðurkenningu fyrir frammistöðuna á leikunum.



Fjölbreytt verkefni leyst á fjölgreindaleikum

Fulltrúar nemenda í umhverfisnefnd og Nemendafélagi Hofsstaðaskóla heimsóttu Gunnar Einarsson bæjarstjóra. Nemendur færðu honum tvö bréf með áskorun frá nemendum um lagfæringu á körfuboltavelli og ósk um að fá sérstakan ljósarofa á salerni nemenda. Í kjölfar heimsóknarinnar voru rofarnir á salernum lagfærðir og til stendur að endurnýja hluta af körfuboltavellinum í sumar.

Nemendur í 5. bekk unnu með námsefni um Leif Eiríksson. Þeir hafa lesið sér til um landnámið og farið í vettvangsferðir bæði á Þjóðminjasafnið og Landnámssýningu hjá Minjasafni Reykjavíkur. Nemendur föndruðu m.a. skip landsnámsmanna með áhöfn.

Orð af orði er þróunarverkefni sem Hofsstaðaskóli vinnur að í vetur. Verkefninu er stýrt af Háskólanum á Akureyri. Orðakennslan er felld inn í hefðbundna kennslu og gerð að föstum lið í fjölmörgum námsgreinum, m.a. heimilisfræði, íslensku, samfélagsfræði og stærðfræði. Markmið verkefnisins er að auka fjölbreytni í kennsluháttum, auka orðaforða nemenda og námstækni. Verkefninu verður haldið áfram næsta vetur með örlítið breyttum áherslum.

Foreldrafélag skólans styður vel við bakið á skólanum. Sl. haust færði félagið skólanum aðra Smart töflu (gagnvirka kennslutöflu) að gjöf, smíðastofu skólans brennipenna og Regnboganum útileikföng nú í vor.

Nemendur í 3. bekk fengu fræðslu í heimilisfræði rétt fyrir jólin um þá góðu og gildu reglu að þeir ættu að borða fimm ávexti/grænmeti á dag. Tímasetningin á fræðslunni var mjög góð og markmiðið að minna börnin á að borða ekki bara kökur og sætindi um jólin heldur gera ávöxtunum/grænmetinu líka góð skil.



Ís í eftirrætt í jólamatnum

Nemendur læra að þrjóna í 3. bekk. Oft er mikill handagangur í öskjunni og mikið að gera hjá kennaranum. Að þessu sinni var aðstandendum nemenda boðið í þrjónastund. Mæting var mjög góð og átti hópurinn notalega stund saman þar sem mömmur og ömmur aðstoðuðu krakkana við þrjónaskapinn. Boðið var upp á kakó og smákökur. Þrjónastundin er komin til að vera en í hvert sinn sem ný lota hefst er aðstandendum boðið að koma og aðstoða.

Vorönn

Í lífsleikni í 5. bekk eru nemendur fræddir um umferðina. Bókin á „Ferð og flugi í umferðinni“ er notuð við kennsluna. Þar er m.a. fjallað um mikilvægi endurskinsmerkja þegar skyggja tekur. Nemendur voru vel meðvitaðir um hversu bráðsnjöll fyrirbæri endurskinsmerki eru, en þeir fóru út með vasaljós og báru saman hversu vel þeir sáust með og án endurskinsmerkja.

Í Hofstaðaskóla starfa tvær af flottustu íþróttakonum landsins Þær Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir íþróttakona Garðabæjar 2011 og Hrafnhildur Ósk Skúladóttir íþróttamaður Reykjavíkur 2011. Við erum stolt af frábærum árangri þeirra og teljum þær góða fyrirmynd fyrir nemendur og starfsmenn.

Árlegt þorablót 6. bekkinga var haldið í febrúar. Nemendur buðu foreldrum sínum til fráberrar veislu þar sem gleði og ánægja skein úr hverju andliti. Salurinn var glæsilega skreyttur af nemendum með skrauti sem þeir útbjuggu undir stjórn list- og verkgreinakennara. Nemendur buðu upp á fjölbreytt skemmtiatriði sem m.a. samanstóðu af leikriti, hljóðfæraleik, söng dans og leiknum bröndurum. Dagskráin var kynnt af myndarskap og sáu nemendur um að stýra tæknimálum meðan á sýningunni stóð.



Þjóðlegar stúlkur á þorablóti

Nemendur í 2. bekk hafa undanfarnar vikur unnið heildstætt verkefni um hvali. Krakkarnir hafa aflað sér upplýsinga á netinu um ólíkar hvalategundir og komið þessum upplýsingum fyrir í maganum á hvalnum sínum. Einnig voru málaðar fallegar hvalamyndir og unnið með þjóðsögur sem tengjast hvöllum.

Vinatré var samvinnuverkefni margra nemenda í 3.-6. bekk. Verkefnið var unnið í vinahópum og félagsfærnihópum hjá námsráðgjafa. Unnið var með eiginleika góðra vina. Nemendur veltu fyrir sér hvaða eiginleika þeir vilja sjá í vinum sínum og hvort þeir sjálfir beri svipaða eiginleika.

100 daga hátíð 1. bekkja var haldin hátíðleg á 100. degi skólaársins sem var 25. janúar að þessu sinni. Kennarar og nemendur mættu í náttfötum og í tilefni dagsins mátti hafa sparínesti. Nemendur bjuggu til hátíðarhatta sem voru merktir með tugatölum. Bekkirnir hittust á sal og sungu nokkur lög og marseruðu svo um skólann. Að því loknu fór mikil talningavinna í gang þar sem nemendur töldu góðgæti og flokkuðu í tugi og mynduðu hundrað. Deginum lauk í íþróttahúsinu þar sem tekinn var þrautahringur þar sem allar þrautir gengu út á það að telja tugi og reyna að fylla hundrað. Vel heppnaður dagur í alla staði.

Í desember sl. var lögð könnun fyrir foreldra um starfið í skólanum. Foreldrar voru m.a. spurðir um ánægju með skólann, skólabrag og líðan barna í skólanum og frímínútum. Rúmlega 93% foreldra sögðust geta mælt með skólanum við aðra foreldra. Svörun var mismikil milli árganga en minnst í 6. og 7. bekk. Foreldrum gafst einnig tækifæri til að svara opnum spurningum um það sem vel er og gert og það sem betur má fara.

Nemendur í 3. og 4. bekk unnu mjög spennandi verkefni um risaeðlur. Nemendur í 4. bekk sköpuðu risaeðluveröld á ganginum fyrir framan sínar stofur en nemendur í 3. bekk settu upp risaeðluveröld í Höllinni. Vinnan var fjölbreytt og nemendur söfnuðu m.a. fróðleik í risaeðlubækur, málaðu myndir, bjuggu til stór og lítil risaeðluspor, sömdu sögur, bjuggu til fréttir og risaeðlur. Til að afla sér upplýsinga leituðu nemendur að fróðleik í bókum og á ýmsum vefjum. Nemendur í 3. bekk buðu foreldrum á kynningu sem tókst afar vel.

Í janúar var lögð könnun fyrir starfsmenn Hofsstaðaskóla um ýmsa þætti skólastarfsins. Könnunin var þríþætt. Í fyrsta hluta voru spurningar fyrir alla starfsmenn þar sem spurt var um samskipti og líðan á vinnustaðnum. Í öðrum hluta voru, að beiðni foreldrafélags skólans, lagðar fyrir kennara spurningar í tengslum við notkun þeirra og áhuga á gagnvirkum kennslutöflum. Í þriðja hluta var spurt um notkun á *Skólavefnum*, en skólinn greiðir fyrir áskrift að vefnum.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að á heildina litið eru starfsmenn mjög ánægðir með vinnustaðinn sinn – eða 96% og með stjórnun skólans 93%. Þeir eru einnig mjög stoltir af skólanum og eiga í góðu samstarfi við vinnufélagana.

Víkuna 20.-24. febrúar dvöldu nemendur í 7. bekk ásamt kennurum sínum í Skólabúðum á Reykjum. Það var eftirvæntingafullur hópur nemenda og foreldra þeirra sem beið við skólann eftir rútunni í bítið að morgni 20. febrúar. Lagt var af stað um kl. 9:00. Kennarar voru duglegir að setja inn myndir og birta fréttir á vefsvæðinu sem opnað var í tilefni ferðarinnar. Flestir nemendur segja ferðina í skólabúðirnar vera það eftirminnilegast á skólagöngunni.

Það var mikil eftirvænting í loftinu þegar nemendur og starfsfólk mætti í skólann á öskudaginn. Margir nemendur voru spenntir að sýna sig og sjá aðra í glæsilegum öskudagsbúningum. Eins og oft áður var mikill sköpunarkraftur í nemendum og kennurum því búningarnir voru bæði fjölbreyttir og skemmtilegir. Dagurinn einkenndist af því að nemendur fengu tækifæri til að heimsækja fjölda stöðva sem settar voru upp um allan skólann og í íþróttahúsinu Mýrinni. Nemendur gátu t.d. hitt spákonur, farið í limbó, búið til grímur og öskupoka, fengið andlitsmálun, lesið, farið í tölvur og kubba. Undir lokin hittust allir nemendur á sal en þar stjórnðu Ragga Dís og Hreinn hópdansi og að honum loknum hófst dúndrandi diskótek.

Skólahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fór fram á sal skólans við hátíðlega athöfn mánudaginn 5. mars. Þar kepptu níu nemendur í 7. bekk um að taka þátt fyrir hönd Hofsstaðaskóla í lokahátíðinni sem var haldin fimmtudaginn 15. mars í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk 2011-2012 fór fram við hátíðlega athöfn eins og áður sagði í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi þar sem Vigfús Árnason í 7. AMH í Hofsstaðaskóla sigraði. Tíu nemendur úr Grunnskóla Seltjarnarness og grunnskólum í Garðabæ lásu svipmyndir úr skáldsögunni Draugaslóð eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur og ljóð eftir Gyrði Elíasson auk ljóða sem þátttakendur völdu sjálfir. Fyrir hönd Hofsstaðaskóla kepptu auk Vigfúsar: Jón Gunnar Hannesson og til vara Jón Kristinn Örnólfsson báðir í 7. GHS. Allir lesararnir stóðu sig frábærlega.



Hátíðin tókst í alla staði vel en auk upplestrar buðu skólarnir upp á fjölbreytt skemmtiatriði. Fyrir hönd Hofstaðaskóla flutti Jóhannes Patreksson í 6. BÓ Beat box við mikinn fögnuð gesta.

Foreldrum barna sem hefja skólagöngu í 1. bekk haustið 2012 var boðið á kynningarfund í skólanum í mars. Nemendur sáu um kynningu á skólanum sínum og sögðu frá því hvað þeim finnst markverðast í starfinu. Að lokinni kynningu var gestum boðið að skoða skólann og tómstundaheimilið í fylgd nemenda og starfsmanna.

Nemendur í 6. bekk fengu tækifæri til að njóta veðurbliðunnar og lærðu um hornasummu hyrninga. Þeir rannsökuðu hornasummuna með því að teikna þá á stéttina með krít og draga hornalínur út frá einu horni. Þannig gátu þeir reiknað út hornasummu hyrningsins.



Útikennsla í stærfræði

Nemendur í 5.-7. bekk fengu fræðslu um skaðsemi tóbaks, en hún er liður í lífsleiknikennslu skólans. Sigrún Kristjánsdóttir hjá Landlæknisembættinu sá um fræðsluna en hún hélt einnig erindi fyrir umsjónarkennara um þróun tóbaksnotkunar á Íslandi.

Einingakubbar eru skemmtilegir kubbar sem nemendum finnst mjög gaman að vinna með. Þeir efla sköpunargleði og stærðfræðihugsun hjá börnunum auk þess sem þeir kalla fram ýmsa skipulagshæfileika sem og samvinnu milli nemenda. Nemendur í 2. bekk lögðu götur, bílagöng og hringtorg. Þeir komu einnig fyrir styttu af bæjarstjóra. Nemendur fengu úthlutað lóðum sem þeir máttu byggja á. Börnin voru mjög áhugasöm og gaman að sjá hversu skipulögð þau voru í starfsemi sinni.

Nemendur í 2. bekk unnu samvinnuverkefni í smíði og textíl. Verkefnið tengdist páskunum. Nemendur þæfðu páskaunga og egg úr íslenskri ull. Ungarnir voru síðan settir á spjöld sem nemendurnir höfðu litað og skreytt sem móa.



Prúðbúnir páskaungar

Glæsileg árshátíð 7. bekkja var haldin fimmtudaginn 29. mars. Nemendur tóku fullan þátt í undirbúningi fyrir árshátíðina og allir höfðu ákveðnu hlutverki að gegna. Boðið var upp á mexíkóskan mat sem nemendur útbjuggu undir dyggri leiðsögn heimilisfræðikennarans. Þeir tóku einnig þátt í að skreyta salinn, koma fyrir borðum og stólum og leggja á borð.

Þeir nemendur sem vildu settu saman atriði, æfðu og fluttu á árshátíðinni fyrir samnemendur, foreldra og dómnefnd því skemmtiatriðin voru jafnframt hæfileikakeppni.

Listadagar barna í Garðabæ voru haldnir 23.-27. apríl sl. Nemendur í Hofsstaðaskóla unnu að ýmsum verkefnum tengdum hátíðinni en hún bar yfirskriftina *Hljómlist*. Eitt af fjölmörgum skemmtilegum verkefnum var dans sem allir nemendur skólans lærðu í íþróttum. Dansinn á rætur í *Bollywood* heiminum og heitir *Jai Ho*. Nemendur hafa æft sig reglulega og dansað víða, bæði úti og inni.

Stórkostlegir tónleikar voru haldnir á sal skólans föstudaginn 27. apríl í tilefni af Listadögum í Garðabæ. Þema listadaganna var tónlist og fékk Hofsstaðaskóli styrk til að ráða Hildi Guðnýju Þórhallsdóttur og Þórdísi Heiði Kristjánsdóttur tónmenntakennara til að stjórna hljómsveitarverkefni með hópi nemenda í 6. bekk. Verkið hét „Með allt á hreinu“ en þemað var umhverfismál enda umhverfissvika í Hofsstaðaskóla. Tónleikarnir enduðu á söng, Ósonlaginu, sem samið var af nemendum í hljómsveitarhópnum. Meðfylgjandi er slóð á texta lagsins.

<http://www.hofsstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=177952>

Nemendum sem ekki tóku þátt í hljómsveitarverkefninu var skipt í þrjá hópa og unnu þeir verkefni í tengslum við umhverfismál undir stjórn umsjónarkennara. Einn hópur hannaði föt og bjó til úr endurunnu efni, annar hópur fór í vettvangsskoðun í nágrenni Hofsstaðaskóla og vann myndasýningar í tengslum við hana. Þriðji hópurinn bjó til áróðursmyndbönd sem tengjast umhverfinu. Verkefnin voru sýnd á sal þar sem fatahópurinn var með tiskusýningu. Í lokin var sýnt myndband af *Jai Ho* dansinum sem allir nemendur skólans lærðu í íþróttum.

Fulltrúar nemenda og kennara í umhverfisnefnd Hofsstaðaskóla tóku á móti viðurkenningu á Garðatorgi frá umhverfisnefnd Garðabæjar 10. maí s.l. Verkefni nemenda og kennara var að hreinsa Arnarneslækinn frá Reykjanesbraut til ósa. Allir nemendur og umsjónakennarar Hofsstaðaskóla tóku þátt í hreinsuninni og fengu að launum hvatningastyrk frá Garðabæ en peningarnir voru notaðir til að kaupa bolta og sippubönd fyrir alla bekk.



Samstillt við hreinsun lækjarins

Það voru áhugasamir og glaðir nemendur í 5. – 7. bekk Hofsstaðaskóla sem tóku þátt í UNICEF hreyfingunni föstudaginn 11. maí. Verkefnið er unnið í samstarfi við UNICEF á Íslandi þar sem markmiðið er að fræða nemendur um þurfandi börn um allan heim í gegnum holla hreyfingu og safna fé sem rennur til jafnaldra þeirra sem búa við bág kjör og lakar aðstæður. Umsjónakennarar sýndu myndband um aðstæður jafnaldra þeirra í fátækari löndum og ræddu við þá um að láta sig velferð annarra varða.

Nemendur gátu valið að safna áheitum úr sínu nánasta umhverfi vegna verkefnisins. Verkefnið var að hlaupa, ganga, skokka eða valhoppa meðfram Arnarneslæknum frá Hofsstaðaskóla og niður undir Hafnarfjarðarveg og til baka. Önnur leiðin er um 0,8 km og fengu nemendur límmiða í þar til gert kver við hvorn enda og þannig var fylgst með framvindunni. Síðan er spurningin hversu marga hringi viðkomandi fer. Tveir miðar voru veittir fyrir hvern hring. Með þátttökunni einni saman er verið að styrkja börn um allan heim, því góður hugur, samkennd og þátttaka er mikil gjöf.

Miðvikudaginn 16. maí stóð Lionsklúbburinn Eik fyrir árlegu *Vímuvarnarhlaupi* í 5. bekk. Tilgangurinn með hlaupinu er að vekja börnin til umhugsunar og gera þau ábyrg og meðvituð um ábyrgð á eigin lífi og velferð. Til að undirstrika boðskapinn hafa Lionskonur tekið með sér góðar fyrirmyndir sem ávarpa krakkana á undan hlaupinu. Að þessu sinni var það Gunnhildur Yrsa Sigurðardóttir knattspyrnukona í Stjörnunni sem ræddi við krakkana. Gunnhildur Yrsa ítrekaði fyrir nemendum að þeir þurfi að setja sér markmið og þurfi jafnvel að fórna einhverju til að ná þeim. Að því loknu var haldið út í sólina á Stjörnuvöll þar sem boðhlaupið fór fram við mikla stemningu, en allir nemendur skólans fylgdust með. Þar kepptu 5. GP, 5. LK og 5. ÓP. Að þessu sinni var það lið 5. GP sem bar sigur úr býtum.

Nemendur Hofsstaðaskóla tóku þátt í Evrópuleikunum í stærðfræði. Undirbúningstímabilið hófst þann 7. maí, en nemendur hafa reiknað þúsundir stærðfræðidæma af miklum móð bæði í skólanum og heima. Hin eiginlega Evrópukeppni stóð yfir mánudaginn 14. maí og þriðjudaginn 15. maí. Fyrri keppnisdaginn söfnuðu nemendur stigum með því að leysa ýmis verkefni úr verkefnabanka á vef leikanna www.mathletics.eu, en seinni daginn var keppt í hugarreikningi (hraðapraut) í rauntíma við aðra nemendur sem skráðir voru til leiks víðs vegar í Evrópu. Alls voru 313 nemendur í Hofsstaðaskóla skráðir í keppnina og fengu þeir allir notendanafn og lykilorð sem veitti þeim aðgang að vefnum frá 7. -15. maí.



Ákafinn leynir sér ekki

Mikill metnaður var hjá bæði kennurum og nemendum til að standa sig sem best og safna stigum fyrir skólann sinn, bekkinn og sem einstaklingar. Óhætt er að segja að þátttakan í leikunum hafi sett nokkurn svip á skólann þá daga sem leikarnir stóðu yfir.

Nú bíðum við með eftirvæntingu eftir niðurstöðunum sem vonandi birtast innan skamms. Ekki var annað að sjá en að keppnin hefði mælst vel fyrir hjá krökkunum sem voru fullir af áhuga og áttu sumir hverjir erfitt með að leyna spennunni. Á bloggvef keppninnar má lesa skemmtilega umfjöllun um þátttöku Hofsstaðaskóla og staðsetningu hans, en umsjónarmenn vefsins tilgreindu Hofsstaðaskóla sem norðlægasta þátttökuskólann. Fljótlega var því þó mótmælt af frændum okkar Norðmönnum í *Brønnøysund barne- og ungdomsskole* sem snarlega komu með leiðréttingu.

Föstudaginn 1. júní komu allir nemendur skólans saman á sal en þá voru veittar viðurkenningar fyrir stærðfræðileikana. Öflugasti hópurinn að þessu sinni var blái hópurinn í 7. bekk sem skilaði 115.501 stigi í hús. Næst á eftir honum kom 4. HS með 68.589 stig og á hæla þeim 4. BSt með 44.804 stig. Stigahæsti einstaklingurinn í keppninni var Bjarki Björnsson í 4. HS með 12.678 stig. Næst kom Bergþóra Karlsdóttir í 7. AMH í bláum hópi með 10.093 stig og Jón Arnar Ólafsson í 4. BSt með 9366 stig.

Föstudaginn 25. maí gáfu Kiwanishreyfingin og Eimskipafélagið öllum nemendum í 1. bekk reiðhjólahljálmi að gjöf en verkefnið er árviss viðburður félaganna til að stuðla að betra umferðaröryggi barna. Verkefnið ber nafnið „Óskabörn þjóðarinnar“.

Á vordögum unnu nemendur í 1. – 4. bekk fjölbreytt verkefni í tengslum við plöntur. Allir árgangar unnu verkefni í tengslum við Regnbogatrésverkefnið en þar voru ávaxtatré nemendum hugleikin. Einnig fóru nemendur í 1. bekk í plöntuskoðun í Hellisgerði og báru saman tré og blóm og teiknuðu myndir. Nemendur í 2. bekk gróðursettu smjörbaunir og fylgdust með vexti þeirra. Einnig voru ýmsar umræður um blóm og hvað þarf að hafa í huga til að þau vaxi og dafni. 3. bekkingar söfnuðu ýmsum fróðleik um plöntur í bækur og settu upp tilraunastöð úti á skólalóð þar sem ýmsar plöntur voru skoðaðar í víðsjá og með stækkunarglerjum. Nemendur í 4. bekk lærðu um tré, kynntu sér lífsferil þeirra og gróðursettu Yrkjuplöntur í samstarfi við garðyrkjudeild bæjarins.

Á lokadögum vorannar unnu nemendur 7. bekkja stórskemmtilegt verkefni um bíla. Nemendur unnu saman í pörum og fékk hvert par 1 rör, 1 grillpinna, 4 lítil dekk, bylgjupappa og límband.

Úr þessu áttu þeir að hanna og smíða bíl en fengu ekki frekari leiðbeiningar um hvernig væri best að takast á við verkefnið. Nemendur máttu einnig nýta ýmislegt smálegt sem til var í skólanum, lím, liti, pappír og skraut. Markmiðið var að hanna bíl sem kæmist vel áfram ef ekið var niður ákveðna braut. Í lok dags var svo keppt um hvaða bíll kæmist lengst.

Einnig var veitt viðurkenning fyrir flotta hönnun, frumleika og útlit. Það var virkilega gaman að fylgjast með nemendum vinna þetta verkefni, hlusta á umræðurnar og vangavelturnar sem komu upp á milli þeirra. Í fyrstu gerðu flestir nemendur einfalda grind með dekkjum, en þegar á leið og þeir prófuðu að renna bílnum eftir brautinni fóru þeir að hugleiða aðra þætti eins og hvers vegna sumir beygðu og hvernig væri hægt að láta bílana keyra meira beint áfram og hvers vegna sumir fóru miklu hraðar og lengra en aðrir og hvaða þættir höfðu áhrif á það. Heilmikill dulbúinn eðlisfræðilærdómur var í verkefninu. Svo má ekki gleyma þeim sem lögðu mikið í útlit bílsins og fannst fegurðargildið ekki síður mikilvægt. Sigurvegarar dagsins voru Haukur og Lahiru í 7. AMH en þeirra bíll komst lengst og var vel hannaður í því tilliti en þótti einnig flottur og frumlegur í útliti.

Fimmtudaginn 7. júní fóru fram skólaslit 7. bekkinga við hátíðlega athöfn á sal Hofsstaðaskóla. Nemendur í 7. bekk fluttu tónlistaratriði í upphafi samkomunnar og síðan voru afhent verðlaun fyrir besta samanlagða árangur í íslensku í hverjum 7. bekk. Kiwanisklúbburinn Setberg í Garðabæ veitir verðlaunin og hlutu Jón Gunnar Hannesson 7. GHS Guðrún Lóa Sverrisdóttir 7. AMH bókaverðlaun sem viðurkenningu.

Hofsstaðaskóli veitti nú sem áður verðlaun fyrir besta námsárangur í hverjum 7. bekk. Jón Gunnar Hannesson 7. GHS, Guðrún Lóa Sverrisdóttir 7. AMH og Kristín Sif Sigsteinsdóttir 7. AMH hlutu viðurkenningu sem var bókin Fuglavísir.

Sú hefð hefur skapast að 7. bekkingar sem ljúka námi við skólann flytja kveðju frá nemendum. Freydís Jara Þórsdóttir og Jón Kristinn Örnólfsson fluttu kveðjuna að þessu sinni fyrir hönd nemenda.

Eftir kveðjustund í stofum gæddu nemendur og foreldrar sér á veitingum í boði skólans. Starfsmenn Hofsstaðaskóla óska nemendum og foreldrum gleðilegs sumars og hlakka til að sjá ykkur í haust.

Á skólaslitum í Hofsstaðaskóla voru veitt verðlaun í Nýsköpunarkeppni skólans í 5. bekk og Lampasamkeppni í 6. bekk. Báðar þessar keppnir eru undir stjórn Sædísar Arndal smíðakennara en Marel gefur glæsileg verðlaun, myndavélar. Auk þess fá nemendur lampa sem verðlaunagrip.

Í nýsköpunarkeppninni 2011-2012 hlutu eftirfarandi nemendur verðlaun:

1. sæti Kristín Hekla Örvarsdóttir
2. sæti Liv Benediktsdóttir
3. sæti Natalía Ólafsdóttir

Í lampasamkeppninni 2011-2012 hlutu eftirfarandi nemendur verðlaun:

1. sæti Sigurður Fannar Finnsson
2. sæti Hafrún Lind Guðbrandsdóttir
3. sæti Auður Indriðadóttir

Auk þess var Ástrós Magnúsdóttir valinn hönnuður skólans.

Nemendur í 6. bekk vinna að gerð lampanna í smíði en til þess nota þeir 20 ljósa seríu og nýta síðan eitthvað úr umhverfi sínu sem umgjörð um ljósin.

Nemendur í 5. bekk fá kennslu í nýsköpun þar sem þeir fá tækifæri til að þroska sköpunargáfu sína og vinna með eigin hugmyndir. Allar tillögur nemenda koma til álita í Nýsköpunarkeppni Hofsstaðaskóla.

Hofsstaðaskóli tók skólaárið 2011-2012 þátt í verkefni um ytra mat á grunnskólastarfi. Matið er hluti af tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Rannveigu Lund en það fór fram á vettvangi 1.-15. mars, en áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur.

<http://www.hofsstadaskoli.is/pages/4476>

Hér hefur verið stiklað á stóru um helstu viðburði vetrarins en frekari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans www.hofsstadaskoli.is.

Starfsfólk Hofsstaðaskóla óskar nemendum, foreldrum/forráðamönnum og öðrum velunnurum skólans gleðilegs sumars – með þökk fyrir samstarfið í vetur.

453 nemendur eru innritaðir í skólann fyrir næsta skólaár. Bekkjardeildir verða 21, en hafa verið 20 undanfarin ár. Skóladagatal skólaársins 2012-2013 er að finna á heimasíðu skólans www.hofsstadaskoli.is og enn fremur er bent á atburðadagatal sem nálgast má á sömu síðu.

Margrét Harðardóttir skólastjóri



Glaðir nemendur með rithöfundu

2. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Stjórnendur

Skólastjóri: Margrét Harðardóttir

Aðstoðarskólastjóri: Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Deildarstjóri yngri deilda: (1.-4. bekk): Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir

Deildarstjóri eldri deilda: (5.-7. bekk): Krístrún Sigurðardóttir

Deildarstjóri sérkennslu: Margrét Einarsdóttir

Starfsmenn

Við skólann störfuðu alls 70 starfsmenn, 35 kennarar, 5 stjórnendur, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og umsjónarmaður tómstundaheimilis í 100% starfi. Námsráðgjafi í 80% starfi. Bókasafnsfræðingur í 75% starfi. Aðrir starfsmenn voru 28, nokkrir í hlutastarfi. Talmeinafræðingur, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur starfa einnig í skólanum. Meirihluti starfsmanna eru konur en alls starfa níu karlmenn við skólann. Einn kennari og tveir háskólanemar sinntu forfallakennslu í vetur. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á vefsíðunni: <http://www.hofsstadaskoli.is>.



Ánægðir starfsmenn

Leyfi - veikindaleyfi

Bergljót Vilhjálmisdóttir og Hrönn Kjærnested voru í námsleyfi allt skólaárið. Bryndís Guðmundsdóttir þroskajálfi var í fæðingarorlofi til 18. mars. Anna Laxdal leysti hana af. Ólöf Harpa Gunnarsdóttir var í veikindaleyfi allt skólaárið. Sigurveig Sæmundsdóttir fyrrverandi skólastjóri leysti hana af ásamt fleiri kennurum. Sólrún Guðbjörnsdóttir myndmenntakennari var í veikindaleyfi frá september til febrúar og svo aftur í þrjár vikur í maí. Dóra Rögnvaldsdóttir og Hrafnhildur Eiðsdóttir myndmenntakennarar leystu hana af. Sædís Arndal smíðakennari var í veikindaleyfi í fjórar vikur á vorönn og leystu hana af Jóhann Örn Héðinsson smíðakennari og aðrir kennarar skólans.

Eftirtaldir starfsmenn létu af störfum í lok skólaárs: Brynja Jónsdóttir kennari, Bryndís Guðmundsdóttir þroskaþjálfari, Fanný María Ágústsdóttir stuðningsfulltrúi, Gunnar Pálmason húsvörður, Greta Sverrisdóttir forstöðumaður tólmstundaheimilisins og Hans Kragh skólaliði.

Nemendur

Á skólaárinu voru 443 nemendur í Hofsstaðaskóla, þar af voru 55 í 1. bekk. Nemendum hefur fjölgað um 98 frá árinu 2004. Í júní 2012 eru skráðir 450 nemendur í skólann næsta skólaár.


Fjöldi nemenda í Hofsstaðaskóla að hausti síðustu átta ár

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi nemenda	345	396	391	400	388	410	430	443

Hér fyrir neðan má sjá dreifingu nemendahópsins eftir búsetu. Flestir nemendur búa í hinu nýja Akralandi og aðrir dreifast nokkuð jafnt á það sem kalla má gamla skólahverfi Hofsstaðaskóla. Fáir nemendur búa í næsta nágrenni annarra grunnskóla bæjarins.

Búseta nemenda Hofsstaðaskóla eftir hverfum

Akraland	126	29%
Bæjargil	54	12%
Lundir	12	3%
Hæðir	35	8%
Byggðir	31	7%
Ásahverfi	2	0%
Mýrar	52	12%
Búðir	52	12%
Móar	29	7%
Arnarnes	12	3%
Tún	6	1%
Flatir	2	0%
Holt	4	1%
Sjálaland	3	1%
Annað	17	4%
Alls	443	



Skipting nemenda í bekk skólaárið 2011-2012 var þannig að í 7. bekk voru tvær bekkjardeildir en þrjár bekkjardeildir í 1- 6. bekk. Fjöldi nemenda í bekk var frá 18 til 25 nemendur. Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda nemenda í bekk og kynjaskiptingu þeirra. Stúlkur eru örlítið fjölmennari eða 225 á móti 218 drengjum.

- 1. bekkur, 55 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 2. bekkur, 60 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 3. bekkur, 71 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 4. bekkur, 67 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 5. bekkur, 73 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 6. bekkur, 68 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 7. bekkur, 49 nemendur í tveimur umsjónarhópum



Pókóvöllurinn sópaður

Fjöldi drengja og stúlkna í bekkjardeild í Hofsstaðaskóla 2011-2012

Bekkjardeild	Fjöldi drengja	Fjöldi stúlkna	Samtals
1. RJ	8	10	18
1. RS	9	9	18
1. ÞÞ	9	10	19
2. ÁS	11	9	20
2. BS	10	11	21
2. GP	6	13	19
3. ABR	14	9	23
3. ÁK	14	10	24
3. GG	14	10	24
4. BST	10	13	23
4. HS	9	14	23
4. IS	10	12	22
5. GP	12	13	25
5. LK	11	14	25
5. ÓP	12	12	24
6. BÓ	12	11	23
6. SJG	11	14	25
6. ÖM	9	11	20
7. AMH	10	13	23
7. GHS	17	7	24
Samtals	218	225	443

Húsnæði

Auk skólabyggingarinnar er kennt í 5 *Hofum* eða lausum kennslustofum. Þrjú *Hofanna* voru bekkjarstofur 3. bekkinga, og í tveimur þeirra fer fram kennsla í náttúrufræði og ritþjálfu auk tónlistarkennslu á vegum Tónlistarskóla Garðabæjar.

Í ágúst 2011 var tekin í notkun um 130 fm. tengibygging eða gangur sem tengir saman þrjár bekkjarstofur í Hofum. Með tilkomu hennar varð alger bylting í starfsaðstöðu nemenda og starfsmanna. Tekist hefur vel til með nýtingu og innréttingu og er húsnæðið í Hofunum, eða Höllinni eins og sumir kalla bygginguna eftir breytingar, bæði rúmt og vistlegt.



Vígsluhátíð Hallarinnar

Öll rými sem mögulegt er að nýta í vinnu með nemendum eða sem aðstöðu starfsmanna eru nú í notkun enda kalla breyttir kennsluhættir á aukið og fjölbreyttara húsnæði. Gangar eru mikið notaðir t.d. í hópastarfi og þemavinnu.

Í skólanum eru almennar kennslustofur 21 og bekkjardeildir 20 í jafnmörgum kennslustofum. 21. stofan hefur verið sérkennslustofa. Haustið 2012 þarf að nýta sérkennslustofuna sem bekkjarstofu þar sem bekkjardeildum fjölgar um eina.

Í vetrarleyfi nemenda var bætt við undirlag við leiktæki á skólalóðinni og þau yfirfarin. Nemendur kalla eftir nýju leiktæki í stað snúningstækis sem fjarlæggt var vegna slysaþættu. Yfirborð skólalóðarinnar er orðið lélegt á ýmsum stöðum Steinar standa þar upp úr og skapa hættu auk þess sem grasið er gengið niður á sumum stöðum og komið moldarflag í staðinn. Foreldrar kvarta mikið yfir óhreinindum sem koma af mölinni og fer illa bæði með skó og fatnað. Löngu er orðið tímabært að endurbæta körfuboltavöllinn en þar vill safnast vatn í polla þegar rignir og völlurinn er mjög ójafn. Nemendur hafa ritað bæjarstjóra bréf um ástand körfuboltavallarins og standa vonir til þess að eitthvað verði gert í þeim málum í sumar.

Hjólagrindur við skólann eru enn of fáar enda fjölgar stöðugt þeim nemendum og starfsmönnum sem velja að hjóla í skólann. Vonast er til þess að bætt verði úr því í sumar.

Mikilvægt er að auka fjármagn til viðhalds skólans. Mála þarf húsið að utan en farið er að sjá talsvert á því. Einnig þarf að gera átak í að mála kennslustofur. Allir gangar, salerni og anddyri voru máluð sl. ár. Með fjölgun nemenda og starfsmanna mæðir enn meira á húsinu og því mjög brýnt að við því verði brugðist t.d. með auknu viðhaldi. Salerni nemenda þarf að endurbæta og loka á milli þeirra. Beðið er eftir kostnaðaráætlun vegna þess.

Rúður þarf að yfirfara og skipta út þeim sem eru skemmdar og þá aðallega vegna steypu-skemmda og leka. Yfirborð á svalagólfum hefur ekki verið fullklárað frá byggingu og eftir er að

ljúka endanlega þeim viðgerðum sem fram fóru á síðasta ári að utan og þá einkum í hornum og við svalir og endurnýjun skemmdra þakrenna. Húsið er orðið afar skellótt að utan eftir að blettað hefur verið í. Aftur er farið að bera á leka og steypuskemmdum á suðurhlíð þótt gert hafið verið við fyrir c.a. tveimur árum.

Úrbætur hafa verið gerðar á loftræstingu í smíðastofu eftir margítrekaðar athugasemdir heilbrigðisyfirvalda. Arkitekt skólans hefur kannað möguleika á innréttingu norðurkjallara skólans undir smíða-, textíl- og myndmenntastofu og stækkun á heimilisfræðistofu á fyrstu hæð. Þegar þetta er ritað liggur ekki ljóst fyrir hvort leyfi fáiast frá vinnueftirliti og heilbrigðiseftirliti til þess að nýta kjallarann undir kennslurými. Mikilvægt er að vanda vel til verka og huga vel að tengingu við fyrstu og aðra hæð svo og stækkun glugga og breytingar á lóð og bílastæði norðan megin við húsið. Með vinnu við tillöguna fæst ákveðið samþykki fyrir því að gera þurfi úrbætur á list- og verkgreinastofum og fjölga þar með almennum kennslustofum um þrjár.

Margóft hefur verið bent á þörf þess að byggja yfir skólann þannig að allir sem þar starfa rúmist inni í skólahúsinu og hafi viðunandi vinnuaðstæður. Þegar skólinn var byggður var hann hannaður fyrir 300 nemendur og starfsmannafjölda í samræmi við það. Síðan hefur nemendum fjölgað um 50% og virðist ekkert lát á fjölgun þeirra. Auk þess sem fleiri starfsstéttir starfa innan skólans. Sem dæmi má nefna námsráðgjafa, þroskajálfa, stuðningsfulltrúa, kennsluráðgjafa og fleiri. Nú á vordögum var lagt til af skóladeild að gera úttekt á skólahúsnæðinu eftir s.k. lykiltölum og því ber að fagna. Þar er húsnæðið borið saman við tölur í reglugerðum og viðmiðatölum um stærð húsnæðis miðað við fjölda nemenda og starfsmanna. Áhugavert verður að sjá hvernig sú úttekt kemur út, hvort bæjaryfirvöld endurskoði í kjölfarið afstöðu sína gagnvart viðbyggingu við skólann.



Nestistími í vettvangsferð

Skipting námsgreina

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda kennslustunda í hverri námsgrein og heildarstundafjölda hvers árgangs. Í kjölfarið fylgir yfirlit yfir þær greinar sem kenndar eru í s.k. hringekju og fremst í 4. kafla í skýrslum kennara í list og verkgreinum er yfirlit yfir það skipulag sjá bls. 69.

Skipting námsgreina skólaárið 2011-2012

Námsgrein / árgangur	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.
Íslenska skiptist í:	9	8,5	9	8	7,5	7	7
Markviss málörvun	*						
Málrækt		*	*	*	*	*	*
Stafsetning		*	*	*	*	*	*
Ljóð		*	*	*	*	*	*
Ritun	*	*	*	*	*	*	*
Bókmenntir				*	*	*	*
Skrift	*	*	*	*	*	*	*
Lestur	*	*	*	*	*	*	*
Framsögn		*	*	*	*	*	*
Lesskilningur	*	*	*	*	*	*	*
Hlustunarskilningur							
Sviðslist og tjáning	*	*	*	*	*	*	*
Stærðfræði	5	5	6,5	5,5	5	5	5
Samfélagsgreinar- samfélagsfræði, saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði og heimspeki	4	4	4	4	5	5	5
Náttúrufræðigreinar náttúrufræði, eðlisvísindi, efnafræði, jarðvísindi, lífvísindi, umhverfismennt.	2,5	3	3	3	3	4	3
Enska	1	1	1	1	3	3	3
Danska							3
Salur/samsöngur (Sjónlistir)	1	1	1	1	1	1	1
Ritþjálfari				1	1	1	
Tölvufærni						1	
Hringekja	1	1		1	1,5		1
Tölvur	1	1	1	1	1	1	1
List og verkgreinar***	3	4	4	4	4	4	4
Tónmennt	2	1	1	1	1	1	
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2
Sund*****	1	1		0,5			
Samtals	32,5	32,5	32,5	33	35	35	35
Matur - greitt sem kennsla	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5

*** **Sund** er kennt á námskeiði í list og verkgreinaskipulaginu í öllum árgöngum. Auk þess fara nemendur í 1., 2. og 4. bekk í sund 1x1 tíma í lok skóladags og 5. bekkur 1x1 tíma þegar er hringekja. Sundtímar eru 40 mín. í 1. og 2. bekk, 50 mín í 3. og 4. bekk en 60 mín. í 5. - 7. bekk. Allir sundtímar í lok skóladags eru 40 mín.

Hringekja 2011-2012

Hringekja er skipulögð í flestum árgöngum. Þá er bekkjunum skipt upp í hópa, ýmist jafnmarga bekkjunum eða þá að bætt er við kennurum og hópum fjölgað. Þetta á einkum við í námsgreinum þar sem hentar betur að hafa minni hópa.

2. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
1x40 mín 4 hópar	Tölvufærni - tölvustofa Eðlisvísindi – náttúrufræðihof Einingakubbar – stofa 206 Bókasafn - bókasafni	Bryndís Sv. Ágústa Gunnhildur Þ. Gréta Björg

4. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
1x40 mín 4 hópar	Tölvufærni - tölvustofa Eðlisvísindi – náttúrufræðihof Ritun – stofa 106 Gagnvirkur lestur - 105	Ingibjörg Ragnheiður Bryndís St. Hrafnhildur

5. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
1x60 mín nýsköpun 1x40 mín í sundi 6 hópar	Nýsköpun – smíðastofa Sund – sundlaug Aðrir nemendur fara heim	Sædís Hreinn

7. bekkur

Tímafjöldi á viku	Skipulag	Kennarar
1x40 mín 3 hópar	Tónmennt - tónmenntastofa Tölvufærni - tölvustofa Ritun – stofa 101	Unnur Guðrún Helga Anna Magnea

Skóladagatal

Starfsemi skólans var í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2011-2012. Það var unnið í samráði við skólaráð skólans og skólaskrifstofu. Sjá nánar á: <http://www.hofsstadaskoli.is>.

Samkvæmt skóladagatali voru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 175 og skertir dagar alls fimm. Skertir dagar eru þeir dagar sem nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir foreldrasamtalsdagar, jólaskemmtun og skólaslita-dagur.

Skólasetning var 22. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 23. ágúst. Kennsla féll niður í jólaeyfi nemenda sem var frá 21. desember til og með 4. janúar. Vetrarleyfi var 13. til og með 17. febrúar og páskaeyfi frá 2. apríl til og með 9 apríl. Einnig féll kennsla niður vegna fjögurra skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 16. september, 24. október, 20. apríl og 7. júní. Skólaslit voru 8. júní.

Skóladagur nemenda

Skólastarf hófst kl. 8:30 hjá öllum árgöngum. Hjá 1.-4. bekk lauk skóla alla daga um kl. 14:00. Hjá 5.-7. bekk lauk skóla á bilinu frá kl. 14:00 til 14:40.

Nemendur geta mætt í skólann fyrir kl. 8:00 á morgnana og eru kennslustofur opnar. Í 1.-3. bekk var morgunstund frá kl. 8:15-8:30 og litu stuðningsfulltrúar og skólaliðar eftir nemendum á þeim tíma. Eftir að skóla lauk á daginn bauðst nemendum í 1.-4. bekk lengd viðvera í tómstundaheimilinu, Regnboganum.

Nemendur fengu fimmtán mínútna nestistíma einu sinni á dag og 20 mínútna hádegishlé. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofu en í hádegishléi er borðað í matsal.

Tvisvar sinnum á dag fóru nemendur út í frímínútur. Hjá 1.-4. bekk voru frímínútur kl. 9:50-10:10 og kl. 12:20-12:40. Hjá 5.-7. bekk voru frímínútur kl. 10:30-10:50 og kl. 12:50-13:10. Í frímínútum voru kennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar á skipulagðri gæslu.



Hollur matur í hádeginu

Samstarf heimila og skóla

Samstarf heimila og skólans hefur aukist mjög á undanförunum árum. Margir kennarar eru nánast í daglegu sambandi við foreldra gegnum tölvupóst. *Mentor* er í stöðugri þróun og verður sífellt aðgengilegri í notkun. Þar geta foreldrar fylgst náið með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Heimasíða skólans er sívirk og þess gætt að hún birti stöðugt gagnlegar upplýsingar og nýjar fréttir úr skólastarfinu. Yfirumsjón með heimasíðunni hefur Elísabet Benónýsdóttir kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og sér hún einnig um að fræða kennara um nýjungar í samskiptum og tölvumálum. Haustfundir með foreldrum voru haldnir í september. Foreldrar koma ásamt barni sínu í samtali við umsjónarkennara tvisvar yfir veturinn, einu sinni á hverri önn og sumir oft. Einnig hafa foreldrar samband við kennara í viðtalstímum og með tölvupósti.

Nemendafélag

Nemendafélag Hofsstaðaskóla var stofnað haustið 2010. Stjórn félagsins var valin samkv. lögum félagsins. Sjá heimasíðu skólans <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/3800>.

Haldnir voru tveir fundir á skólaárinu þ.e. 13. október og 30. mars. Aðal- og varamenn voru boðaðir á báða fundina. Fyrir fundina voru haldnir bekkjarfundir þannig að stjórnarmenn komu með tillögur frá bekkjarfélögum sínum.



Fulltrúar í nemendafélaginu

Á fundinum í október komu nemendur með tillögur að stöðvum á Fjölgreindaleika skólans og einnig ræddu nemendur hagsmunamál sín. Ýmis mál voru nefnd og er búið að bæta úr a.m.k. sex málum sem nemendur komu með tillögur um. Ein tillagan var að senda bæjarstjóra bréf vegna körfuboltavallar. Tveir drengir í 7. bekk fengu það hlutverk að skrifa bréf til bæjarstjóra þar sem óskað væri eftir umbótum.

Einnig skrifuðu tvær stúlkur í 6. bekk bréf til bæjarstjóra með ósk um að breyta rofum á salernum og göngum skólans svo að ekki væri hægt að slökkva á þá sem eru á salernunum og einnig er markmiðið að draga úr rafmagnsnotkun í skólanum. Fulltrúar nemenda og Kristrún deildarstjóri fóru á fund bæjarstjóra sem tók vel í erindi nemenda. Búið er að breyta rofum á göngum og salernum og loforð liggur fyrir að körfuboltavöllurinn verði endurbættur í sumar.



Fulltrúar færa bæjarstjóra bréf

Stjórn Nemendafélags Hofstaðaskóla 2011-2012 er skipuð eftirfarandi fulltrúum

Bekkur	Aðalfulltrúi strákur	Varafultrúi strákur	Aðalfulltrúi stelpa	Varafultrúi stelpa
1. RJ	Ásgeir	Hreiðar Örn	Aðaldís Emma	Margrét A
1. RS	Baldur	Einar Helgi	Lára Guðný	Dominique Eva
1. ÞÞ	Hannes Björn	Kristófer H.	Selma	Karitas
2. ÁS	Hákon Ingi	Jón Hugi	Sonja Lind	María
2. BS	Birgir Bragi	Sigurbergur Áki	Snædís María	Hrafnís Freyja
2. GP	Benjamín	Arnar Darri	Ólöf María	Sonja
3. ABR	Hilmar Jökull	Tjörvi Stefán	Helena Guðrún	Birta Rós
3. ÁK	Bjarki	Ísar Logi	Guðrún Ágústa	Helga Margrét
3. GG	Dagur Ingi	Tómas	Lilja Rós	Soffía Petra
4. BSt	Patrik Birnir	Ingvi Freyr	María Rós	Rebekka Líf
4. HS	Eysteinn Arnar	Sigurður Arnar	Guðrún Margrét	Ágústa
4. IS	Arnór Logi	Arnar Daði	Helena Ýr	Hildur Anna
5. GP	Samúel Ingi	Anton Máni	Karen	Sandra María
5. LK	Ágúst Jóhann	Hjalti Dagur	Rebekka Rut	Laufey
5. ÓP	Guðjón Breki	Birgir	Kristín Hekla	Katrín Elva
6. BÓ	Kristmundur Orri	Kristófer Levi	Isabella Rós	Agnes
6. SJG	Hilmar Snær	Jóhann Karl	Sóley Björk	Hildur Katrín
6. ÖM	Einar Ólafur	Hrannar Örn	Theódóra Ýr	Eygló Birna
7. AMH	Ingólfur	Ægir Örn	Elína Dís	Svava Lilja
7. GHS	Alexander Fannar	Jón Arnar	Tinna Þuríður	Katrín Sóley

Nemendafélagið kaus fulltrúa í skólaráð Hofsstaðaskóla fyrir næsta skólaár á fundi félagsins 30. mars.

Einnig komu nemendur fram með ýmsar tillögur að umbótum í skólastarfinu. Sjá nánar fundargerðir á vef skólans <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/3788>.

Auk funda með allri stjórninni hélt Krístrún fund með fulltrúum úr 7. bekk vegna Undirbúnings fyrir árshátíð þeirra.

Krístrún Sigurðardóttir

Skólaráð

Skólaráð Hofsstaðaskóla var formlega stofnað 17. nóvember 2008. Skólaráðið starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008. Í skólaráði 2011-2012 sátu: Margrét Harðardóttir skólastjóri, Guðrún Birna Finnsdóttir og Sigrún Snædal Logadóttir fulltrúar foreldra, Anna Linda Bjarnadóttir, fulltrúi grenndarsamfélags, Ásta Kristjánsdóttir og Ölrún Marðardóttir fulltrúar kennara, Rósa Lára Guðlaugsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna. Guðrún Lóa Sverrisdóttir og Jón Gunnar Hannesson nemendur í 7. bekk voru fulltrúar nemenda. Nýir fulltrúar nemenda voru kjörnir úr hópi 6. bekkinga í mars þau Ólína Sverrisdóttir og Páll Viðar Hafsteinsson. Kolbrún María Einarsdóttir og Ólafur Jökull Ólafsson eru varamenn þeirra. Þeim Guðrúnu Lóu og Jóni Gunnari er hér þakkað frábært starf í þágu nemenda og skólans. Skólaráð hélt fimm fundi á skólaárinu. Lesa má fundargerðir á: (<http://www.hofsstadaskoli.is/pages/2518>).

Foreldrafélag Hofsstaðaskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir í samstarfi þá líður börnunum betur í skólanum og námsárangur þeirra eykst. Einn mikilvægasti liðurinn í starfsemi félagsins er að stuðla að öflugu bekkjarstarfi. Þeir koma að félagslífi í samstarfi við kennara, bekkjarkvöldum og ferðum ásamt því að aðstoða á ýmsan hátt við stærri viðburði s.s. jólaskemmtun, þorablót 6. bekkja og árshátíð 7. bekkja. Foreldrafélagið hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem síðan hafa það hlutverk að skipuleggja og halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara. Markmið bekkjarstarfsins er meðal annars að byggja upp góðan félagsanda innan bekkjarins og stuðla að því að nemendur, kennarar og foreldrar kynnist betur. Það leiðir til aukinnar vellíðunar nemenda í skólanum og minnkar líkur á einelti. Einnig geta foreldrar samræmt reglur um útivist o.fl.

Foreldrar eru vakandi yfir framboði og gæðum matarins sem börnunum stendur til boða í skólanum. Þeir stóðu fyrir bekkjarmyndatökum og í lok nóvember er árleg laufabrauðsgerð. Þeir hafa unnið ötullega að því að safna fjármunum til kaupa á gagnvirkum kennslutöflum. Þeir gefa líka útileikföng í tómstundaheimilið Regnbogann á vorin. Næsta skref er að virkja foreldra enn

frekar til góðra verka m.a. með því að fá þá til að vera með fræðslu fyrir nemendur. Það er ómetanlegt fyrir skólann að vera í góðu samstarfi við foreldra vegna þess að „það þarf heilt þorp til að ala upp börn“ og með samstilltu átaki foreldra og skóla vegnar börnunum betur. Nánar má fræðast um starfið í fréttabréfum félagsins sem send eru öllum foreldrum auk þess sem ýmsar upplýsingar eru birtar á vefsvæði félagsins á vef skólans, (<http://www.hofstadaskoli.is/pages/548>).

Í stjórn foreldrafélagsins sitja sex fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi í maí, ýmist til eins eða tveggja ára. Stjórnin fundar mánaðarlega, að jafnaði fyrsta mánudag í hverjum mánuði.

Eftirtaldir foreldrar skipuðu stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2011-2012

Guðrún Birna Finnsdóttir, formaður
Sigríður Guðlaugsdóttir, varaformaður
Þorgeir Axelsson, gjaldkeri
Berglind Grétarsdóttir
Oddgeir Reynisson
Davíð Waage
Carolina Castillo

Bekkjarfulltrúar skólaárið 2011-2012:

Fulltrúi	Bekkur	Fulltrúi	Bekkur
Anna Kristín Sigurpálsdóttir	1. RS	Anna Kristín Sigurpálsdóttir	4. BST
Guðrún Jónsdóttir	1. RS	Þuríður Jónsdóttir	4. BST
Elín Margrét Kristinsdóttir	1. RS	Halla Árnadóttir	4. IS
Ingibjörg Sigfúsdóttir	1. RJ	Berglind Bragadóttir	4. IS
Hafðís Hrönn Reynisdóttir	1. RJ	Freyja Björk Gunnarsdóttir	4. HS
Sólveig Andrea Jónsdóttir	1. ÞÞ	Linda Björk Ingadóttir	5. GP
Málfríður Stella Skúladóttir	1. ÞÞ	Ólöf Guðmundsdóttir	5. GP
Laufey Elísabet Löve	2. GP	Helga Þórdís Gunnarsdóttir	5. GP
Svava Björg Harðardóttir	2. GP	Íðunn Bragadóttir	5. LK
Stella Stefánsdóttir	2. ÁS	Áslaug Hreiðarsdóttir	5. LK
Elfa Björk Farestveit	2. ÁS	Auður Sigurðardóttir	5. ÓP
Lilja Karlsdóttir	2. BS	Vala Guðný Guðnadóttir	5. ÓP
Ída Björg Unnarsdóttir	2. BS	Helga Sigurðardóttir	6. ÖM
Björg Hildur Daðadóttir	3. ÁK	Þuríður Anna Guðnadóttir	6. ÖM
Guðrún Einarsdóttir	3. ÁK	Anna María Kristmunds.	6. BÓ
Hafðís Böðvarsdóttir	3. ÁK	Harpa Rós Gísladóttir	6. BÓ
Emma Björg Magnúsdóttir	3. GG	Gabríela Kristjánsdóttir	6. SJG
Rannveig Hrönn Brink	3. GG	Hildur Gunnlaugsdóttir	6. SJG
Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir	3. GG	Kristín Einarsdóttir	7. AMH
Guðríður Jóhannesdóttir	3. ABR	Linda Gunnarsdóttir	7. AMH
Guðbjörg María Jónsdóttir	3. ABR	Ingibjörg Tómasdóttir	7. GHS
		Sigrún H Kristjánsdóttir	7. GHS

3. ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

Símenntun starfsmanna

Ný símenntunaráætlun fyrir skólann var unnin á vorönn fyrir skólaárið 2011-2012 og kynnt fyrir starfsmönnum í apríl. Áætlunin var enn fremur kynnt skólanefnd, skólaráði og skóladeild Garðabæjar.

Skólinn fékk styrk að upphæð kr. 245.000,- úr *Endurmenntunarsjóði grunnskóla* til að halda nokkur námskeið á s.l. skólaári.

Skólinn ráðstafaði þeirri upphæð m.a. til að senda kennara á eftirfarandi námskeið:

- Árangur og gæði í skólastofunni
- Orð af orði
- Stærðfræði undir berum himni
- Heildstæð skriftarkennsla

Kennarar sátu auk þess ýmsa fræðslufundi á vegum Garðabæjar:

- Námsstefna í nýsköpun og frumkvöðlamente
- Heimspökileg samræða
- Kynning á aðalnámskrá grunnskóla
- Leið til læsis
- Ýmsar smíðjur um listsköpun

Kennarar sátu auk þess margs konar námskeið að eigin vali:

- Uppbyggingarstefna
- ADHD
- Skólaráðstefna epli.is
- Stefnumótunarping og samráð varðandi netöryggi og tölvur í Garðabæ o.m.fl.

Kennarar sinna auk þess persónulegri símenntun og skila yfirliti yfir alla sí- og endurmenntun á þar til gerðu eyðublaði sem skólinn varðveitir.

Sótt var um styrk í Sprotasjóða vegna verkefnanna *Orð af orði* og *Að vefa nýjan vef – Aðalnámskrá/skólanámskrá*. Ekki fengust styrkir til þessara verkefna, en engu að síður verður vinnu með *Orð af orði* haldið áfram og hafin verður innleiðing á nýrri aðalnámskrá og endurskoðun skólanámskrár verður haldið áfram skólaárið 2012-2013.

Samstarf við *Klifrið* var ekki eins mikið og gert var ráð fyrir en stendur vonandi til bóta næsta skólaár. Kennarar þurfa eftir sem áður að sitja námskeið að eigin vali eða sinna símenntun á annan hátt til að uppfylla ákvæði í kjarasamningi.



Margrét Harðardóttir skólastjóri

Starfsmenn æfa fínhyfingur með jólafondri

Heimaskólaverkefni - vettvangsnám

Haustið 2007 gerði Hofsstæðaskóli samning við Menntavísindasvið HÍ um vettvangsnám kennaranema. Heimaskólaverkefnið er kærkomið tækifæri til aukins starfsþroska kennara vegna þess að þeir þurfa að skoða eigið starf og færa rök fyrir ákvörðunum á vali t.d. kennsluaðferða og námsefnis. Þeir verða að stíga út fyrir starfið og skoða sjálfan sig og starfsaðferðir með augum annarra. Það er einnig bæði gagnlegt og gefandi að taka á móti nýliðum og miðla til þeirra af reynslu sinni. Tengingin við Menntavísindasvið gefur ennfremur tilefni til margs konar samvinnu s.s. um rannsóknir á skólastarfi og þróunarstarfi auk tækifæra til þess að fylgjast með nýjungum í kennslufræðum. Þannig getur heimaskólaverkefnið verið í senn tækifæri og vettvangur skólaþróunar.

Hópur reyndra og áhugasamra kennara hefur tekið á móti nemum í umsjá aðstoðarskólastjóra sem er tengiliður við HÍ. Samningurinn er útrunninn og ekki búið að endurnýja hann. Fyrirkomulag vettvangsnáms hefur verið í endurskoðun og strandar helst á því hvernig staðið er að greiðslum til viðtökukennara. Kennarasamband Íslands hefur gert athugasemdir við að gerður sé samningur við skóla en ekki kennara. Í Hofsstæðaskóla hafa kennarar verið sáttnir við sín kjör hingað til. Í byrjun vorannar samþykkti kennarafundur þó að taka ekki á móti nemum þar til búið sé að ganga frá samningum á milli HÍ og KÍ. Engir nemar úr HÍ voru því í vettvangsnámi á vorönn.

Aðstoðarskólastjóri tók á móti hópi 1. árs nema í kynningarheimsókn í nóvember þar sem markmiðið var að þeir kynntust sem flestum hliðum skólastarfsins. Enskunemar komu einnig í áheyrn í umsjá Bjargar Jónsdóttur. Tveir nemar í íþróttufræðum í HR voru í vettvangsnámi á vorönn hjá Hreini Októ Karlssyni og Ragnheiði Þórdísi Ragnarsdóttur.

Hafðís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri

Fagfundir grunnskólanna

Á skólaárinu voru haldnir tveir fagfundir grunnskólanna í Garðabæ. Þeir voru haldnir að frumkvæði skólastjórnenda og skipulagðir af þeim. Fyrri fundurinn var haldinn í öllum skólunum og misjafnt hvar ákveðnir kennara- eða starfsmannahópar hittust. Þannig gafst starfsmönnum tækifæri til þess að sækja heim fleiri en einn skóla. Dagskrá fundarins var í höndum hvers starfshóps og mismunandi hvort þeir hittust einu sinni eða tvisvar því margir tilheyra fleiri en einum hópi. Seinni fundurinn var haldinn í Garðaskóla og á honum var kynnt ný Aðalnámskrá grunnskóla. Þau Ólafur Jóhannsson og Svandís Ingimundardóttir frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sáu um kynninguna og skólaskrifstofa skipulagði fundinn.

Almenn ánægja var með fundina og hafa sumir hóparnir hist oftast t.d. íþróttakennarar. Teknar voru saman athugasemdir eftir fundina til þess að hægt sé að gera þá skilvirkari og kom fram að nauðsynlegt er að skipa fundarstjóra og fundarritara. Sumir hópar vilja hittast oftast og aðrir sjaldnar. Ljóst er að fagfundirnir eiga framtíð fyrir sér og auka samstarf starfsmanna skólanna og auðga skólasamfélagið. Það þarf ekki að leita langt yfir skammt til að þróa sig í starfi. Stundum eru tækifærin við bæjardyrnar og bara það að heimsækja nágrennaskólana er hugmyndavaki.

Hafðís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri



Kennarar bera saman bækur sínar

Þróunarverkefni

Hofsstaðaskóli fer fyrir þróunarverkefni sem styrkt er af Sprotasjóði. Verkefnið felur í sér undirbúning að sameiginlegu útikennslusvæði leik- og grunnskóla í Garðabæ. Samstarfsaðilar skólanna eru skátafélagið Vífill, Hjálparsveit skáta og bæjaryfirvöld í Garðabæ. Starfshópur samansettur af leik- og grunnskólakennurum vinnur að gerð verkefnabanka fyrir útikennslusvæðið og einnig er unnið að undirbúningi hönnunar svæðisins. Haldinn var opinn fundur þar sem kennarar ásamt fulltrúum annarra samstarfsaðila báru saman bækur sínar og skiptust á hugmyndum. Verkefnum í verkefnabanka var safnað í pósthólf verkefnisins og hafa nokkrir kennarar sent inn verkefni.

Vonast er til þess að hönnun svæðisins geti hafist í sumar og jafnvel verði hægt að nýta það í kennslu næsta haust. Svæðið sem um ræðir er við Hörgatún og er fyrrum athafnasvæði garðyrkjudeildar Garðabæjar. Unnið hefur verið að nýju deiliskipulagi fyrir hverfið og því möguleiki á að endurskilgreina notkun þess undir útikennslusvæði. Skátaheimilið er við hlið svæðisins og því eru möguleikar á samstarfi margvíslegir. Sérþekking skátanna mun nýtast við undirbúning og framkvæmd og þeir munu síðan geta nýtt sér svæðið í sína þágu. Markmiðið er að fá heimild til þess að ráða sérstakan starfsmann að útikennslumiðstöðinni sem sæi um að taka á móti hópum og bjóða upp á ákveðna dagskrá. Auk þess geti kennarar pantað sér tíma og komið með eigin verkefni á staðinn.

Hafðís Bára Kristmundsdóttir verkefnastjóri

Mat á skólastarfi - sjálfsmat

Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla fyrir árið 2011 var lögð fram til kynningar í janúar 2012. Þar sem enn var verið að vinna að innleiðingu á stefnumiðuðu árangursmati var aftur unnið skv. áætlun sem ekki var fyrirfram mótuð. Meðfylgjandi er slóð á skýrsluna, auk þeirra kannana sem lagðar voru fyrir á vorönn 2012. <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/4340>.

Hofsstaðaskóli starfar samkvæmt skólastefnu Garðabæjar en gildistími hennar er til ársins 2013. <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/3608>.

Stefnukort skólans ásamt skorkorti má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/697>.

Hofsstaðaskóli tók skólaárið 2011-2012 þátt í verkefni um ytra mat á grunnskólastarfi. Matið er hluti af tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Rannveigu Lund en það fór fram á vettvangi 1.-15. mars, en áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur.

Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en sá fjórði ákveðinn af skóladeild Garðabæjar og Hofsstaðaskóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og sérfræðipjónusta. Meðfylgjandi er slóð á skýrsluna. <http://www.hofstadaskoli.is/pages/4476>.

Skólaheimsóknin sjálf stóð yfir í fjóra daga. Heimsóttar voru 20 kennslustundir hjá jafn mörgum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum svo sem stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, nýsköpun, smíði, íþróttum, tónlist og sérkennslu. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skóla, stjórnendum nemendum í tveimur hópum þ.e. annars vegar nemendum í 1.-4. bekk og hins vegar 5.-7. bekk, foreldrum fulltrúa í skólaráði og sérfræðiteymi skólans. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann. Sérstakur rýnihópur var myndaður um sérfræðipjónustuna. Einnig var haft einstaklingsviðtal við deildarstjóra sérkennslu.

Niðurstöður matsins voru mjög jákvæðar fyrir skólann, í samantekt skýrslunnar má finna eftirfarandi:

Styrkleikar: Skipulag og umgjörð skólastarfs er mjög gott. Skólabragur einkennist af jákvæðni, virðingu og trausti milli allra aðila. Sterk hefð er fyrir listgreinum og nýsköpun er til fyrirmyndar. Sérfræðipjónusta er með ágætum.

Veikleikar: Gera þarf ferla um mat og endurgjöf á fagmennsku kennara.

Ögranir: Í svo sterku skólasamfélagi er ögrandi að viðhalda þeim árangri sem þegar hefur náðst og halda áfram sterku starfi í nýsköpunar og þróunarverkefnum.

Tækifærin felast m.a. í því að auka beina aðkomu foreldra og nemenda að ákvörðunum og efla möguleika nemenda til að nýta sér upplýsingatækni m.a. með auknu aðgengi.

Starfsfólk skólans er mjög ánægt með niðurstöður matsins og telja þær vera hvatningu til að viðhalda því góða starfi sem unnið er í skólanum. Unnin verður umbótaáætlun í samræmi við fyrirmæli frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Starfsfólki skólans eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf og mikla fagmennsku.

Margrét Harðardóttir skólastjóri

Umhverfisstarf í Hofstaðaskóla

Hofstaðaskóli hefur verið *Skóli á grænni grein* frá haustinu 2007 og flaggar Grænfánanum. Í vetur var unnið samkvæmt umhverfisstefnu skólans og eftirfarandi umhverfisreglur hafðar að leiðarljósi.

Við flokkum úrgang og skilum til endurvinnslu:

- " Blönduðum úrgangi
- " Bylgjupappa
- " Drykkjarfernum
- " Flöskum
- " Rafhlöðum
- " Pappír

Við endurnýtum í skólanum:

- " Afsag í smíðastofu
- " Pappír
- " Ýmsar umbúðir
- " Við göngum vel um Hofstaðaskóla og umhverfi hans
- " Við fáum fræðslu í umhverfismennt
- " Við slökkvum ljós í mannláusum herbergjum
- " Við nýtum pappírinn vel
- " Við notum sem minnst af einnota umbúðum
- " Við hvetjum til vatnsdrykkju
- " Við tileinkum okkur útikennslu
- " Við göngum / hjólum í skólann eins oft og hægt er



Sérstök áhersla lögð á fjögur verkefni:

- Arnarneslæk
- Fræðsla um loftslagsmál
- Fræðsla um tré - Rainbow treð
- Efla útikennslu í stærðfræði



Umhverfisnefnd var við skólann eins og undanfarin ár. Nemendum í henni fjölgaði töluvert en í vetur en það voru aðal- og varamenn úr öllum bekkjum nema einum 7. bekk.

Verkefnastjórar:

Kristrún Sigurðardóttir deildarstjóri

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri

Fulltrúar kennara:

Áslaug Þorgeirsdóttir heimilisfræðikennari

Ingibjörg Sigfúsdóttir umsjónarkennari

Fulltrúar annarra starfsmanna:

Gunnar Pálmason húsvörður

Agnes Kragh stuðningsfulltrúi

Fulltrúar foreldra:

Freyr Þórðarson

Sonja M. Halldórsdóttir

Fulltrúar nemenda:

Bekkur	Aðalfulltrúi	Varafultrúi	Bekkur	Aðalfulltrúi	Varafultrúi
1. RJ	Gunnlaugur Árni	Heiðveig Björg	4. IS	Goða	Týr Fáfírnir
1. RS	Dagur Orri	Karó Elísa	4. HS	Eysteinn Arnar	Kristín Birta
1. ÞÞ	Þorvaldur	Karitas	5. ÓP	Sólbjört	Eva
2. ÁS	Bergdís Lilja	Númi Jökull	5. GP	Arnór Ingi	Karen
2. BS	Sverrir Konráð	Hrafndís Freyja	5. LK	Rebekka Rut	Fjóla
2. GP	Þórunn Hanna	Hekla Sóley	6. BÓ	Ólína Helga	Valdís
3. ABR	Matthías Dagur	Embla Liv	6. SJF	Guðmundur Róbert	Kári
3. ÁK	Örvar Logi	Sindri Dagur	6. ÖM	Auður	Viktoría Dís
3. GG	Guðrún Helga	Benedikt Marínó	7. AMH	Ingólfur	Kristófer Ingi
4. BST	Thelma Dögg	Agnar Bergur	7. GHS	Enginn	Enginn



Umhverfisnefndin hélt tvo fundi. Á fyrsta fundi í september voru allir í nefndinni boðaðir og lagðar voru línurnar í umhverfisstafi vetrarins. Annar fundur var haldinn í lok janúar þar sem m.a. var rætt um mikilvægi umhverfismála og umhverfisgæslu. Nemendur í nefndinni voru áhugasamir í umhverfisstarfinu og tóku m.a. að sér ásamt umsjónarkennurum sínum að kynna stefnu og markmið starfsins auk þess að sinna umhverfisgæslu í sínum bekkjum.

Fjölbreytt starf

Unnið var að fjölbreyttum umhverfistengdum verkefnum í öllum árgöngum. 1. bekkur kannaði umhverfi skólans, 2. bekkur vann með fjallapema sem endaði á Úlfarsfelli, 3. bekkur lærði um húsdýrin, 4. bekkur fræddist um umhverfismál og endurvinnslu, 5. bekkingar skoðuðu plöntur og fuglalíf við Vífilsstaðavatn, 6. bekkingar fræddust um loftslagsmál og tóku þátt í *Norræna loftslagsdeginum* og 7. bekkingar unnu með söguramman *Fuglabjargið*. Auk þessa voru unnin fjölda verkefna og nemendur fóru í margar ferðir þar sem umhverfisfræðsla kom við sögu. Margir árgangar sinntu umferðarfræðslu á haustdögum þar sem m.a. var stuðst við söguramma, farið í ratleiki um skólalóðina og unnar veggmyndir.



Allir árgangar skólans voru þátttakendur í Comeníusarverkefni sem kallast *Regnbogatré* (Rainbow tree). Í tengslum við það var reynitré gróðursett á skólalóðinni með viðhöfn. Nemendur fræddust um tré hjá sínum umsjónarkennurum og unnu margskonar verkefni í tengslum við þau allan veturinn. Á fjölgreindaleikunum var búið til listaverk úr afsagi sem hefur fallið til í smíðastofunni, svokallað Viskutré. Á vordögum gróðursettu nemendur í 4. bekk birkiplöntur í *Bæjargarðinn* sem fengnar voru úr *Yrkjusjóði*. Gróðursetningin var í samstarfi við garðyrkjudeild bæjarins og Skógræktarfélagið.

Nemendur í 1. – 4. bekk tóku þátt í plöntuþema undir lok skólaárs. Margskonar vinna fór fram t.d. var farið í plöntuskoðunarferð í Hellisgerði og Heiðmörk, sett upp rannsóknarstofa á skólalóðinni og plöntur greindar.

Í hverri viku sá einn bekkur um að hreinsa skólalóðina eins og undanfarin ár, þ.a. hver bekkur fór einu sinni eða tvisvar sinnum út yfir skólaárið.

Á síðasta skólaári tók skólinn Arnslæk í fóstur ásamt FG. Í tengslum við það og dag umhverfisins tóku allir bekkir skólans þátt í hreinsun á Arnarneslæk frá upptökum til ósa og fengu að launum hvatningarstyrk frá bænum. Styrkurinn var notaður til að kaupa bolta, sippubönd og fleira fyrir bekkina.

Listadagar í Garðabæ voru á sama tíma og *Dagur umhverfisins* þar sem þemað var hljómlist. Það var því ákveðið að tengja listir og umhverfismennt saman. Nemendur í 1.–3. bekk nutu tónverks Sinfóníuhljómsveitarinnar *Úti í náttúrunni*. Stórkostlegir tónleikar voru haldnir á sal Hofsstaðaskóla en skólinn fékk styrk til að ráða Hildi Guðnýju Þórhallsdóttur og Þórdísi Heiði Kristjánsdóttur tónmenntakennara til að stjórna hljómsveitarverkefni með hópi nemenda í 6. bekk. Verkið hét *Með allt á hreinu* en þemað var umhverfismál enda




umhverfisvika í Hofsstaðaskóla. Tónleikarnir enduðu á flutningi *Ósonlagsins* sem samið var af nemendum í hljómsveitarhópnum. Nemendum sem ekki tóku þátt í hljómsveitarverkefninu var skipt í þrjá hópa og unnu þeir verkefni í tengslum við umhverfismál undir stjórn umsjónarkennara. Einn hópur hannaði föt og bjó til úr endurunnu efni, annar hópur fór í vettvangsskoðun í nágrenni Hofsstaðaskóla og vann myndasýningar í tengslum við hana. Þriðji hópurinn bjó til áróðursmyndbönd er tengjast umhverfinu. Verkefnin voru sýnd á sal þar sem fatahópurinn var með tískusýningu.


Verkefni sem unnið var í tengslum við umhverfisviku á síðasta skólaári var sent í keppnina *Varðliðar umhverfisins* og var skólanum þakkað fyrir þátttökuna.

Eins og undanfarin ár tóku nemendur í 6. bekk þátt í lampasamkeppni þar sem gamall og verðlaus efniviður var vel nýttur.

Sú nýbreytni var í vetur að heimilisfræðikennarinn endurnýtti umbúðir sem féllu til í kennslueldhúsinu. Nemendur fóru t.d. heim með bakkelsi í endurnýttum hveitipokum.

Á haustdögum tók skólinn þátt í verkefninu *Göngum í skólann*. Þátttaka nemenda var mjög góð en 96% nemenda komu annað hvort gangandi eða hjólandi í skólann á meðan á verkefninu stóð. Allir bekkir fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna og bekkirnir sem stóðu sig best fengu nafn sitt ritað á verðlaunagripinn *Gullskóinn*. Í maí tóku 27 starfsmenn þátt í verkefninu *Hjólað í vinnuna*. Þátttaka var mjög góð en alls voru farnir 1461,5 km.





Fræðsla starfsmanna

Í október var námskeið fyrir umsjónarkennara um útikennslu í stærðfræði. Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt. Farið var í hvernig hægt er að nýta skólalóðina til útikennslu og nánasta umhverfi skólans. Handbækur um útikennslu í stærðfræði voru keyptar og komu þær að góðu gagni við skipulagningu á útikennslu. Í maí fengu starfsmenn kynningu á nýju sorpflokkunarkerfi sem tekið verður í notkun næsta haust. Það verður krefjandi verkefni fyrir alla í skólanum að fylgja því eftir en jafnframt mikilvægur þáttur í umhverfisstarfi Hofsstáðaskóla.

Mat á starfi vetrarins

Þegar á heildina er litið hefur vinna í umhverfismálum vetrarins tekist ágætlega. Mörg ný verkefni litu dagsins ljós sem nemendum þótti gaman að vinna. Til að auka lýðræði og þátttöku nemenda var þeim fjölgað umtalsvert í umhverfisnefnd skólans sem mun vonandi skila aukinni skilvirkni og tengingu við alla bekk. Umhverfisstarfið er samstarf allra í skólasamfélaginu og einn lykilþátturinn í að ná góðum árangri.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir



6. bekkingar í vettvangsferð

Vettvangsferðir

Samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og útfærslu þeirra í skólanámskrá Hofsstáðaskóla er lögð áhersla á að hafa skólastarfið eins fjölbreytt og hægt er og að allir eigi kost á námi við hæfi. Starfið er reglulega brotið upp og tækifæri nýtt til ferða og útivistar þegar veður og aðstæður leyfa. Útivistardagar og vettvangsferðir eru mikilvægur þáttur í skólastarfinu og liggur mikill undirbúningur að baki þeim. Huga þarf vel að tengingu við markmið námskrár og tryggja að öllum nemendum líði vel og þeir fái að njóta sín.

Í upphafi skólaársins var gerð áætlun um vettvangsferðir allra árganga og gerð fjárhagsáætlun vegna þeirra. Áfram bauðst grunnskólum að kaupa strætókort fyrir heila bekki eins og byrjað var á 2009. Voru strætisvagnar mikið nýttir í vettvangsferðir og jók verulega möguleika á þeim um leið og nemendur og starfsmenn urðu leiknari í notkun þeirra. Reglur þær er AV setur um ferðir nemenda geta valdið erfiðleikum t.d. þegar vagninn er orðinn fullur af nemendahópum úr Hafnarfirði þegar komið er í Garðabæ. Í eftirfarandi töflum er yfirlit yfir þær vettvangsferðir sem farnar voru á skólaárinu.

Mánuður	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Ágúst	Fjöruferð			
September	Hönnunarsafn Íslands	Hönnunarsafn Íslands. Fjallganga á Úlfarsfell		Hönnunarsafn
Október				Ferð á bókasafn.
Desember	Heimsókn á leikskólana Hæðarból og Lundaból.		Kaffihúsaferð í Garðabæ.	Kaffihúsaferð Leikhúsaferð
Mars	Tónlistarsafn Íslands	2. BS heimsótti páskaungana í Flataskóla. 2. GP heimsótti pósthúsið í Garðabæ.		
Apríl	Opnunarhátíð listadaga á Garðatorgi.	Opnunarhátíð listadaga á Garðatorgi.	Tónleikar í Hörpu. Opnunarhátíð listadaga á Garðatorgi.	Opnunarhátíð listadaga á Garðatorgi. Árbæjarsafn

Maí	Hellisgerði	Tónleikar í Hörpu. 2. BS ylströndin í Garðabæ. 2. ÁS ísferð.	Heimsókn á sveitbæinn Bjarneyjarsand. Ylströndin í Garðabæ.	Ísferð
Júní	Vorferð í Furulund í Heiðmörk.	Vorferð í Furulund í Heiðmörk.		Gróðursetning við hraunið í Garðabæ. Vorferð á Akranes.

Mánuður	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
September	Gönguferð í september í nágrenni skólans.	Gönguferð upp á Holt	Gljúfrasteinn
Október		Hjólaferð á Náttúrugripasafn Kópavogs	
Nóvember	Þjóðminjasafnið Gönguferð að Hofsstöðum	Norræna húsið?	
Desember	Leikhúsferð.	Ferð í Vídalínskirkju Menningarferð í miðborgina (Harpan)	Iðnó - Jólasýning
Febrúar		Vinnumorgun í Húsdýragarðinn	Reykir
Mars		Þjóðmenningarhúsið	365 miðlar
Apríl		Alþingishúsið/Kjarvalsstaðir	
Maí	Hjóla og fuglaskoðun. Menningar- og tónleikaferð í Hörpu.	Hjólaferð (Elliðaárdalur)	Listasafn Reykjavíkur/Erró
Júní	Þingvellir.	Reykholt	Hvalfjörður og Bjarneyjarsandur.

Fjölgreindaleikar

Dagana 1.–2. nóvember fóru fram *Fjölgreindaleikar* í Hofsstaðaskóla. Leikarnir fóru fram bæði í skólanum og í íþróttahúsinu *Mýrinni*. Annan daginn unnu nemendur í íþróttahúsinu en hinn daginn í skólanum. Starfsfólk mætti í furðufötum og lífgaði það mikið upp á leikana.

Nemendum var skipt upp í 34 lið sem í voru 11-12 nemendur úr öllum árgöngum. Nemendur úr 6. og 7. bekk voru fyrirliðar. Settar voru upp 34 stöðvar en liðin fóru á milli þeirra og unnu saman að því að leysa margskonar þrautir sem reyndu á ýmsa hæfileika. Sem dæmi má nefna landafræði, leikræn tjáning, rapp, blöðruþema, kippukeppni, hindrunarhlaup, handbolti, dans, hver er starfsmaðurinn, skapa Viskutré úr kubbaafgöngum svo eitthvað sé nefnt. Á hverri stöð fengu liðin stig fyrir frammistöðu og framkomu liðsmanna.



Kollhnísakeppni

Föstudaginn 11. nóvember var uppskeruhátíð fjölgreindaleikanna. Fyrirliðar sóttu sína nemendur í skólastofur og sátu liðin saman á sal þar sem sýndar voru myndir frá leikunum. Síðan voru veittar viðurkenningar þeim liðum sem lentu í þremur efstu sætunum. Einnig fengu þeir fyrirliðar sem þóttu skara fram úr sérstaka viðurkenningu. Fjölgreindaleikar Hofsstaðaskóla tókust afar vel.



Nemendur vinna við að skapa Viskutré

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

Færnimiðað nám í stærðfræði og ensku

Stærðfræði í 5.-7. bekk var kennd í fimm færnimiðuðum hópum í 5. og 6. bekk en í fjórum hópum í 7. bekk. Í 5. bekk voru hóparnir í fyrsta skipti látnir heita eftir kennara hópsins þ.e. Ólahópur, Guðrúnarhópur, Liljuhópur, Brynjuhópur og Sigurveigarhópur. Í 6. bekk voru hóparnir kallaðir blár, hvítur, rauður, gulur og grænn en í 7. bekk var enginn hvítur hópur. Fæstir nemendur eru í getuminnstu hópunum og flestir í getumestu. Með færnimiðaðri kennslu er leitast við að koma betur til móts við þarfir og færni hvers og eins nemanda.

Enska í 6. og 7. bekk var kennd í færnimiðuðum hópum. Fjórum í 6. bekk og þremur í 7. bekk.

Nemendur í öllum hópum eiga að tileinka sér sömu eða sambærileg markmið samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Hofsstaðaskóla (sjá námsvísa). Hluti nemenda ræður við fleiri og flóknari markmið og aðrir nemendur þurfa lengri tíma og laga þarf námið að þeim.

Kennarar meta reglulega hvort nemendur séu í hóp við hæfi eða eiga að flytjast milli hópa. Þá er tekið tillit til frammistöðu úr könnunum/prófum svo og skilningi og vinnusemi nemanda miðað við aðra í hópnum.

Námsefni

Misjafnt er eftir árgöngum hvort allir hópar nota sama námsefni eða hvort það er aðlagð að hópnum. Markmiðið er að hver og einn nemandi fái námsefni og kennslu við hæfi. Fimmtu bekkir unnu bækurnar Stika 1 a og b, nemendabók og vinnubók. Sjöttu bekkir unnu Geisla 2, grunnbók og vinnubók 2a og 2b. Grænn og gulur hópur fengu nýju útgáfuna af grunnbók Geisla 2A og 2B. Sjöundi bekkir notuðu Geisla 3 grunnbók og vinnubækur 3A og B sem grunn en misjafnt var eftir hópum hversu mikið var unnið í bókunum.

Námsmat

Stefna skólans er að kannanir og próf byggi á þeim markmiðum og kröfum sem gerðar eru til nemenda og getur vægi einstakra þátta verið misjafnt; sjá námsvísa. Í 5. bekk tóku allir bekkir sömu kannanir og próf og sama á við 6. bekk. Í 7. bekk tóku gulur, rauður og grænn hópur sama námsmatið en ekki að vori. Grænn hópur var með aðlagð námsmat.



Stærðfræðiþrautir

Námsárangur

Framfarir nemenda í stærðfræði á samræmdum prófum í 7. bekk gefa einnig til kynna að færnimiðað nám sé jákvætt og bæti árangur og líðan nemenda. Sjá skýrslu um samræmd próf hér á eftir.

Mat á færnimiðuðu námi

Í mars 2012 vann Almar M Halldórsson á Námsmatsstofnun skýrslu fyrir skólanefnd Garðabæjar sem heitir *Kynjamunur í grunnskólum Garðabæjar samkvæmt PISA 2009, samræmdum prófum og Skólapúlsinum*. Í skýrslunni kemur eftirfarandi fram:

„Nemendur úr Hofsstæðaskóla virðast betur undirbúnir fyrir stærðfræðinám á unglingastigi í Garðaskóla því þeir bæta töluvert fægni sína í stærðfræði á unglingastiginu auk þess sem árangur þeirra í lok 10. bekkjar í Garðaskóla er afburðagóður og mun betri en hjá nemendum úr hinum skólunum“. Þessi umsögn styrkir okkur enn frekar í því að halda áfram færnimiðuðu námi í stærðfræði.

Krístúrín Sigurðardóttir deildarstjóri 5.–7. bekk

Samræmd próf

Nemendur í 4. og 7. bekk tóku samræmd próf í september 2011. Í fjórða bekk eru 65 nemendur og fengu sjö nemendur stuðningsúrræði í íslensku og stærðfræði. Einn nemandi fékk undanþágu og einn tók ekki stærðfræðipróf vegna veikinda. Nemendur í 7. bekk eru 46. Níu nemendur fengu stuðningsúrræði, átta bæði í íslensku og stærðfræði og einn eingöngu í íslensku. Tveir nemendur tóku ekki prófin, annar var í leyfi og hinn veikur.

Niðurstöður

Samræmdar einkunnir 2011

	Hofsstæða- skóli	Nágr. Rvk.	Landið	Hofsstæða- skóli normaldreifð	Garðabær normaldreifð	Nágr. Rvk normaldreifð
4. b stærðfræði	7,2	6,6	6,5	33,7	33,4	30,2
4. b íslenska	6,9	6,3	6,3	33,3	31,8	30,1
7. b stærðfræði	7,2	6,8	6,7	33,6	33,4	31
7. b íslenska	7,3	6,5	6,4	32,8	32,8	30,8

Samræmdar einkunnir eru á kvarðanum 1-10


Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60, meðaltal 30 á landinu

4. bekkur


Í íslensku er normaldreifð einkunn skólans 33,3 sem er 3.3 yfir landsmeðaltali og í stærðfræði er hún 33,8 eða 3,8 yfir landsmeðaltali.

Samanburður á kynjum í 4. bekk

Í íslensku sýna stelpurnar aðeins betri heildarárangur en strákar. Meðaltal á normaldreifðum einkunnum hjá stelpunum er 33,72 en 32,79 hjá strákunum, sjá mynd 1.



Í stærðfræði sýna strákar mun betri árangur en stelpur í öllum þáttum. Meðaltal á normaldreifðum einkunnum strákanna er 35,48 en stelpnanna 32,23, sjá mynd 2.




7. bekkur


Í íslensku er normaldreifð einkunn skólans 32,8 eða 2,0 yfir landsmeðaltali og í stærðfræði er hún 33,6 eða 2,6 yfir landsmeðaltali.

Námsframvinda nemenda frá 4. bekk 2008 til 7. bekkjar 2011

Framfarir eru nokkrar í íslensku sérstaklega þegar borinn er saman árangur nemenda sem tóku samræmt próf í Hofsstaðaskóla í 4. bekk 2008 og aftur í 7. bekk 2011. Um er að ræða 35 nemendur af 46 sem tóku prófið í 7. bekk 2011. Munurinn er ekki eins mikill ef borinn er saman árangur allra nemenda sem tóku prófið í 4. bekk 2008 og allra sem tóku það í 7. bekk 2011, sjá mynd 3.




Samkvæmt niðurstöðum í stærðfræði þá eru góðar framfarir hjá nemendum í 7. bekk 2011 miðað við sömu nemendur þegar þeir voru í 4. bekk 2008. Um er að ræða 36 nemendur af 46 sem tóku prófið í 7. bekk 2011, sjá mynd 4.




Samanburður á árangri kynjanna í 7. bekk

Borinn var saman árangur drengja og stúlkna í íslensku í 7. bekk og þá kemur í ljós að nánast enginn munur er á árangri þeirra, sjá mynd 5.



Borinn var saman árangur drengja og stúlkna í stærðfræði í 7. bekk og þá kemur í ljós að drengir standa sig betur en stúlkur, sjá mynd 6.



Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir deildarstjórar

Lesskimunarpróf

Í vetur var lagt fyrir nýtt lesskimunarpróf í 1. bekk, *Leið til læsis*. Umsjónarkennarar lögðu prófið fyrir hálfan bekk í einu. Prófið kannar málþroska, stafabekkingu og hljóðkerfisvitund nemenda. Við úrvinnslu er nemendum skipt í 4 hópa, utan áhættu, óvissa, áhætta 1 og áhætta 2. Reiknuð er út staða hvers nemanda miðað við aldur og viðmið prófsins. Umsjónarkennarar, deildarstjóri


yngrir deilda, deildarstjóri sérkennslu og sérkennari árgangsins fóru saman yfir niðurstöðurnar og endurskoðuðu hverjir fengu frekari þjónustu sérkennslunnar. Tafla 1 sýnir hversu mörg % nemenda greinast með óvissu, áhættu 1 og áhættu 2 í málþroska, stafabekkingu og hljóðkerfisvitund. Nemendur sem falla undir áhættu 1 eru í mestri áhættu að eiga í erfiðleikum.

Tafla 1.

	Málþroskahluti	Stafabekking	Hljóðkerfisvitund
Óvissa	9%	7%	13%
Áhætta 1	11%	13%	13%
Áhætta 2	7%	6%	22%

Læsi - lesskímunarpróf var lagt fyrir nemendur í 2. bekk. Prófin voru tvö, það fyrra lagt fyrir í nóvember og það síðara í febrúar. Deildarstjóri yngra stigs lagði prófin fyrir með aðstoð umsjónarkennara sem fóru yfir prófin. Umsjónarkennarar, deildarstjóri yngri deilda og sérkennari árgangsins fóru saman yfir niðurstöðurnar. Mynd 1 sýnir meðaltal árgangsins á prófi 1 og 2.

Mynd 1.



Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri yngri deilda

4. ÝMSAR SKÝRSLUR

Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda

Deildarstjórar önnuðust undirbúning skólabyrjunar sem meðal annars felur í sér stundatöflugerð, skipulag list- og verkgreina, íþróttar, færnimiðaðs náms, hópaskiptingar í ýmsum greinum og röðun nemenda í bekk. *Skólanámskrá C* var yfirfarin, endurskoðuð og uppfærð. Gengið var frá ýmiskonar skipulagi s.s. skemmtunum á sal, skipulagi fyrir matsal, þrifum á skólalóð og innanhússkóladagatali. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með bókageymslu og kennslugögnum og fóru yfir kaup á námsbókum og námsgögnum. Haldnir voru fundir með foreldrum verðandi nýrra nemenda í 2.-7. bekk að hausti. Námsvísar og kennsluáætlanir voru yfirfarnar.

Deildarstjórar sitja í stjórnendateymi Hofsstaðaskóla og eru því virkir í daglegri stjórnun skólans. Þeir koma að skipulagningu og halda utan um marga þætti skólastarfsins. Sem dæmi má nefna; skipulag starfsdaga, samræmdra prófa, fjölgreindaleika, skipulag á jólaskemmtun, skipulag á *Degi íslenskrar tungu*, námskeiða, fræðslufunda og að hluta til að skipulagi á íþróttadegi.

Þeir sitja í starfshópnum *Gegn einelti í Garðabæ* og stýra þeirri vinnu í skólanum ásamt námsráðgjafa. Deildarstjóri eldri deilda sá um framkvæmd og úrvinnslu á *Skólapúlslinum*, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum. Þeirra er aflað tvisvar á ári í 6. og 7. bekk um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda.

Deildarstjóri yngri deilda sér um öll samskipti við leikskóla og situr fundi vegna *Brúum bilið* samstarfsáætlunar leik- og grunnskóla. Hann skipuleggur skólaheimsóknir og vorskóla fyrir verðandi 1. bekklinga. Hann sér um skipulag í kringum prófið Leið til læsis í 1. bekk og leggur fyrir prófið Læsi í 2. bekk og úrvinnslu gagna. Heldur utan um Mentorverkefnið Vináttu. Deildarstjóri eldri deilda sér um samskipti við Garðaskóla, þorablót 6. bekklinga og árshátíð 7. bekklinga, *Stóru upplestrarkeppnina* og Reykjaferð. Einnig er hann prófdómari í framsögn í 7. bekk. Hann stjórnar fundum í nemendafélagi Hofsstaðaskóla þar sem nemendur í 1.-7. bekk eiga einn fulltrúa úr hverjum bekk og einn til vara. Auk þessa og margra fleiri verkefna skipuleggja deildarstjórar og stjórna stigsfundum, þeir sitja nemendaverndarráðsfundi, árgangafundi og fundi með skólastjórum tvisvar í viku. Þeir sitja skilafundi og fundi vegna einstakra nemenda ef þess er óskað.

Deildarstjórnarnir eru virkir í umhverfisstarfi skólans, sitja í umhverfisnefnd og annar þeirra er verkefnastjóri *Grænfánaverkefnisins*.

Deildarstjórar halda utan um námsmat í skólanum í samvinnu við kennara og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni. Þeir sjá um að vinna úr niðurstöðum samræmdra prófa og deildarstjóri eldri deilda gerir m.a. skýrslu um framfaræinkunn nemenda frá 4. til 7. bekkjar.

Deildarstjórar sækja fjölbreytt námskeið og fræðslufundi og kynna nýjungar í kennslu og námsefni fyrir kennurum.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Í 1. bekk voru 54 nemendur 28 stúlkur og 26 drengir. Umsjónakennarar voru Ragna Jóhannsdóttir, Ragnheiður Stephensen og Þóra Þórisdóttir. Sérkennari var Guðrún Dögg Jóhannsdóttir.

Markmið og áherslur árgangsins í námi og starfi

Helstu áherslur í starfi árgangsins voru: Skólafærni, lestur, stærðfræði og almenn siðfræði.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Notaðar voru litlar hringekjur, sögurammar í samfélags- og náttúrufræðigreinum, útikennsla og innlagnar- og einstaklingskennsla. Einnig unnu nemendur í paravinnu og hópavinnu.



Námsmat/námsaðlögun

Byrjað var á að nota nýja einingu í Mentor í námsmati, námsframvindu í lestri, stærðfræði og tölvum á haust- og vorönn.

Í byrjun vetrar voru nemendur í hópum eftir færni í markvissri málörvun. Í október var lagt fyrir nýtt lesskimunarpróf *Leið til læsis* og stuðst var við niðurstöður úr því við hópaskiptingu. Í lok nóvember hætti hópaskipt málörvun en eftir varð einn lítill hópur sem fór áfram til sérkennara.

Þróunarstarf og nýbreytni

Mikið þróunarstarf var unnið í árganginum þetta árið. Auk algjörlega nýrrar nálgunar í námsmati, sem var þróunarverkefni, var tekið í notkun nýtt efni í lestrarkennslu sem heitir *Lestrarlandið* og nýttust gagnvirkar kennslutöflur vel þar. Að auki var skipt um grunnnámsfni í stærðfræði og *Sproti* tekinn inn í stað *Einingar* og þar nýttust gagnvirkar kennslutöflur einnig mjög vel. Þróunarverkefnið *Orð af orði* var í gangi í árganginum eins og í öllum skólanum. Einnig tókum við upp nýtt námsefni í skrift á miðri vorönn sem er *Ítalíuskript* eftir Freyju Bergsveinsdóttur og Gunnlaug SE Briem sem haldið verður áfram með í 2. bekk. 1. bekkur var virkur þátttakandi í Comeníusarverkefninu Rainbow tree og voru unnin mörg skemmtileg verkefni í náttúrufræði í tengslum við það verkefni.

Vettvangsferðir

Farið var í fjölbreyttar ferðir á skólaárinu. Þar sem um 1. bekk er að ræða voru flestar ferðirnar í nágrenni skólans. Umferð í nágrenni skólans var könnuð, farið í fjöruferð, form, tré, blóm og plöntuð skoðuð og blóm rannsökuð. Einnig var farið á Hönnunarsafn Íslands og búin til hljóðfæri í tengslum við listadaga Garðabæjar. Að auki var farið á tónleika á Tónlistasafni Íslands sem hét Klassísk diskótónlist. Undir vorið var farið í plöntuferð í Hellisgerði með strætó og vorferð í Furulund í Heiðmörk með rútu. Þar að auki voru farnar fleiri ferðir á opin leiksvæði í nágrenni skólans, skólalóðin hreinsuð sem og lækurinn í samstarfi við annan árgang.



Skemmtanir og félagslíf

Haldin var hátíð þegar nemendur höfðu verið 100 daga í skólanum. Hver bekkur var með eitt bekkjarkvöld þar sem foreldrar fengu að sjá skemmtun sem nemendur sýndu á sal skólans fyrir 1.-4. bekk og einnig eitt bingókvöld. Tveir bekkir fengu spilavini í heimsókn og svo kom *Möguleikhúsið* í heimsókn með leiksýninguna Jólarósir Snúðru og Tuðru. Í desember var morgunkaffi með foreldrum.



Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með ágætum. Sendir vikupóstar og upplýsingarpóstar þess á milli ef þörf var á. Vegleg námsefniskynning að hausti ásamt fræðsluerindi um lestur. Skjót svör við fyrirspurnum foreldra. Vinahópar voru í öllum bekkjum og aðstoðuðu kennarar foreldra með því að raða í hópana.

Mat á starfi vetrarins

Starfið gekk almennt vel og var hugsað í lausnum. Námsárangur hópsins var mjög góður og nemendur almennt glaðir í skólanum. Ánægja var með námsmatið í námsframvindunni en hefði verið gott að fá inn enskuna til að ramma inn kennsluna og þau markmið sem lögð eru til grundvallar þar.

Ragna Jóhannsdóttir, Ragnheiður Stephensen og Þóra Þórisdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Í 2. bekk voru 61 nemendur. Umsjónarkennarar voru Ágústa Steinarsdóttir 2. ÁS, Bryndís Svavarsdóttir 2. BS og Gunnhildur Þórðardóttir 2.GP. Agnes Kragh, Fanný María Ágústsdóttir, Melissa Haire og Sigríður Kragh voru til stuðnings. Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Guðrún Pálsdóttir sáu um sérkennslu. Brynja Jónsdóttir og Guðrún Pálsdóttir sáu um nýbúakennslu. Gréta Pálsdóttir talmeinafræðingur sinnti nokkrum börnum sem þurftu á talkennslu að halda.

Helstu áherslur árgangsins

Áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti ásamt hlutbundinni vinnu sem tengdist hinum fjölmörgu sögurömmum sem unnir voru um veturinn. Áhersla á lestur og lestrarfærni einkenndi starf vetrarins. Sérstök áhersla var lögð á að efla sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni, samvinnu nemenda innan árgangsins og félagsfærni.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Fjölbreyttir kennsluhættir voru hafðir að leiðarljósi svo sem sögurammar í íslensku og samfélagsfræði. Blöndun árgangsins í íslensku, stærðfræði og skapandi vinnu. Leshópar voru frá áramótum þar sem nemendum í hverjum bekk var skipt upp í hópa eftir getu og færni í lestri. Valtímar voru einu sinni í viku þar sem nemendur völdu sér fjölbreytt og skemmtileg verkefni s.s. ensku, stærðfræðispil, tölvur, einingakubba, handavinnu o.fl.

Þó nokkuð var um einstaklingsmiðað nám þá helst í íslensku og stærðfræði þar sem hver og einn fékk tækifæri til að vinna á sínum hraða, eftir getu og áhugasviði.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var breytilegt eftir námsgreinum. Umsagnir, próf, kannanir, námsframvinda skráð inn á Mentor, mat á vinnubókum, virkni í hópavinnu, vandvirkni og vinnusemi. Aston Index var lagt

fyrir nemendur ásamt tveimur Læsis könnunum. Námsaðstæður voru aðlagðar fyrir þá sem þurftu aukinn stuðning í náminu.



Þróunarstarf/Nýbreytni

Áhersla var lögð á náttúrufræði þar sem þemaverkefni um plöntur, hvali, fjöll og dýr voru meginviðfangsefni sem meðal annars voru fléttað inn í stærðfræði og íslensku. Þróunarverkefnið *Orð af orði* fléttaðist inn í alla kennslu og verkefni vetrarins.

Útikennsla

Útikennsla fór eftir þeim verkefnum sem unnin voru hverju sinni. Notast var mikið við næsta umhverfi skólans en einnig var farið í lengi vettvangsferðir s.s fjallgöngu á Úlfarsfell.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Umhverfi skólans var notað eins og kostur var. Hreinsun á skólalóðinni var hluti af umhverfisfræðslu ásamt hreinsun á læk. Umhverfisfræðsla var einnig í formi umræðna og verkefna.

Vettvangsferðir voru meðal annars fjallganga á Úlfarsfell, Alþingishúsið, kaffihúsaferð í Ráðhús Reykjavíkur, heimsókn á pósthús, Sjóminjasafnið í Reykjavík, hjólaferð um Garðabæ og vorferð í Heiðmörk.



Lífsleikni

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega og vinahópar voru starfræktir í öllum bekkjum. Tengslakannanir voru gerðar og gáfu tilefni til að skoða samskipti og vináttu innan hópsins og voru hafðar til hliðsjónar í vináttutengslum innan bekkjarins. Blátt áfram kom með leikbrúðu-sýningu í skólann þar sem fjallað var um ofbeldi. Eftir sýninguna var unnið með hugtakið innan bekkjanna í samstarfi við námsráðgjafa. Námsráðgjafi starfrækti vinahóp meðal stelpnanna í einum bekknum.

Skemmtanir og félagslíf

Tvö bekkjarkvöld voru haldin yfir veturinn og tengdist annað þeirra bekkjarskemmtun á sal. Einnig var eitthvað um það að foreldrar héldu spilakvöld fyrir bekkina.

Foreldrasamstarf

Vinahópar hafa verið starfandi í öllum bekkjum. Bekkjarfulltrúar hafa staðið sig vel í sínu hlutverki í vetur. Foreldrar sáu um að greiða fyrir leiksýningu sem flutt var á sal skólans.

Umsjónarkennarar sendu reglulega póst til foreldra með upplýsingum um skólastarfið.

Mat á starfi vetrarins

Að mati kennara hefur veturinn einkenst af skemmtilegum og fjölbreyttum listskapandi verkefnum. Verkefnin voru unnin í hópum og einstaklingslega. Nemendur tóku framförum, bæði náms- og félagslega.

Það sem má betur fara er að skoða betur þau próf sem lögð eru fyrir í hinum ýmsu greinum.

Umfang verkefna er mjög mikið og spurning hvort ekki megi fækka þeim. Velja þarf verkefnin vel. Einnig var verið að bæta verkefnum á árganginn jafnt og þétt yfir veturinn sem ekki var gert ráð fyrir í kennsluáætlunum.

Ágústa Steinarsdóttir, Bryndís Svavarsdóttir og Gunnhildur Þórðardóttir



Verkefni nemenda

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Í árganginum voru 71 nemandi. Umsjónarkennarar voru Anna Birna Rögnvaldsdóttir, Ásta Kristjánsdóttir, Gunnhildur Grétarsdóttir og Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir. Til stuðnings voru Agnes Kragh, Sigríður Kragh, Fanný María Ágústsdóttir og Melissa Haire. Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Björg Jónsdóttir sáu um sérkennslu árgangsins. Gréta Pálsdóttir talmeinafræðingur sá um talkennslu.


Helstu markmið og áherslur árgangsins í námi og starfi

Áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti og hópvinnu bæði innan árgangsins og bekkjanna. Mikil áhersla var lögð á hlutbundna vinnu og þá aðallega í tengslum við náttúrufræði og stærðfræði. Sögurammar skipuðu enn og aftur stóran sess í þessu kennarateymi. Mikil og fjölbreytt vinna átti sér stað í þeim römmum sem teknir voru fyrir. Sérstök áhersla var lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og færni í að vinna í hóp. Einnig var lögð áhersla á lestur og lestrartengd verkefni.



Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Fjölbreyttir kennsluhættir voru hafðir að leiðarljósi í náttúrufræði, samfélagsfræði, stærðfræði og íslensku. Einnig á sér stað mikil samþætting námsgreina þegar unnið er eftir söguaðferðinni. Á 6-8 vikna tímabili voru hringekjur bæði í íslensku og stærðfræði innan hvers bekkjar og þvert á árganginn. Leshópar voru starfandi allan veturinn þar sem nemendum í hverjum bekk var skipt upp í hópa eftir getu og færni í lestri. Einstaklingsmiðað nám var í íslensku og stærðfræði þar sem hver og einn fékk tækifæri til að vinna á sínum hraða eftir getu og áhugasviði. Útikennsla tengdist viðfangsefni hverju sinni í tengslum við stærðfræði og náttúrufræði s.s umferðarfræðslu og landafræði.



Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var breytilegt eftir námsgreinum. Í stærðfræði voru nokkrar kannanir yfir önnina og svo lokapróf. Í samfélagsgreinum voru t.d. verkefni, virkni og áhugi í hópavinnu metin. Í íslensku voru lögð fyrir próf í lesskilningi, hlustunarskilningi og skrift í janúar og að vori. Í tölvum var notast við leiðsagnarmat í Mentor. Nemendur með sérþarfir og frávík fengu sérkennslu og aðlöguð próf eftir atvikum og mati sérkennara.

Þróunarstarf og nýbreytni

Í árganginum notuðum við okkur verkefnið „Orð af orði“ og þær hugmyndir sem fram komu á námskeiðunum því tengdu. Fastir liðir hjá árganginum voru orð dagsins í tengslum við hin ýmsu viðfangsefni hverju sinni, krossaglímur og orðskýringar.

Í vetur var sú nýbreytni í árganginum meðal annars fólgin í því að bjóða upp á foreldrakynningar á sögurömmum að morgni til í stað þessa að bjóða síðdegis. Þetta fyrirkomulag gafst mjög vel. Söguramminn „Reykjavík höfuðborgin mín“ var tekinn í fyrsta skipti og tókst sú vinna mjög vel. Unnin voru fjölbreytt verkefni sem nemendur höfðu gaman af.

Vettvangsferðir

Farið var í sveitaferð á Bjarneyjarsand í Hvalfirði. Í desember fór árgangurinn í kaffihúsaferð í Garðabæ. Farið var gangandi á ylströndina í Sjalandshverfinu. Í vor var farið á tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu. Einnig var nærumhverfi skólans nýtt í ýmskonar verkefni og til hópeflis.



Skemmtanir og félagslíf

Bekkjarkvöld og foreldrakynningar á sögurömmum voru reglulega í vetur. Í tengslum við skemmtun á sal var foreldrum einnig boðið að koma í skólann ýmist að morgni til eða að kvöldi. Einnig voru haldin spilakvöld. Í samstarfi við foreldra setti Möguleikhúsið upp sýninguna Prumpuhólinn fyrir nemendur á sal skólans.

Foreldrasamstarf

Tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem skipulögðu í samstarfi við kennarana bekkjarkvöld. Einnig voru vinahópar starfræktir í árganginum en þó með misjöfnum árangri/virkni.

Mat á starfi vetrarins

Almennt hefur skólastarfið í 3. bekk gengið mjög vel. Endurbætt húsnæði sem tekið var í notkun síðastliðið haust hefur komið vel út. Rýmið fyrir framan stofurnar hefur nýst vel við ýmsa vinnu. Góður andi ríkir í árganginum og einkennist starfið af ró og samvinnu á milli bekkja. Verkefni vetrarins hafa þjálfað nemendur í sjálfstæði í vinnubrögðum og það hefur tekist vel. Helstu kostir við að vera í *Höllinni* er að aðgengi að skólalóð er mjög gott og stutt í útikennslu. Til dæmis notuðum við útisvæði á milli tveggja hofa og útbjuggum tilraunastofu í náttúrufræði.

Anna Birna Rögnvaldsdóttir, Ásta Kristjánsdóttir og Gunnhildur Grétarsdóttir



Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Í 4. bekk voru 68 nemendur í þremur bekkjum. Umsjónarkennarar voru Bryndís Stefánsdóttir, Hrafnhildur Skúladóttir og Ingibjörg Sigfúsdóttir. Guðrún Pálsdóttir og Guðrún Dögg Jóhannsdóttir voru sérkennarar árgangsins. Melissa Haire, Sigríður Kragh voru til stuðnings.

Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmiðið í vetur var að auka vandvirkni og sjálfstæði nemenda, efla lesskilning og orðaforða, viðhalda samvinnu og góðum bekkjaranda. Í Leiðarljósinu var aðallega unnið með vellíðan og vinnusemi og í verkefnavinnu var mikið um paravinnu og hópastarf.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Leitast var við að hafa námið einstaklingsmiðað og einkum stuðst við leitarnám, innlagnarkennslu, para- og hópvinna. Samfélags- og náttúrufræði (að undanskildum eðlisvísindahlutanum) voru kenndar í lotum, oftar en ekki samþættar íslensku. Árgangurinn

vann nokkur þemaverkefni eins og *risaeðlur*, *Ísland áður fyrr*, *Vefinn hennar Karlottu*. Hringekjuhóparnir fjórir: ritun, eðlisvísindi, tölvufærni og gagnvirkur lestur voru kenndir í list og verkgreinalotum. Bókmenntir og ljóðakennsla voru kennd bæði fyrir og eftir áramót. Plöntuverkefni var tekið fyrir í maí.



Plöntuþema



Gróðursetning í nágrenni skólans

Nokkrum sinnum í viku fóru nokkrir nemendur úr hverjum bekk út úr tíma í sérkennslu. Heimavinnuáætlun var send heim í vikupósti, skráð í *Kompu* og í *Mentor*. Heimavinnuverkefni voru tvö til fjögur eftir umfangi og heimavinnuskil á fimmtudögum.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat fór fram samkvæmt námsvísum. Vægi einstakra efnispáttu breyttist þó lítillega þegar að kennslunni kom. Nemendur með sérparfir tóku kannanir og próf í aðlöguðu umhverfi þegar við átti.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Í vetur vann 4. bekkur með verkefnið *Orð af orði*. Tveir kennarar úr árganginum fóru í skólaheimsókn til Englands síðastliðið vor og voru ýmsar aðferðir og hugmyndir þaðan nýttar t.d. í tengslum við ritun. Í stærðfræði var námsefnið flokkað í námsþætti og könnun eftir hvern þátt. Skemmtilegt lestrarhestaátak var í febrúar og skilaði það mjög góðum árangri.

Útikennsla

Reynt var að skapa fjölbreytni í kennslunni með því að brjóta upp námsumhverfið. Hentugir efnisþættir í stærðfræði, náttúrufræði, íslensku og lífsleikni voru kenndir úti þegar við átti.

Umhverfisfræðsla

Nemendur voru fræddir um *Grænfánaverkefnið*, pappír flokkaður í pappírkassann og fernum og skilagjaldsskyldum umbúðum skilað til endurvinnslu. Nemendur hreinsuðu skólalóðina tvisvar yfir veturinn og í vor hreinsuðu þeir svæði í tengslum við hreinsunaráttak bæjarins. Nemendur lærðu um náttúruna, *Náttúran allan ársins hring*, um endurvinnslu, *Sorpið okkar – sorpa.is* og um gróðursetningu. Lokaverkefnið var gróðursetning í hrauninu við Flatirnar í samvinnu við Skógræktarfélag Garðabæjar –yrkja.is

Lífsleikni

Helstu áherslatriði í vetur voru; vellíðan, vinátta, virðing, fjölbreytileiki einstaklinga, mikilvægi þess að geta unnið með ólíkum einstaklingum og umhverfið okkar. Í bókmenntum voru tekin fyrir *Vefurinn hennar Karlottu* og *Fimm ævintýri* og í því námsefni felst mikil lífsleikni. Lífsleikni var í raun samofið öllu starfinu í bekkjunum. Undirbúningur og flutningur á skemmtiatriðum (bekkjarsýning og jólaskemmtun) var stór þáttur í lífsleiknináminu.



Frá vorferðinni á Akranes

Skemmtanir og félagslíf

Nemendur fluttu atriði á jólaskemmtun yngri nemenda. Nemendur sýndu jólaguðspjallið ásamt leiknum jólasjónvarpsþætti. Farið var á Þjóðminjasafnið og upp á Akranes í vorferð. Farið var í hjólaferð, leikhús, ísferð og kaffihúsaferð ásamt því að bókasafn Garðabæjar var heimsótt. Einnig var farið í ýmsa útileiki og gönguferðir. Bekkirnir voru allir með bekkjarkvöld tvisvar sinnum að vetri.

Foreldrasamstarf

Samstarf við foreldra var mjög gott. Fundir voru haldnir með foreldrum nemenda með sérþarfir, gott tölvupóstsamband var við aðra foreldra og fundað var með þeim þegar þurfa þótti. Árgangurinn sendi sameiginlegan vikupóst.

Mat á starfi vetrarins

Starf vetrarins gekk mjög vel fyrir sig. Það ríkir góður andi í árganginum.

Bryndís Stefánsdóttir, Hrafnhildur Skúladóttir og Ingibjörg Sigfúsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Nemendur í 5. bekk voru 74. Umsjónarkennarar voru Guðrún Pálsdóttir, Lilja Karlsdóttir og Ólafur Pétursson. Kennarar í stærðfræði voru umsjónarkennarar ásamt Brynju Jónsdóttur og Sigurveigu Sæmundsdóttur. Umsjónarkennarar kenndu ensku ásamt því að Björg Jónsdóttir kenndi ensku í 5. GP. Sigurveig Sæmundsdóttir og Brynja Jónsdóttir sinntu sérkennslu í íslensku í árganginum. Stuðningi í 5. ÓP sinnti Sigríður Kragh. Ragnhildur Sigurðardóttir sinnti stuðningi í 5. LK og Agnes Kragh í 5. GP. Þroskaþjálfar: Bryndís Guðmundsdóttir og Anna Laxdal.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Í íslensku voru, auk hefðbundinnar kennslu, tveir sögurammar teknir fyrir úr bókunum *Öðruvísi fjölskylda* og *Benjamín dúfa*. Sérkennarar komu einnig inn í þá vinnu og voru allir íslenskutímar settir í þessi verkefni á meðan þau stóðu yfir. Mikil áhersla var lögð á lestur og vinnu með lesskilning.

Kennt var í lotum yfir árið í samfélagsfræði og náttúrufræði sem kom vel út og bauð upp á meiri möguleika til að vinna skemmtileg verkleg verkefni.

Stærðfræði var kennd í fimm hópum. Sama námsmat var í fjórum hópum. Námsmat var aðlagð í þeim fimmta. Stærð hópum var hentug þannig að vel var hægt að mæta þörfum nemenda.

Árganginum var skipt í sex hópa í list- og verkgreinum og hringekju. Auk hefðbundinna greina í list- og verkgreinum var einn hópur í tölvufærni og ritun annan daginn og eðlisvísindum hinn daginn. Að auki voru nýsköpun og einn aukatími í sundi kennd í hringekju sem var eftir skóla á miðvikudegi þannig að hver nemandi var lengur í skólanum á miðvikudegi 1/3 af skólaárinu.



Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var hefðbundið. Í samfélagsfræði, bókmenntum og ljóðum, náttúrufræði og ensku var það samþætt úr mörgum mismunandi þáttum og í stærðfræði byggðist það á könnunum, sjálfsmati og prófi. Íslenskan, að bókmenntum og ljóðum undanskildum, byggðist á stöðumati í lok annar. Staða í lestri var þó metin jafnt og þétt yfir árið.

Námsmat í árganginum var aðlagð nokkrum nemendum. Einn hópur fékk aðlagð námsmat í stærðfræði.

Þróunarstarf/nýbreytni

5.LK tók þátt í Evrópukeppni á *mathletics.com* sem var mjög skemmtileg tilbreyting fyrir nemendur og góð þjálfun. 5.LK vann skv. Uppbyggingarstefnunni í lífsleikni og í agamálum.

Útikennsla

Útikennsla var þó nokkur yfir veturinn en þó mest að hausti og að vori. Þær námsgreinar sem voru eitthvað kenndar í útikennslu voru náttúrufræði, stærðfræði, málfræði, eðlisvísindi og enska. Kennarar velta fyrir sér að ef áhugi er á að auka útikennslu sé gott að gera útikennslu-áætlun jafnt og þétt yfir veturinn þannig að í hverjum mánuði sé alltaf ákveðið magn af tímum í útikennslu. Kennurum hugnast ekki að festa útikennslu í töflu á ákveðnum degi eða tíma því veðurfar á Íslandi er þannig að það er ekki fýsilegur kostur, auk þess sem áætlun býður líka upp á meiri sveigjaleika í skipulagi, þ.e. sum verkefni bjóða upp á útikennslu marga daga í röð og ekki hentar alltaf að fara út í hverri viku.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Árgangurinn fór í margar skemmtilegar ferðir sem allar heppnuðust mjög vel. Góður stuðningur var veittur í þessar ferðir sem skiptir miklu máli svo að vel takist til.

Lífsleikni

Áherslur í lífsleikni voru mismunandi eftir bekkjum enda þarfir bekkjanna mjög mismunandi. Ákveðnir fastir þættir voru samt í öllum bekkjum eins og umferðarfræðsla og umhverfisfræðsla. Mikið var unnið út frá því *hvernig manneskja vil ég vera, það sem ég geri og segi lýsir mér sem manneskju og ég ber ábyrgð á því sem ég geri og segi*. Að auki var mikið unnið með samskipti ákveðinna hópa í árganginum og kom námsráðgjafi inn til aðstoðar, þá sérstaklega í samskiptum stúlkna. Þroskaþjálfari var líka með í vinnu sem fór fram í hópi drengja í einum bekknum. Loks kom hjúkrunarfræðingur inn með umræðu um heilbrigði og hollustu og samskipti.



Skemmtanir og félagslíf

Hver bekkur hafði tvö bekkjarkvöld yfir árið sem kennari stýrði, félagsvist, bingó og sýningu á sal.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf í árganginum gekk vel. Reglulegir fundir voru með foreldrum ákveðinna nemenda en annars var foreldrasamstarf eftir þörfum.

Mat á starfi vetrarins

Almennt gekk starfið vel fyrir sig. Innkoma námsráðgjafa í samskiptamál gekk sérstaklega vel og skilaði góðum árangri.

Guðrún Pálsdóttir, Lilja Karlsdóttir og Ólafur Pétursson

Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk.

Nemendur í 6. bekk voru 69 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Björk Ólafsdóttir, Sólveig Júlíana Guðmundsdóttir og Ölrún Marðardóttir. Stuðningsfulltrúar voru Agnes Kragh og Fanný Ágústsdóttir. Proskapjálfar voru Ragnhildur Sigurðardóttir og Bryndís Guðmundsdóttir. Margrét Einarsdóttir var sérkennari í árganginum.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Lögð var áhersla á fjölbreytta kennsluhætti sem reyndu á og þjálfðu mismunandi færni. Nemendur unnu ýmist einir, í pörum eða í hópavinnu og leitast var við að hafa námsmat samsett úr mismunandi þáttum. Starfið var fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt.

Námsmat/námsaðlögun

Nemendur tóku hefðbundin próf og kannanir, skrifleg og gagnvirk. Þeir unnu margs konar verkefni sem metin voru t.d. ritunarverkefni, vinnubækur, myndverk, fræðsluerindi, framsögn og hópverkefni.

Árgangurinn er fjölmennur. Nokkrir nemendur vinna eftir einstaklingsnámskrá, jafnframt er hópur nemenda sem þarf aukna aðstoð við námið og var boðið upp á sérkennsluhópa í íslensku hjá Margréti og Guðrúnu Dögg. Reynt var að mæta þörfum nemenda eins og unnt var hverju sinni og þeir sem þess þurftu fengu aðlöguð próf, lengri próftíma, aðstoð við ritun í prófum, próftöku í smærri hópum og einn nemandi notaði eingöngu tölvu í prófum og vinnubókavinnu.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Í vetur var unnið með verkefni tengd *Orð af orði* sem gáfust sérstaklega vel. Reynt var að koma því inn í sem flestar námsgreinar. Mesta breytingin var í bókmenntum/Rauðkápa. Þar tókum við að mestu leiti út skrifleg vinnublöð með beinum spurningum úr sögunum og útbjuggum vinnublöð með verkefnum tengd orð af orði.

Í tengslum við Þorablótið var árganginum öllum skipt í hópa. Nemendur gátu valið sér verkefni sem voru fyrirfram ákveðin s.s. leikrit, dans og söngur, myndbönd og leiknir brandarar. Hver kennari hafði því umsjón með einum hóp. Fannst okkur þetta heppnast mjög vel og nemendur voru ánægðir með þetta fyrirkomulag. Sami háttur var hafður á í umhverfisviku/listadagar og unnu nemendur í fjórum mismunandi hópum, tónlistaverkefni og umhverfistengd verkefni.

Fyrir áramót var lesin bókin „Fólkið í blokkinni“ og unnin einföld vinnubók sem fylgir henni. Eftir áramót var heldur þyngri vinna, lesin var bókin *Draugaslóð* og unnin fjölbreytt verkefni með henni; spurningar, málfræði og stafsetningarverkefni. Heildstæð myndræn verkefni og bókmenntavinna.



Útikennsla

Nemendur fóru út í ýmsum námsgreinum s.s. stærðfræði, náttúrufræði og ensku. Ákveðið var að færa verkefnið um Vífilsstaðavatn upp í 7. bekk og var það því ekki tekið í 6. bekk en farið var í hjólaferð að vori upp að vatninu í plöntu- og fuglaskoðun. Nemendur fóru í vinnuferð í *Húsdýragarðinn* þar sem þeir fræddust um dýrin og fengu að vinna ýmis verk tengd umhirðu þeirra. Nemendur tóku þátt í hreinsun lækjarins og skólalóðarinnar eins og aðrir nemendur skólans. Farið var í fjölmargar ferðir í tengslum við námsefnið.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Nemendur fengu umhverfisfræðslu, þá sérstaklega í umhverfisviku þar sem unnin voru stór hópaverkefni.

Vettvangsferðir árgangsins voru á eftirfarandi staði; Hjólaferð að Vífilsstaðavatni, Jólaleikrit Borgarbarna í lðnó, Húsdýragarðinn, Sögusýning í Perluna, Gönguferð upp á Holt, göngutúr um Garðabæ, vorferð í Reykholt og sund í Borgarnesi, gönguferð (Listadagar).

Skemmtanir og félagslíf

Bekkjarkvöld voru haldin eftir skemmtanir á sal á haustönn. Hefðbundið þorablót var í febrúar sem heppnaðist vel. Diskótek var haldið á vorönn.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með nokkuð hefðbundnu sniði og voru samskipti við foreldra árgangsins góð. Kosnir voru bekkjarfulltrúar og stofnaður bekkjarsjóður. Bekkjarkvöld voru haldin þar sem flutt voru skemmtiatriði nemenda sem höfðu verið á sal. Mjög góð þátttaka foreldra var á þorablóti 6. bekkja og var mikil ánægja með hvernig til tókst.

Mat á starfi vetrarins

Samstarfið í árganginum gekk mjög vel. Störf stoðþjónustunnar; sérkennara, þroskaþjálfar, námsráðgjafa og deildastjóra var mikill og góður stuðningur. Kennurum í árganginum finnst færnimiðað nám skila miklum og góðum árangri og vilja alls ekki hverfa frá því. Skólastarfið gekk í heild sinni mjög vel þrátt fyrir fjölbreyttan nemendahóp. Nemendur fengu mikið hrós í vettvangsferðum eins og t.d. í Reykholti. Krakkarnir voru skemmtilegir, áhugasamir og kurteisir. Því má meðal annars þakka aukin stuðning við ákveðna nemendur.

Björk Ólafsdóttir, Sólveig Júlíana Guðmundsdóttir og Ölrún Marðardóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk voru alls 48 í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Anna Magnea Harðardóttir og Guðrún Helga Sigurðardóttir. Einnig var Björg Jónsdóttir til aðstoðar í árganginum og sá um hóp nemenda í samfélagsgreinum og íslensku. Anna Laxdal og Bryndís Guðmundsdóttir þroskaþjálfar voru stundum til stuðnings í GHS bekknum. Um sérkennslu sá Sigurveig Sæmundsdóttir að mestu frá hausti í fjarveru Ólafar Hörpu.



Helstu markmið og áherslur árgangsins í námi og starfi

Stuðst var við *Aðalnámskrá grunnskóla* og reynt að ná sem flestum markmiðum sem þar eru sett fyrir aldurstigið eins og sjá má í Námsvísi árgangsins. Mikil áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti og skapandi vinnu af ýmsum toga.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Að mestu sá umsjónarkennari um kennslu í sínum bekk eins og venja er, en raðað var í hópa eftir færni í stærðfræði og ensku, einnig voru blandaðir hópar í list- og verkgreinum og hringekju. Nemendur þekkjast því vel innan árgangsins. Kennsluhættir voru mjög fjölbreyttir að mati kennara og námsmat einnig. Nemendur unnu iðulega verkefni sem reyndu á skapandi



þætti, ritun, framsögn, samvinnu o.fl. Nemendur fengu fjölmörg tækifæri til að vinna með öðrum, ýmist í tveggja manna teyrum eða stærri hópum. Þeir unnu oft einstaklingslega að verkefnum, hlustuðu á kennara fræða þá um ýmis mál, en einnig unnu nemendur saman í pörum og hópum að verkefnum af ýmsum toga. Sem dæmi má nefna vinnu með *Vítahring* í bókmenntum en þar unnu nemendur verkhöppu með fjölbreyttum verkefnum t.d. ljóð, myndasögur, persónulýsingar, orðaskjóður, dagbækur, spurningar og bókrýni ásamt ýmsum myndrænum verkefnum. Í Evrópu unnu nemendur hópverkefni þar sem búin var til kynning á einu Evrópulandanna.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var unnið með fjölbreyttum hætti og yfirleitt var námsmat sett saman úr nokkrum þáttum; próf, kannanir, verkefnavinna og vinnubækur. Próf voru flest með hefðbundnum hætti en einnig tóku nemendur gagnvirk próf í tölvu af ýmsum gerðum, próf þar sem mátti hafa námsgögn með sér og skyndipróf úr hugtökum sem búin var að vinna með. Í stærðfræði voru kannanir við lok hvers kafla. Fjölbreytt verkefnavinna nemenda var metin í mörgum námsgreinum. Má þar nefna t.d. *Vítahring*, sögu, náttúrufræði og trúarbragðafræði en í þessum greinum unnu nemendur fjölbreytt verkefni og söfnuðu saman í möppu eða bók sem metin var. Verkefnin voru t.d. ritun af ýmsum toga; fræðileg umfjöllun, persónulegar frásagnir, útdrættir, krossglímur, myndasögur, orðhlutaverkefni, skilgreiningar, dagbækur, ritgerðir, hugtakakort og sögur. Jafnframt myndræn framsetning á ýmsu úr námsefninu, stuttar kynningar, framsögn o.fl. Nemendur unnu einnig ýmis hópverkefni sem metin voru sem hluti af einkunn t.d. í sögu, náttúrufræði, ensku og landafræði.



Nokkrir nemendur voru með einstaklingsnámskrá og unnu alfarið út frá henni en fleiri nemendur tóku stundum aðlöguð próf miðað við námsgetu. Einnig fengu sumir nemendur lengri próftíma, lesara eða skrifara til aðstoðar í prófum.

Þróunarstarf og nýbreytni

Í ár var nokkuð um nýjar nálganir í kennslunni. Nokkuð er um nýtt eða endurskoðað námsefni á miðstigi frá Námsgagnastofnun og því nauðsynlegt að breyta því sem áður hefur verið gert. En einnig var ýmislegt sem kennurum árgangsins langaði að prófa og vinna með. Jafnframt voru veggfastar SMART töflur í kennslustofum bekkjanna sem bjóða upp á fjölbreytta möguleika í kennslu, bæði fyrir kennara og nemendur. Auðveldara var að sýna myndir og myndskreið af netinu, gera glærur og verkefni fyrirfram og sýna á skjánum auk þess sem auðvelt er að skrá

hugleiðingar og vinnu í tímum í skjöl. Hofsstaðaskóli tók þátt í þróunarverkefninu *Orð af orði* og var reynt að vinna samkvæmt hugmyndum þess í sem flestum námsgreinum. Unnið var með markvissari hætti með orðaforða, hugtakakort og málskilning. Hefðbundnar vinnubækur með eyðufyllingum og beinum spurningum viku víða fyrir annars konar verkefnum, vinnuöppum og samþættingu námsgreina eins og kemur nánar fram í námsmatshluta þessarar skýrslu. Í raun var það lítið um slíka vinnu að nemendum fannst hún skemmtileg og kærkomin tilbreyting frá öðrum verkefnum.

Mikið var um alls kyns samvinnuverkefni, stór og smá, ýmist í pörum eða stærri hópum. Um vorið var ákveðið að breyta til, blanda bekkjunum saman við myndun hópa og þótti það gefast mjög vel. Annars vegar var þá unnið verkefni um Evrópu þar sem hópurinn átti að fjalla um og kynna eitt Evrópuríki eins og um ferðaskrifstofu væri að ræða. Hver hópur hannaði litríkt plakát og bækling og hélt kynningu um sitt land. Samhliða þessu vann hópurinn verkefni um lífríkið í fuglabjörgum við strendur Íslands, teiknuðu myndir, fræddust um fugla og unnu litla bók um efnið. Einnig þótti kennurum „örverkefni“ gefast vel en það eru stuttar kynningar þar sem nemendur áttu að kynna viðfangsefni fyrir hinum í hópnum, að þessu sinni í tengslum við mannslíkamann og fræddust nemendur um fjölmarga sjúkdóma, líkamshluta og starfsemi líkamans.

Á lokadögum vorannar unnu nemendur 7. bekkja stórskemmtilegt verkefni um bíla. Nemendur unnu saman í pörum og fékk hvert par 1 rör, 1 grillpinna, 4 lítil dekk, bylgjupappa og límband. Úr þessu áttu þau að hanna og smíða bíl en fengu ekki frekari leiðbeiningar um hvernig væri best að takast á við verkefnið. Þau máttu einnig nýta ýmislegt smálegt sem til var í skólanum, lím, liti, pappír og skraut. Markmiðið var að hanna bíl sem kæmist vel áfram ef keyrt var niður ákveðna braut. Í lok dags var svo keppt um hvaða bíll kæmist lengst. Einnig var veitt viðurkenning fyrir flotta hönnun, frumleika og útlit.

Vettvangsferðir

Nemendur fóru í heimsókn að Gljúfrasteini að hausti og fræddust um Halldór Laxness en nemendur fræddust um hann og verk hans í íslenskutímum. Foreldrar aðstoðuðu við að koma nemendum í og úr ferðinni. Farið var á hina árlegu jólasýningu í Iðnó í desember. Árgangurinn fór að Reykjum í Hrutafirði dagana 20.–24. ferbrúar. Gekk sú ferð mjög vel og voru nemendur til fyrirmyndar. Komu krakkarnir heim reynslunni ríkari og voru öll sammála því að þessi ferð stóð upp úr eftir veturinn. Settu kennara inn myndir



og blogg færslur eftir hvern dag og voru foreldrar alsælir að geta fylgst með barni sínu og séð myndir af því í gleðinni fyrir norðan. Nemendur unnu síðan ritgerðarverkefni í skólanum um upplifun sína á Reykjum. Nemendum var boðið í heimsókn í 365 miðla og fræddust þar um sögu útvarps- og sjónvarps á Íslandi og kynntust starfsemi fyrirtækisins. Á vordögum var farið í heimsókn í Listasafn Reykjavíkur að skoða og fræðast um Erró og verk hans. Nemendur fengu einnig fræðslu um Erró í myndmennt og fengu leiðsögn við að vinna verk í hans anda. Vorferð var síðan farin á slóðir *Vítahrings* í Hvalfirði, í framhaldi var farið að Bjarteyjarsandi og dýrin skoðuð og knúsuð og pylsur grillaðar. Að því loknu var farið í sund í Mosfellsbæ.

Skemmtanir og félagslíf

Í haust var 7. bekkjar árgangi Hofsstaðaskóla og Sjalandskóla boðið á diskótek í Flataskóla. Árið áður hafði Hofsstaðarskóli gert slíkt hið sama og boðið á hrekkjavökudiskótek. Ráðgert var að bjóða einnig á diskótek hér á vorönn en ekkert varð úr því. Finnst kennurum ráð að halda þessu

áfram þar sem þessir árgangar blandast saman í 8. bekk. En það þarf að halda vel utan um svona skemmtanir og verða þær að vera vel stýrðar, hafa til dæmis góðan diskótekara sem er með dagskrá. Árshátíð árgangsins var haldin í apríl og tókst hún að mati kennara mjög vel. *Hollywood og mafía* var þema kvöldsins og var rauði dregillinn dreginn upp og voru teknar myndir af stjórnunum sem mættu í sínu fínasta þússi. Nemendur árgangsins aðstoðuðu kennara og deildarstjóra við undirbúning og skipulag og voru bekkjartenglar og foreldrar virkjaði með í skipulag kvöldsins og frágang og gekk það í alla staði mjög vel. Fyrir kvöldverðinn var haldin hin árlega hæfileikakeppni og eftir mat var diskótek fyrir nemendur og foreldrar fengu kaffi og konfekt á kaffistofunni eða fóru heim.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk mjög vel í vetur og voru foreldrar áhugasamir að mæta þegar þeim var boðið í skólann. Bekkjarfulltrúar voru fengnir í ýmis hlutverk á skemmtunum s.s. á árshátíðinni. Bekkjarkvöld voru haldin í bekkjunum og voru með misjöfnu sniði. Misjafnt var eftir bekkjum hversu oft nemendur hittust með foreldrum og gerðu eitthvað saman.

Mat á starfi vetrarins

Það er mat kennara árgangsins að vinnan hafi verið mjög fjölbreytt, skapandi, krefjandi og lifandi eins og reynt var að gera nánari grein fyrir í öðrum köflum skýrslunnar. Vinnuaðferðir voru fjölbreyttar og nemendur fengu að spreyta sig á alls kyns verkefnum og þjálfá vinnubrögð af ýmsum toga. Nemendur unnu mjög mikið með tungumálið, með mjög fjölbreyttum hætti og þjálfuðust í ritun af ýmsum toga. Þeir fengu einnig fjölmörg tækifæri til samvinnu og til að koma fram og þjálfá framsögn og kynna verkefni sín fyrir öðrum. Annar umsjónarkennara árgangsins er að kenna sinn fyrsta vetur og er mjög undrandi og glaður yfir þeirri gríðarlegu fjölbreytni í vinnu og kennsluaðferðum sem hann upplifði með nemendum í vetur. Það er mat kennara árgangsins að vinna með þessum hætti skili mun meiri árangri en ekki síður meiri ánægju og vinnugleði – fjölbreytni er málið!

Anna Magnea Harðardóttir og Guðrún Helga Sigurðardóttir

Kennsla í erlendum tungumálum

Danska

Markmið

Dönskukennsla hefst í 7. bekk og er fyrsta markmiðið þennan fyrsta vetur að kynna tungumálið fyrir nemendum og byggja upp ákveðinn grunn í málinu sem unnt er að byggja ofan á síðar. Eins er lögð áhersla á að kynna Danmörku og menningu landsins.

Uppbygging kennslunnar

Kenndar voru þrjár kennslustundir á viku í dönsku þar sem hver kennslustund var 40 mínútur. Ester Jónsdóttir kenndi 7. GHS og Lilja Karlsdóttir kenndi 7. AMH.

Kennsluaðferðir

Notast var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en í upphafi var mikið stuðst við bókina og hlustun úr henni. Þegar nemendur höfðu svo náð ákveðnum grunni í dönskunni var breytt til og farið í hópvinnu, unnin verkefni í tölvum, hópverkefni: *Mig selv, Danmark*, og ýmsa aðra vinnu.

Námsefni

Start lesbók og vinnubók sem er ný bók frá Námsgagnastofnun. Unnið var með lesbók bæði á haustönn og vorönn og var bókin kláruð á vorönn. Auk þess sem unnið var stórt verkefni í hópavinnu um Danmörku. *Photo story*, ritunarverkefni auk hlustunar úr *Start* lesbók og vinnubók. Reynt er að leggja áherslu á sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat

Nemendur tóku 3 próf, en þess á milli voru unnin verkefni sem voru hluti af símati. Einnig er vinnubók metin til einkunnar.

Ester Jónsdóttir og Lilja Karlsdóttir dönskukennarar



Hópvinna

Enska

Enska er kennd í öllum árgöngum skólans og sjá umsjónarkennarar um kennsluna í flestum tilvikum. Á miðstigi er nemendum skipt í færnimiðaða hópa til að koma til móts við þarfir allra.

Helstu markmið

Markmið enskukennslunnar er í öllum tilfellum að kynna nemendur fyrir tungumálinu, efla hæfni þeirra og áhuga á lifandi og skemmtilegan hátt. Nemendur fá tækifæri til að reyna fyrir sér í öllum þáttum tungumálsins sem eru lesskilningur og orðaforði, talað mál, ritun og hlustun. Lagt er upp með að byggja markvisst á fyrri þekkingu nemenda og þjálf þann orðaforða auk þess að byggja ofan á þann grunn. Lifandi og skemmtileg kennsla gerir nemendur áhugasama og jákvæða en jafnframt tilbúna til að takast á við námið.

Kennsluhættir

Fjölbreyttir kennsluhættir einkenna kennsluna, allt frá leikjum og söngvum yfir í hefðbundna vinnubókavinnu.

Yngri nemendur fara mikið í leiki og syngja auk þess að nota ýmislegt námsefni sem til er í skólanum. Kennsluvefir í ensku eru einnig notaðir auk myndbanda fyrir börn sem eru sérstaklega ætluð nemendum sem eru að læra ensku.

Á miðstiginu hefur verið kennt eftir þeim undanfarin ár en sú kennsla hefur einkennst af mjög fjölbreyttum kennsluháttum. Nemendur vinna þá sama efni en taka það fyrir á mismunandi hraða, allt eftir stöðu einstaklingsins og hópsins í heild.



Námsmat

Nemendur á yngra stigi fá umsagnir frá umsjónarkennara en unnið hefur verið að því að setja 1.-3. bekk í námsframvinduna í *Mentor*. Það verður tekið í notkun næsta vetur.

Námsmat á miðstigi er símat sem samanstendur af ýmsum verkefnum tengdum þemunum sem tekin hafa verið fyrir. Auk þess eru þáttum bætt inn sem tengjast sérstaklega færniþáttum tungumálsins.

Kennsla í hverjum árgangi fyrir sig

1. bekkur

Litirnir voru teknir fyrir, tölurnar, líkamspartar og farið í leiki og kenndir söngvar.

2. bekkur

Enska: „Right on“ . Bækur lesnar með nemendum og farið í leiki og söngvar sungnir. Spil voru spiluð og orðum safnað í orðabók. Unnin voru ýmis verkefni í ensku tengd þemavinnu hverju sinni.

3. bekkur

Enska tengd þemaverkefnum hverju sinni t.d. risaeðlum, himingeimnum, borginni og umferðinni.

5. bekkur

Kennt var eftir þemum sem voru fyrirfram valin. Ýmis verkefni voru unnin úr hverju þema og í lok skólaárs var lagt fyrir próf þar sem orðaforðinn úr þemunum var kannaður. Lagt var upp með að hafa verkefni fjölbreytt og leggja áherslu á orðaforða, hlustun og talað mál en auk þess var byrjað á einföldum lesskilningi og ritun. Þemu sem kennd voru í vetur voru: fairy-tales, animals, pirates, family, school, clothes og body parts.

6. bekkur

Skipt var í eftirfarandi hópa:

Sólveigarhópur: Þemakennsla, valin þemu voru tekin fyrir og verkefni unnin úr þeim ásamt fyrsta kaflanum í Action. Jafnframt var lögð meiri áhersla á hlustun, lestur bóka, texta af ýmsum

toga og munnlega tjáningu á ensku. Nemendur þjálfuðust mikið í hópvinnu og unnu einnig verkefni í tölvum.

Bryndísarhópur: Þemakennsla, valin þemu voru tekin fyrir og verkefni unnin úr þeim. Jafnframt var lögð meiri áhersla á lestur bóka, smásagna og texta af ýmsum toga, lögð áhersla á munnlega tjáningu og ritun og einnig byrjað að fara í rétta stafsetningu og málfræði.

Ölrúnarhópur: Þemakennsla, valin þemu voru tekin fyrir og verkefni unnin úr þeim. Jafnframt var lögð meiri áhersla á hlustun, lestur bóka, texta af ýmsum toga og munnlega tjáningu á ensku. Nemendur þjálfuðust mikið í hópvinnu og einnig unnin verkefni í tölvum.

Bjargarhópur: Þemakennsla, valin þemu voru tekin fyrir og verkefni unnin úr þeim. Jafnframt var lögð meiri áhersla á hlustun, lestur bóka, texta af ýmsum toga og munnlega tjáningu á ensku.

7. bekkur

Bókin Action var lögð til grundvallar í öllum þremur hópunum og voru teknir fyrir fjórir kaflar í henni auk ítarefnis sem var mismikið eftir hópum. Kaflarnir sem teknir voru: *Fortune telling, Lifestyle, Crimes and mysteries* og *All about fame*. Oliver Twist, var lesin, unnin verkefni og lokaverkefni sem gildi í símat. Nemendur fengu einnig að horfa á kvikmynd. Sagan *White Death* var lesin og verkefni unnin úr henni. Ratleikur var úr öllu námsefninu í lok skólaárs auk þess sem nemendur þreyttu allir hlustunarpróf. Hóparnir voru þrír og kennarar voru Anna Magnea Harðardóttir, Björg Jónsdóttir og Guðrún Helga Sigurðardóttir.

Björg Jónsdóttir fagstjóri í ensku

Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði

Unnið var að því að auka fagmennsku og samfellu í náminu með því að vinna upp markmiðin úr aðalnámsskrá og staðsetja þau námsyfirferð skólans. Í framhaldi var haldinn fagfundur þar sem kennarar yfirfóru plaggið og komu með athugasemdir og til að fínþússa skjalið. Þessi vinna var grunnvinna sem gerir aðlögun að nýrri aðalnámsskrá auðveldari.

Unnið var að gerð nýrra markmiða í námsframvindu fyrir eðlisvísindi í 3. og 4. bekk þar sem tilfærsla var á viðfangsefnum milli árganga til að auka samfelluna í námsyfirferð skólans.

Nýtt verkefni var innleitt í 4. bekk sem var eldflaugaverkefni þar sem unnið er með kraft og loftþrýsting. Verkefnið gekk vel og vakti mikla lukku í nemendahópnum. Fagstjóri leggur til að þetta verkefni verði fastur þáttur í námi árgangsins.

Nýtt verkefni var einnig innleitt í 7. bekk. Verkefnið heitir bílasmíði og byggist á því að nemendur hanna bíl í pörum og fá til þess 4 dekk, grillpinna, sogrör, bylgjupappa og málningarlímband. Hönnunin felst svo í að hanna bíl sem kemst langt með því að renna niður bílabraut. Nemendur hönnuðu líka útlit bílsins. Verkefnið tókst afar vel og höfðaði jafnt til beggja kynjanna. Fagstjóri leggur til að þetta verkefni verði fastur liður í 7. bekk eftir þetta. Í upphafi var hugmyndin að nemendur myndu skila dekkjunum eftir hönnun til að nýta þau aftur. Þar sem hönnunin var samvinna tveggja var ekki talið að þetta hefði mikil áhrif á verkefnið en í ljós kom að það hafði slæm áhrif á verkefnið. Áhrifin voru að nemendur tóku bílana ekki heim til að sýna þá þar sem hjólin vantaði á bílana og þar með varð ekki eins mikið úr náminu auk þess

sem þetta eyðilagði ánægju nemenda. Fagstjóri leggur til að hjólin fylgi bílunum framvegis því kostnaðurinn er ekki það mikill að það réttlæti að dragi úr gildi verkefnisins.

Fagstjóri las yfir handrit af endurgerð *Auðvitað* námsefnisins fyrir miðstig. Miðað við þær breytingar sem þar koma fyrir verður mikil þörf fyrir breytingar á yfirferð á miðstiginu í tengslum við nýja aðalnámskrá sem í framhaldi getur haft keðjuverkandi áhrif á yngsta stigið.

Áform breyttust varðandi vinnu við frekari aðlögun á milli yngra- og miðstigs þar sem von var á nýrri námskrá og viðbúið að hún hefði í för með sér vissa breytingar sem gerðu þá vinnu að engu.

Ragnheiður Stephensen fagstjóri í náttúrufræði



Áhugasöm í eðlisvísindum

Skýrsla Bókasafns Hofsstaðaskóla

Húsnæði

Húsnæði safnsins er 94 fermetrar auk 30 fermetra bókalofts en þar eru 12 tölvur sem nýtast nemendum. Einnig eru þrjár tölvur sem ætlaðar eru nemendum til upplýsinga- og heimildaleitar staðsettar á neðri hæð safnsins. Þangað geta nemendur komið og unnið smærri verkefni í samráði við starfsmann safnsins.

Starfsmenn

Á safninu starfa tveir starfsmenn annar er bókasafns- og upplýsingafræðingur í 75% starfi og starfssvið hans er að sjá um útlán, aðföng og allt það sem til fellur á safninu. Hinn er skólaliði sem vinnur á safninu fimm klst. á viku á við útlán og frágang bóka.

Bókakostur

Í dag eru 13.100 skráð eintök á safninu sem skiptast niður í um 11.700 bækur og 1.400 eintök af annars konar efni eins og tímaritum, geisladiskum og hljóðbókum. Á síðastliðnu ári voru lánaðar út um 12.300 bækur og er örlítill fækkun á útlánum frá fyrra ári.

Starfssemi

Á skólasafninu gilda ákveðnar umgengnisreglur:

- Öllum er frjálst að skoða og lesa bækur á safninu.
- Ætlast er til að nemendur gangi hljóðlega um og séu ekki með háreysti.
- Fara á vel með bækur og önnur gögn. Vera hrein á höndum og fletta rólega.
- Setja skal bækur og tímarit aftur á sinn stað í hillur eftir notkun.
- Ekki borða eða drekka á skólasafninu.
- Mælst er til þess að kennarar sendi ekki fleiri en þrjá til fjóra nemendur í einu úr hverjum bekk.



Hlustað á sögu á safninu

Fræðsla og kynningar

Bókasafnsfræðsla var hluti af hringekju í 2. bekk og fór fram á safninu eina klukkustund á viku. Markmið kennslunnar var að fara yfir helstu umgengisreglur safnsins og einnig var þemavinna í gangi. Þema vetrarins var kynning á danska rithöfundinum H.C. Andersen og sögum hans. Nemendur unnu vinnubók upp úr völdum sögum.


Bókasafnið kom að verkefnavinnu í tengslum við *eTwinning*, en *eTwinning* er áætlun um rafrænt skólasamstarf í Evrópu. Starfsmaður safnsins aðstoðaði nemendur við upplýsingaleit og verkefnavinnu ásamt öðrum kennurum.

Sama fyrirkomulag var á opnunartíma safnsins þ.e.a.s. að útlánatíminn var stytur og hægt var að panta safnið undir hina ýmsu vinnu í samráði við starfsmenn. Þetta fyrirkomulag gafst vel og býður upp á ýmsa möguleika varðandi betri nýtingu á safninu og samstarf við nemendur og kennara.

Börn í 1. bekk sem voru í hringekju komu á safnið í stutta 20 mínútna heimsókn þar sem lesin var fyrir þau saga og farið yfir reglur safnsins. Það tókst mjög vel.

Í byrjun vetrar tók safnið þátt í *Alþjóðlega bangsadeiginum* sem haldinn er hátíðlegur þann 27. október og lesin var bangsasaga fyrir yngstu börnin og öll börn fengu mynd af sér og bangsanum sínum. *Norræna bókasafnsvikan* í ljósaskiptunum var haldin hátíðleg vikuna 14.–20. nóvember lesin var sagan *Í búðinni hans Mústafa* eftir Jakob Martin Strid. Börnum í 3. bekk var boðið á safnið að hlusta á upplestur. Hendrikka Waage heimsótti bókasafnið 24. nóvember. Hún hitti nemendur í 2. og 3. bekk og las úr bók sinni *Rikka og töfrahringurinn í Japan*.

Dagur barnabókarinnar var haldinn hátíðlegur þann 28. mars nemendur skólans hlustuðu á söguna *Eins og í sögu* eftir Ragnheiði Gestsdóttur, sögunni var útvarpað og hluti af nemendum hlustaði á söguna á bókasafninu.



Frá heimsókn Hendrikku Waage

Sérstakir aðgangspassar eru fyrir þá sem vilja koma á safnið og fékk hver bekkur þrjá slíka til sín. Með þessu fyrirkomulagi er verið að jafna þann fjölda barna sem er á safninu hverju sinni. Þá eru aldrei fleiri en þrír í einu frá sama bekk. Þetta gefst mjög vel og því verður haldið áfram næsta vetur.

Safnið hefur til afnota skjávarpa, tjalld og tölvu sem eykur möguleika í verkefnavinnu. Haldið var áfram vinnu við að endurskipuleggja safnið, ganga frá gömlu efni og hreinsa til. Markmið safnsins er að vera með a.m.k. einn ákveðinn atburð á safninu fyrir hvern árgang.

Unnið er markvisst að því að gera safnið meira aðlaðandi og var bókaloftið tekið í gegn. Til stendur að setja upp listaverkavegg á safninu þar sem nemendur skólans geta kynnt verkefni sín. Samstarf við bæjarbókasafnið í Garðabæ var aukið og fóru allir nemendur í 4. bekk í heimsókn þangað.

Gréta Björg Ólafsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur

Skýrslur kennara í list- og verkgreinum

Nemendur í 1.-7. bekk fá kennslu í list- og verkgreinum í 10-14 manna hópum. Kennt er í lotum og skipta nemendur um námsgrein 4-6 sinnum á vetri. Smíði, textíl, myndmennt, heimilisfræði og sund er kennt í lotum í 2.-7. bekk 80 mínútur tvisvar í viku. Auk þess fara hópar úr 1., 2., 4. og 5. bekk 1x40 mínútur í sund lok skóladags. Í 1. bekk eru 2x60 mínútna lotur í smíði, 2x60 mínútur í textíl, 1x60 mínútur í heimilisfræði, 1x60 mínútur í myndmennt. Fleiri greinar koma inn í list- og verkgreinaskipulag s.s tölvufærni, bókasafn, ritþjálf, ritun og eðlisvísindi. Tónmennt er kennd í tvær stundir á viku í fyrsta bekk en eina stund á viku í 2.-6. bekk. Tónmennt í 7. bekk er í hringekju 40 mínútur á viku.

	Fjöldi hópa í árgangi	Smíði	Textílmennt	Heimilisfræði	Myndmennt	Sund	Tölvufærni	Bókasafn	Ritþjálf	Ritun	Eðlisvísindi
1. b.	5	3	3	1,5	1,5	2+1	1	0,5			1,5
2. b.	5	4	4	4	4	2+1					
3. b.	6	4	4	4	4	2,5	1		1		2
4. b.	5	4	4	4	4	2,5+1					
5. b.	6	4	4	4	4	3+1	1			1	2
6. b.	5	4	2	4	2	3					
7. b.	4	4	4	4	4	3					

Heimilisfræði

Helstu markmið

Aðalnámsskrá grunnskóla er höfð til hliðsjónar. Helstu markmið eru þau að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að borða fjölbreyttan og hollan mat. Átti sig á því að hreinlæti við matargerð sé mikilvægt. Kunni skil á fæðuhringnum. Kunni að mæla með desilítramáli og mæliskeiðum. Að þeir geti gengið frá eftir sig og verið sjálfbjarga heima fyrir og temji sér góða siði. Að námið verði heilsteypt.



Allir byrja á að þvo sér um hendurnar

Uppbygging kennslunnar

Stöðugt er byggt ofan á fyrri þrep í náminu. Það sem nemendur læra í 1. bekk er í fullu gildi í 7. bekk. Verkefnin verða flóknari og nemendur eldri bekkja gera mest allt sjálfir, paraverkefni, einstaklingsverkefni, meðan yngstu nemendurnir vinna að mestu í hópvinnu með kennara, sérstaklega þegar hóparnir eru stórir.

Kennsluaðferðir

Munnleg innlögð er í hverjum tíma. Sýnikennsla er í flestum verkefnum. Nemendur vinna í hópum, tveir til þrír saman og/eða einir. Verklegr kennsla er í fyrirrúmi en í 1.–4. bekk er bóklegri kennslu blandað með. Í eldri 5.–6. bekk eru teknir tveir til fjórir tímar í bóklegt nám. Í vetur kom 7. bekkur aðeins átta sinnum í heimilisfræði og var því aðaláherslan lögð á verklega þáttinn en bóklegu lítillega blandað með.

Námsefni/gögn

Námsefni fyrir heimilisfræði fyrir 1.–7. bekk og *Næringarfræði matvæla* útg. Námsgagnastofnun. *Fæðuhringurinn* útg. Lýðheilsustofnun. *Eldum saman*. Eftir Guðmund Finnbogason heimilisfræðikennara. Krossgátur.

Námsmat

Námsmat í námsframvindu í *Mentor*.

Nýbreytni

Í vetur hefur sú nýbreytni átt sér stað að einu sinni í hverri námslotu hjá öllum hópum í öllum árgöngum fara tvær kennslustundir í útinám. Verkefnin miðast við umhverfisvernd og umgengni utanhúss og hvernig má nýta til matargerðar það sem vex villt í náttúrunni. Dæmi: 6. bekkur skoðar þang í fjörunni og þegar heim er komið fá þau að bragða á tveimur tegundum af þurrkuðu þangi.

Hvað hefur gengið vel – má betur fara

Veturinn hefur í stórum dráttum gengið vel. Nemendur eru yfirleitt ánægðir þegar þeir yfirgefa kennslustofuna. Hegðunarvandamál hafa ekki verið stórvægileg, en eru þó alltaf til staðar. Þar sem nemendur 1.bekkjar koma aðeins í eina og hálfa kennslustund í senn, þarf að endurskoða verkefnavalið fyrir þau. En von er á nýju námsefni fyrir þau.

Húsnæði – aðstaða

Vinnuaðstaða kennara er slæm. Aðstaða fyrir stóra heimilisfræðihópa er ekki til staðar. Gott væri að hafa sér þvottahús og þ.h. Það truflar kennslustundir að hafa þvottavél eða þurrkara í gangi. Einnig væri gott að hafa stórt og gott sýnikennsluborð.

Aðstaða til að matast gæti verið ákjósanlegri. Gott væri að hafa almennilega aðstöðu fyrir tölvu og fá stóra og góða veggstöflu. Eldhúsið er bjart og mikil og góð lýsing sem væri gott að geta dempað aðeins niður suma daga. En það stendur nú vonandi allt til bóta.

Annað

Ánægjulegt að vita til þess að kennarar verði hafðir með í ráðum þegar list og verkgreinastofurnar verða endurhannaðar.

Áslaug Þorgeirsdóttir heimilisfræðikennari




Nemendur tileinka sér góða borðsiði

Myndmennt

Skipulag kennslunnar

Myndmennt hefur verið kennd í námskeiðaformi eins og aðrar verklegar greinar. Flestir nemendur hafa mætt tvisvar í viku, tvo tíma í senn, í sex vikur. 1. og 6. bekkur komu einu sinni í viku, fengu helming á við aðra nemendur. Námskeiðaformið hefur reynst mjög vel, sérstaklega vegna þess að nemendur koma tvisvar í viku og góð kynni skapast á milli kennara og nemenda. Nemendur eru líka fljótir að koma sér að vinnu þegar ekki líður lengri tími á milli kennslustunda.



Myndverk eftir nemanda

Kennsluáætlanir í myndmennt reyndust raunhæfar. Flest allir nemendur náðu að skila fyrirfram ákveðnum verkefnum og margir náðu að gera aukaverkefni. Í 1. bekk byrjar kennslan á að nemendur læra að byggja upp mynd með hjálp grunnformanna, litafræði er bætt við í 2. bekk þar sem myndbygging skipar stóran sess. Í 3. bekk er haldið áfram og farið lengra með efnið og litafræðina. 4. bekkur fer dýpra, meira farið í uppbyggingu kyrralífs og fjarvídd tekin fyrir. 5. og 6. bekkur nýtir sér gullinsnið Leonardós. Þannig var haldið áfram, nemendur leiddir áfram með það í huga að byggja ofan á fyrra nám. Mismunandi aðferðir í leirmótun eru kenndar í 1.-5. bekk. 7. bekkur vinnur í glerbrennslu.

Lögð er áhersla á að kynna listamenn og listastefnur í myndmennt. Þeir listamenn sem eru sérstaklega kynntir, fjallað um og unnið útfrá eru: Kristín Jónsdóttir, Ásgrímur Jónsson, Kjarval, Erró, Van Gogh, Leonardó, Picassó o.fl.

Til að færa listina nær nemendum eru útilistaverk í Garðabæ skoðuð á netinu og í nánasta umhverfi.

Fjölgreindarleikar voru á þemadögum í nóvember. Nemendur unnu myndverk úr afgangum frá smíðastofunni. Útbúið var Viskutré sem sjá má í miðrými skólans.

Þorablót 6. bekkinga var haldið með stæl að vanda. Hlutverk nemenda í myndmennt var að skreyta salinn með furðurollum.

Árshátíð 7. bekkinga er einnig árlegur viðburður. Nemendur skreyttu salinn í „Hollywood og mafíuanda“. Teiknaðar voru risa myndir af frægu fólk úr heimi Hollywood. Myndirnar voru tússaðar í svart hvítu og hengdar upp á vegg. List- og verkgreinagangurinn var lagður rauðum dregli, dúkar þöktu vegg og gylltar stjörnur gáfu líflegt yfirbragð.

Námsmat

Í stað einkunnagjafar fær hver nemandi umsögn og markmiðabundið námsmat. Námsframvindan hefur gefist vel í myndmennt en spurningin er hvort bagalegt sé að nemendur fái ekki einkunn í list- og verkgreinum á útprentuðu vitnisburðarblaði.

Margmiðlun

Í vetur hefur skjávarpi verið mikið nýttur í kennslunni. Nemendur og kennari hafa ferðast vítt og breytt á netinu. Fræðst enn frekar um listamenn sem fjallað er um, „Googlað“ hugtök, farið á

söfn, skoðað útilistaverk í Garðabæ og fleira. Að hafa fastan skjávarpa í myndmenntstofunni er nauðsynlegt til að geta fylgt nútímalegum kennsluháttum eftir.

Sólrún Guðbjörnsdóttir myndmenntakennari



Unnið með sjálfsmyndir

Textílmennt

Helstu markmið kennslu í textílmennt eru:

- Að nemendur njóti sín í tímum
- Að nemendur læri á þau verkfæri sem notuð eru tímum
- Að nemendur byggji ofan á fyrri reynslu
- Að nemendur ljúki verkefnum sem unnið er að

Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hverrar lotu. Farið er yfir verkefnið sem vinna á með nemendum, efni og verkfæri sem þeir koma til með að nota og hvernig þeir nota það. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða sem hentar hverjum og einum. Kenna þarf nemendum samvinnu, tillitsemi, hjálpsemi og þolinmæði. Mikil áhersla er lögð á að nemendur nái að ljúka verkefnum sínum.

Kennsluaðferðir

Áhersla er lögð á samvinnu nemenda og samvinnunám. Tveir eða fleiri nemendur vinna saman, sá nemandi sem er á undan með verkefnið hjálpar þeim sem er á eftir. Byrjað er á þessu strax í fyrsta bekk. Í textíl fer fram bæði samvinnunám og einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.

Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara, ýmsar bækur og blöð.

Námsmat

Námsframvinda er nýjung sem tekin var upp á haustönn 2010. Í stað einkunna fær hver nemandi markmiðabundið námsmat og umsögn í *Mentor*.

Hvað hefur gengið vel

Yfir höfuð hefur kennslan gengið vel og markmiðum verið náð. Verkefnaval hentaði fyrir hvern árgang. Merkja má aukinn áhuga drengja á þrjóni.

Kennsluhættir nýjung/prjónastund

Í vetur var gerð tilraun með það að nemendur buðu foreldri eða ömmum/öfum að koma og hjálpa til við kennsluna, það var mikil ánægja og vel heppnað í alla staði og verður framhald á því á næsta skólaári.



Úr prjónastund

Vettvangsferðir/útikennsla

Nemendur í 2. bekk þæfa ull utan um stein sem þeir týna í vettvangsferð. Í Haust fóru textíl- og smíðahópar út og skoðuðu nánasta umhverfi skólans. Áhersla var á að skoða gróður og fjölbreytileg og ólík strá.

Textíl og smíðahópar fóru í heimsókn á Hönnunarsafn Íslands og skoðuðu tvær sýningar.



Heimsókn á jólasýningu



Sýningin/hlutirnir okkar 4. Bekkingar

Annað

Þorablót 6. bekkinga gekk vel að vanda. Nemendur í textíl sáu um borðdúka og borðskraut í samvinnu við hóp nemenda í smíði. Árshátíð 7. bekkjar er einnig orðin árlegur viðburður og sáu nemendur í textíl og smíði um skreytingar í sal, á list- og verkgreinagangi, borðskraut og borðdúka.

Smíði

Helstu markmið

Að nemendur gangi um smíðastofuna af virðingu, læri að umgangast og nota ákveðin verkfæri m.t.t. aldurs. Þeir vandi sig og fari stoltir og ánægðir heim með verkefni sem þeir hafa unnið.

Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hvers tíma. Farið er yfir með nemendum yfir hvaða verkfæri og eða efni þeir koma til með að nota og hvernig. Hver og einn nemandi vinnur að sínu verkefni og á sínum hraða. Samvinnunám á stundum við, þá miðlar sá nemandi sem kominn er lengra til annarra nemenda. Mikil áhersla er lögð á að í sem flestum verkefnum geti nemendur ráðið hugmynd og útliti verkefnisins og gert það að sínu.

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla. Í byrjun hvers verkefnis fá nemendur að sjá sýnishorn af fullbúnu verkefni, hlut sem þeir eru að fara að búa til. Mikil áhersla er lögð á að nemendur setjist niður áður en þeir byrja á nýju verkefni og þeir skissi upp hugmyndir og útlit áður en hafist er handa. Þeir geri sér grein fyrir því hvað þeir eru að fara að gera og hvernig þeir vilja að hluturinn líti út. Í smíði fer fram einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.

Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara.

Námsmat

Námsframvinda er nýjung sem tekin var upp á haustönn 2010. Í stað einkunna fær hver nemandi markmiðabundið námsmat og umsögn í *Mentor*.



Páskaverkefni: Samvinnuverkefni smíði og textíl

Árangur

Að mati kennara hentaði verkefnaval fyrir hvern árgang fyrir sig vel og gekk upp samkvæmt kennsluáætlun. Aukning er á innsendum hugmyndum í *Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna*. Góður árangur var í *Lampakeppni Hofsstaðaskóla* og miklar framfarir urðu og aukinn áhugi hjá nemendum í 6. bekk.

Húsnæði - aðstaða – verkfæri

Mikil þrengsli eru í smíðastofunni og erfitt að koma nemendum fyrir þar sem þeim hefur fjölgað. Nokkrir hópar eru óþægilega stórir. Lélegt aðgengi er að vélum, sem skapar mikla hættu og óþægindi þegar verið er að vinna við tækin. Tækjakostur er af skornum skammti. Vegna þrengsla vantar t.d. borðsög, rennibekk o.fl. Efnisgeymsla er ófullnægjandi og geymslurými fyrir smærri verkfæri og aukahluti er einnig ábótavant. Smáverkfæri eru farin að ganga úr sér og týna tölunni. Loftræsting er léleg og er varla hægt að bjóða upp á að brennipenni sé notaður, auk þess vantar útsog frá sög. Loftpressu vantar tilfinnanlega svo hægt sé að blása ryk af hlutum áður en málað er og af fatnaði áður en farið er út úr smíðastofunni.

List og verkgreinar eru allar á sama gangi og hentar það vel. Það auðveldar samvinnu á milli list- og verkgreinakennara og gerir það að verkum að þeir geta samnýtt efni þegar það á við. Þörf er á að stækka rýmið fyrir smíði eins og kom fram hér á undan. Oft er erfitt að finna pláss fyrir þá starfsemi sem þar á að fara fram auk þess sem fjölga mætti tækjum. Smíðin og myndmenntin deila með sér herbergi þar sem leirofn, glerofn, sagir, borvélar og geymsla fyrir timbur, frauð, málma, gler leir o.fl. er allt saman í litlu rými. Ekki fer vel að fá sag og ryk í glervinnu og hitann af ofnum, ásamt ólofti sem frá þeim kemur leggur inn í smíðastofuna og er óæskilegt fyrir lungu kennara og nemenda.

Annað

Þorablót 6. bekkinga var haldið með stæl að vanda. Hlutverk nemenda í smíði var að sjá um borðdúka og borðskraut í samvinnu við hóp nemenda úr textíl. Árshátíð 7. bekkinga er einnig orðinn árlegur viðburður og sáu nemendur í smíði og textíl um skreytingar í sal, á list og verkgreinagangi, borðskraut og borðdúka.

Útikennsla: Í haust fóru smíða- textílhópar út og skoðuðu nánasta umhverfi við skólann. Áhersla var lögð á að skoða gróður og sérstaklega fjölbreytileg og ólík strá

Safnaferðir: Smíða og textílhópar fóru í heimsókn á Hönnunarsafn Íslands og skoðuðu tvær sýningar í vetur, Hvít jól og Hlutirnir okkar.



Hönnunarsafnið vel nýtt

Lampakeppni Hofsstaðaskóla

Nemendur í 6. bekk bjuggu til og hönnuðu lampa. Í lampann fengu nemendur 20 ljósa seríu og endurnýttu ýmislegt tilfallandi efni í skólanum eða komu með umbúðir leikföng og annað dót að heiman. Að lokum fóru allir lamparnir í *Lampakeppni Hofsstaðaskóla*. Veitt voru 1., 2. og 3. verðlaun auk þess sem valinn var *Hönnuður Hofsstaðaskóla*. Marel gaf verðlaun í þessa keppni og mætti fulltrúi frá Marel og afhenti verðlaunin. Ástþór Ragnarsson úr Iðnskólanum í Hafnarfirði valdi vinningslampana.



Verðlaunalampar

Nýsköpun

Í 5. bekk var kennd nýsköpun og fá nemendur 60 mínútur vikulega í átta skipti. Nemendur vinna hver og einn að sinni hugmynd, vinna veggspjald og gera jafnvel sýnishorn af hugmyndinni. Að vori er haldin *Nýsköpunarkeppni Hofsstaðaskóla* og í ár gefur Marel vegleg verðlaun fyrir bestu hugmyndirnar.



Verðlaunahafar í Nýsköpunarkeppni Hofsstaðaskóla

Nýsköpun er auk þess kynnt fyrir öllum nemendum skólans. Ef nemendur eiga afgangs tíma í smíði vinna þeir hugmynd í nýsköpun og senda hugmyndina sýna í *Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna*. Í ár var þátttakan mjög góð.

Árangur

Í *Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna* 2010-2011 var metþátttaka hjá nemendum Hofsstaðaskóla. Síðastliðið haust voru úrslit tilkynnt og hlaut Hofsstaðaskóli gullverðlaun þriðja árið í röð og vann því bikarinn til eigna. Þrír nemendur frá skólanum komust í vinnusmiðjur og tveir af þeim unnu til verðlauna sem er frábær árangur.



Sædís S. Arndal smíðakennari



Nemendur flytja Ósonlagið á tónleikum

Tónmennt

Unnur Þorgeirsdóttir tónmenntakennari kenndi tónmennt í 1.-7. bekk og sá einnig um samsöng í 1.-7. bekk.

Helstu markmið

Unnið er samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* og skólanámskrá sem birtist í námsvísunum.

Uppbygging kennslunnar

Mikil áhersla er lögð á söng, hreyfingu og hljóðfæraleik.

Kennsluaðferðir

Kennsluhættir eru fjölbreyttir. Einstaklingsverkefni eru unnin og talsvert um samvinnunám. Áhersla er lögð á söng, hreyfingu, hljóðfæraleik og verkefni í vinnubók. Þemaverkefni eru unnin og oft í samvinnu við bekkjarkennara. Sem dæmi má nefna álfar og tröll í samvinnu við 1. bekk. Fjallað er um tónskáld og gerðar stuttmyndir í 6. bekk.

Námefni/gögn

Námsefni í tónmennt er frá Námsgagnastofnun, efni úr smíðju kennara, tónlist af diskum, myndbönd o.fl.



Tónsmíðar

Námsmat

Matið er innbyggt í vinnuferlið, og framlag nemanda er metið jafnóðum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þannig að endurgjöf til nemenda er tíð. Tekið er tillit til virkni, samvinnuhæfni og árangurs. Vitnisburður að vori er gefinn í orðum í yngri bekkjum og í tölum í eldri bekkjum og byggir á símati vetrarins auk lokakönnunar í sumum tilvikum.

Húsnæði – aðstaða

Aðstaðan er góð, gott pláss er fyrir hljóðfæraleik og dans. Huga þarf að því að setja upp hljóðeinangrað hljóðfæra/hljómsveitarherbergi í skólanum. Einnig þyrfti að hljóðeinangra tónmenntastofuna svo truflun við kennslustofur við hlið hennar verði sem minnst.

Veturinn gekk vel, allir árgangar voru jákvæðir og tóku virkan þátt í söng og hljóðfæraleik. Samvinna milli bekkjarkennara og tónmenntakennara hefur aukist og sungin eru lög og samin tónverk sem tengjast þeim sem árgangurinn er að vinna að.

Þemaverkefni tengt listadögum í Garðabæ var unnið með hóp nemenda í 6. bekk. Þemað var umhverfið og haldnir voru virkilega glæsilegir tónleikar þar sem afrakstur vinnunnar var sýndur.

Skólakór

Kórinn hóf starfsemi sína í september og æft var einu sinni í viku, 60 mín í senn og oftast þegar þörf var á. Í kórnum voru nemendur úr 4.–7. bekk. Unnið var að því að byggja upp söng og sönggleði og þjálfva hlustun á sjálfan sig og aðra. Einnig var unnið með samvinnu, það að vera í hóp, framkoma er þjálfuð, sungnir keðjusöngvar og tveggja radda lög. Sungin er tónlist frá öllum tímum og á nokkrum tungumálum. Kórinn syngur hreint og sönggleði er mikil. Ekki er gefin einkunn fyrir þátttöku í kórnum.

Kórinn söng í jólamessu skólans, söng þegar kveikt var á jólatrénu á Garðatorgi og tók þátt í syngjandi desember. Söngleikurinn *Mamma mia* var settur upp á vordögum og tókst með ágætum. Á næsta starfsári liggur fyrir að taka þátt í Landsmóti íslenskra barnakóra og setja upp söngleik. Aðstaðan er mjög góð, æft var í tónmenntastofunni og í salnum.

Unnur Þorgeirsdóttir tónmenntakennari

Íþróttir

Helstu markmið

Að nemendur læri helstu grunnhreyfingar, nái færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifi tap og sigra. Að nemendur upplifi hreyfingu á jákvæðan hátt og allir taki þátt og fái útrás fyrir hreyfipörf sína. Að nemendur tileinki sér helstu reglur í leikjum og gildandi umgengnisreglur í íþróttahúsi.

Uppbygging kennslunnar

Allir nemendur fá tvisvar sinnum 40 mínútur á viku í íþróttum. Kennt er í Mýrinni og úti að hausti og vori.

Kennsluaðferðir

Kennsla fer aðallega fram í leikjaformi, hring- og stöðvaþjálfun og „sýna- herma“ aðferðinni.

Námsefni/gögn

Allt það sem til er í íþróttahúsinu.



Norræna skólahlaupið 2011

Námsmat

Í 1–3. bekk er námsmat byggt á símati þar sem metið er virkni í tímum, hegðun, áhugi, samskiptafærni í leikjum og er matið huglægt. Í 4.–7. bekk er námsmat byggt á símati þar sem virkni í tímum, hegðun, áhugi, samskiptafærni í leikjum (huglægt mat) gildir 60% af annareinkunn. Almennir þættir hreyfifærni þ.e. samhæfing, þol og kraftur eru metnir og gilda 40% af annareinkunn.

Húsnæði – aðstaða

Íþróttakennsla fer ýmist fram í hálfum eða öllum sal Mýrarinnar. Salurinn er stór og góður en það glymur mikið og kom hann ekki vel út úr hávaðamælingu sem gerð var á vegum Vinnueftirlitsins. Hægt er að nota hljóðnema við kennslu sem er kostur þegar ná þarf til alls hópsins sem er dreifður um salinn. Hátalarakerfi nýtist vel við notkun tónlistar í kennslu.

Annað

Útikennsla í byrjun skólaárs hófst með kennslu í skemmtilegum leik sem ber nafnið „Pókó.“ Öllum starfsmönnum skólans og nemendum var kenndur leikurinn sem var leikinn hér í hverjum frímínútum í vetur.

Hreyfiproskaprófið “MOT 4-6” eftir *Zimmer* og *Volkamer* frá árinu 1984 var lagt fyrir 1. bekk á haustdögum. Prófið mælir hreyfiproska barna á aldrinum 4–6 ára. Það inniheldur 18 verkefni sem kanna líkamsliðleika, samhæfingu, færni, fínhyrtingar, jafnvægi, viðbragðshæfni, stöðkkraft, hraða og nákvæmni hreyfinga. Prófið var framkvæmt í íþróttatímum með aðstoð stuðningsfulltrúa. Hver og einn hafði umsjón með ákveðnum verkefnum og var því prófið framkvæmt af sama aðila á hverri stöð. Niðurstöðum úr prófinu var komið áfram til deildarstjóra sérkennslu. Foreldrar fengu niðurstöður úr prófinu í foreldraviðtalinu í október. Þeim var gefin kostur á að koma til íþróttakennara og skoða prófið. Niðurstöðurnar úr prófinu eru nýttar áfram í íþróttakennslunni þar sem unnið er áfram með grunnþætti grófhreyfinga og jafnvægis.

Norræna skólahlaupið fór fram þriðjudaginn 30. ágúst. Markmiðið með *Norræna skólahlaupinu* er að leitast við að hvetja nemendur til þess að æfa hlaup og auka með því útiveru og hreyfingu og að kynna og skýra nauðsyn þess að hreyfa sig, reyna á líkama sinn og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Að þessu sinni tóku 419 af 438 nemendum Hofstaðaskóla þátt. Allir fóru einn hring sem var 2,5 km og fóru margir fleiri hringi, allt upp í 15 km. Hlaupnir voru alls 1827.5

km. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er hringvegurinn eða þjóðvegur númer 1 nú 1333,41 km að lengd.

Danskennsla var í íþróttum í tvær vikur eftir áramót. Þorablót 6. bekkinga var haldið 8. febrúar, þar sem nemendur gátu nýtt kunnáttu sína og sýnt foreldrum. Í ár lærðu allir nemendur dans í tilefni af listadögum ungmenna í Garðabæ. Dansinn var sýndur á öskudaginn í matsal og tekinn upp á myndband og það sýnt á listadögunum. Danskennslan gekk vel fyrir sig og væri mjög þarft að setja danskennslu reglulega inn í stundaskrá nemenda.

Hið árlega *Vímuvarnarhlaup Lions* var haldið 16. maí og kepptu 5. bekkingar innbyrðis. 5. GP sigraði þetta árið. Lionskonur komu og voru viðstaddar hlaupið ásamt því að veita verðlaunabikar.



Vinningsliðið ásamt Lionskonum

Íþróttadagur var haldinn 5. júní og gekk mjög vel. Í ár var deginum skipt niður á sex stöðvar fyrir yngri hópinn, 1.-4. bekk og sex stöðvar fyrir eldri hópinn 5.-7. bekk. Hver stöð tók 20 mínútur og fengu nemendur fimm mínútur til þess að skipta um stöð. Í hádeginu fengu nemendur grillaðar pylsur. Dagurinn endaði síðan með samveru allra nemenda og kennara í íþróttahúsinu þar sem fram fór keppni milli kennara og nemenda í 7. bekk.

Ekki var Hofstaðaskóli með í skólapríbraut á vegum FRÍ í ár. Frjálsíþróttasambandið ákvað að fela aðildarfélögum umsjá með þessari keppni og bárust því upplýsingar um hana ekki til skólanna, heldur íþróttafélaganna.

Hreinn O. Karlsson og Ragnheiður Þ. Ragnarsdóttir



Íþróttadagur 2012

Sundkennsla

Helstu markmið

Að nemendur nái færni í öndun, köfun, floti og sundtökum í helstu sundgreinum.

Uppbygging kennslunnar:

1. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 11 – 12 manna hópa sem fengu 20 – 21 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
2. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 12 manna hópa sem fengu 20 – 22 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
3. bekkur: Nemendum var skipt upp í sex 11 – 12 manna hópa sem fengu 11 – 12 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 50 mínútur.
4. bekkur: Nemendum var skipt upp í fimm 12 – 14 manna hópa sem fengu 20 – 21 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 50 mínútur og einu sinni 40 mínútur.
5. bekkur: Nemendum var skipt í sex 12 – 13 manna hópa sem fengu 16 - 18 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur og einu sinni 40 mínútur.
6. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 13 - 14 manna hópa sem fengu 11 - 16 skipi hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur.
7. bekkur: Nemendum var skipt í fjóra 12 manna hópa sem fengu 14 – 16 skipti hver. Kennt var tvisvar í viku í 60 mínútur.

Kennsluaðferðir

Kennsla fór fram með hefðbundnum hætti. Æfingar í leikjaformi, stöðvaþjálfun og niðurbrot sunds þar sem að einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir.

Námsefni/gögn

Allt það dót sem fylgir sundlauginni í Mýrinni.

Námsmat

Nemendur voru prófaðir eftir samræmdum sundstigum úr námsskrá og einkunn gefin fyrir hvern þátt í námsframvindunni í *Mentor*.

Húsnæði – aðstaða

Sundlaugin í Mýrinni er lítil kennslulaug 10 x 16 metrar. Hún er búin hinum ýmsu tækjum sem hægt er að nota til aðstoðar við sundkennslu. Laugin hentar mjög vel til kennslu en er þó helst til lítil fyrir elstu nemendurnar. Ný reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum tók gildi 1. janúar 2011. Í kjölfarið voru haldin námskeið í sundlaugabjörgun og skyndihjálp.

Annað

Boðið var upp á sérkennslu einu sinni í viku á föstudögum kl. 08.00. Að mati kennara ætti að bjóða upp á þessa tíma áfram.

Lotuskipting í sundi hefur reynst vel þar sem að nemendur fara ört í sund og eru þá fljótir að tileinka sér undaðferðir sem kenndar eru. Yngstu nemendurnir sem eru vatnshræddir fá örari þjálfun og eru því fljótir að aðlagast vatninu. Það getur verið hætta á því að það líði of langur tími þar til að nemendur fari aftur í sund þegar að lotunni líkur.

Hreinn O. Karlsson og Ragnheiður Þ. Ragnarsdóttir

Skýrsla deildarstjóra sérkennslu

Í vetur voru tveir sérkennarar starfandi við sérkennslu, þær Margrét Einarsdóttir deildarstjóri sérkennslu sem kenndi aðallega í 6. bekk og Guðrún Dögg Jóhannsdóttir sem kenndi í 1., 2., 3ja 4. og 6.bekk. Brynja Jónsdóttir kennari, kenndi í 5. bekk ásamt nýbúakennslu. Sigurveig Sæmundsdóttir kenndi í 5. og 7. bekk. Björg Jónsdóttir var með sérkennsluhóp í 7. bekk í samfélagsfræði og íslensku. Sérkennsla fór aðallega fram inn í sérkennslustofum. Tveir þroskaþjálfar voru starfandi við skólann, Ragnhildur Sigurðardóttir og Anna Laxdal en Bryndís Guðmundsdóttir kom inn úr barneignarfríi og tók þá við af Önnu. Fjórir stuðningsfulltrúar voru starfandi við skólann. Það voru þær Agnes Kragh, Fanný María Ágústsdóttir og Sigríður Kragh. Elva Björk Ágústsdóttir hefur verið námsráðgjafi við skólann. Gréta E Pálsdóttir talmeinafræðingur og Trausti Valsson skólasálfræðingur komu a.m.k. vikulega í skólann.

Viðfangsefni sérkennslunnar eru einkum kennsla, stuðningur, ráðgjöf, samstarf við nemendur, foreldra, bekkjarkennara og aðra sérfræðinga innan og utan skólans (teymisvinna). Þroskaþjálfar og sérkennarar vinna í samvinnu við kennara að gerð einstaklingsnámskrár og aðlögun námsefnis/prófa. Þroskaþjálfar og sérkennarar sjá einnig um greiningu námserfiðleika og þeir taka stöðu nemenda. Gerð er skýrsla um alla þá nemendur sem fá þjónustu innan sérkennslunnar

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda og kyn þeirra nemenda sem fengu þjónustu sérkennslunnar og í hverju sú þjónusta fólst. Í sumum tilvikum er um að ræða sama nemandann sem fær mismunandi þjónustu.

Sérkennsla og sérfræðiþjónusta á skólaárinu

Árgangur	Íslenska		Stærðfræði		Nýbúa- þjónusta		Greining sérkennara				Greining/ þjónusta sálfræðings			Greining/ þjónusta talmeinafræðing	
							Íslenska		Stærðfræði						
	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Í bið	Dr.	St.
1.	4	3			1	1	2							5	6
2.	11	5	2	1	3	1								5	1
3.	10	5	4	2		2	4				7	2	1	1	1
4.	5	9		5	2	1	2	2			4	3		2	1
5.	7	5	5	2	2	1		1	1		2		1		
6.	16	3	2	4	2	1	2				2	2		2	
7.	5	7	3	3	1		1				2	3			
Alls	58	37	16	17	11	7	11	3	1		17	10	2	15	9

Önnur þjónusta

Frávíkspjónusta í prófum hefur verið veitt hjá sérkennurum. Hún felur í sér m.a. lengri próftíma, lesara, skrifara, munnlegt próf, aðlagð próf, notkun hjálpargagna s.s. upptökutæki, tölvu, vasareikni o.fl. Hafi nemandi tekið aðlagð próf, próf samkvæmt einstaklingsnámskrá eða ef tekið er tillit til stafsetningar, kemur það fram á vitnisburðarblaði. Sérkennarar koma að aðlögun námsefnis fyrir nemendur í bekkjaraðstæðum þar sem það á við, í samvinnu við umsjónarkennara. Þroskaþjálfar koma að aðlögun náms- og vinnuumhverfis fyrir nemendur í samvinnu við kennara þar sem það á við. Þroskaþjálfar sjá einnig um að vinna með félagsleg samskipti nemenda.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir einu sinni í viku allan veturinn. Deildarstjóri sérkennslu, deildastjórar yngra og eldra stigs, námsráðgjafi, skólastjóri og sálfræðingur sátu alla fundina. Þegar mál ákveðinna nemenda voru rædd voru umsjónarkennarar látnir vita og þeim boðið að sitja fundinn. Oft höfðu umsjónarkennarar frumkvæði að því að mál nemenda þeirra væru tekin fyrir. Anna Karin Júlíussen félagsráðgjafi, Hanna Rut Jónasdóttir hjúkrunarfræðingur fór í barnseignarleyfi í janúar og Bryndís Jóhannsdóttir tók við af henni og Helga Ágústsdóttir fulltrúi frá heilsugæslunni voru boðaðar mánaðarlega á fundi í allan vetur.

Samráðsfundir

Sérkennarar funduðu a.m.k. einu sinni í viku. Deildarstjóri sérkennslu og stuðningsfulltrúar funduðu mánaðarlega. Deildarstjóri sérkennslu og þroskaþjálfar funduðu a.m.k. einu sinni í mánuði á skólaárinu. Reglulegir fundir voru með kennurum sem kenndu sérkennslu og deildarstjóra sérkennslu. Deildarstjóri sérkennslu fundaði auk þess reglulega einn með námsráðgjafa, sálfræðingi og talmeinafræðingi.



Samvinna

Lestrarpróf

Allir nemendur skólans voru lestrarprófaðir þrisvar sinnum á árinu og þeir sem voru undir viðmiðum árgangs voru prófaðir fimm til sex sinnum. Sérkennarar skólans sáu um að raddlestrarprófa alla nemendur í 2.-7. bekk að hausti og í maí og nemendur undir viðmiðum í mars. Umsjónarkennarar sáu um að lestrarprófa alla nemendur undir viðmiðum í október og

alla nemendur í janúar. Umsögn er gefin með lestrinum í janúar og maí fyrir alla nemendur skólans. Í lestrarprófum er alltaf gefinn upp atkvæðafjöldi og villuprósentu eða nákvæmnis-
lestur og er miðað við að ásættanlegt sé að nemendur lesi með færri en 3% villum. Eftirfarandi
tafla sýnir hlutfall þeirra nemenda sem ná viðmiðum hvers árgangs í lestri undanfarin 3 ár. Í
vetur var lagt upp með að 70% nemenda næðu viðmiðum árgangsins.

**Fjöldi nemenda skólaárin 2010 – 2012 sem náðu viðmiðum árgangs í lestri
(atkvæðum á mínútu).**

Skólaárið 2012

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv./mín	60	134	170	200	220	250	270
Hlutfall nemenda í maí 2012		76%	56%	61%	72%	62%	47%	50%

Skólaárið 2011

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv./mín	60	134	170	200	220	250	270
Hlutfall nemenda í maí 2011		77%	60%	63%	75%	65%	49%	36%

Skólaárið 2010

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv./mín	60	134	170	200	230	270	300
Hlutfall nemenda í maí 2010		69%	67%	61%	50%	46%	10%	17%

Einstaklingsnámskrágerð

13 nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá í vetur. Þverfagleg samvinna var á meðal umsjónarkennara, sérkennara og þroskaþjálfra. Miðað var við að þeir nemendur fengju einstaklingsnámskrá sem vikju verulega frá í allt að þremur námsgreinum og/eða nemendur sem voru með veruleg frávík í hegðun. Allar einstaklingsnámskrár voru gerðar með samþykki og samvinnu foreldra. Lokaskýrslur voru unnar fyrir alla nemendur sem unnu samkvæmt einstaklingsnámskrám.

Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

1. bekkur

Í upphafi skólaárs var deildarstjóri sérkennslu með kynningarfyrirlestur fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Fjallað var um lestur, hlutverk skólans í lestrarkennslunni og hlutverk foreldra.

Í fyrsta bekk var lögð áhersla á undirstöðupætti lestrarkennslunnar og m.a. unnið með *Orð af orði*. Bekkjarkennarar skiptu í hópa í „Markvissri málörvun“ í samráði við talmeinafræðing og deildarstjóra sérkennslu og fór hluti kennslunnar fram hjá sérkennara. Hóparnir voru fjórir fram í lok nóvember en þá var þeim skipt aftur niður á bekki en einn hópur úr öllum bekkjum hélt áfram í sérkennslu daglega. Sérkennari tók stafa- og lestrarkönnun hjá nemendum í október. Allir nemendur í 1. bekk voru raddlestrarprófaðir í janúar og að vori, skráð var í námsframvindu hvar nemendur voru staddir í lestrarferlinu. Þeir nemendur sem voru orðnir nokkuð öruggir í lestrinum fengu atkvæði með umsögn. Málþroskaprófið *TOLD-2P* var lagt fyrir fjóra nemendur.

Bekkjarkennarar lögðu lestrarskimunarpróf fyrir nemendur; *Leið til læsis* í október. Fjórir nemendur fengu tvo tíma á viku hjá þroskajálfa í málörvandi verkefnum, tveir þeirra vegna nýbúafræðslu.

2. bekkur

Sérkennsla í 2. bekk miðaði að því að halda áfram þar sem frá var horfið í lestrarkennslu í 1. bekk. Lögð var áhersla á *Orð af orði*, lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund. Í janúar fengu nokkrir nemendur námskeið í undirstöðupáttum stærðfræðinnar. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. Bekkjarkennarar lögðu lestrarskimunarpróf fyrir nemendur *Læsi I* í nóvember og *Læsi II* í febrúar. Sérkennari sá um prófafrávik í árganginum. Fjórir nemendur fengu nýbúakennslu. Lestraráttak „*Lesum saman*“ (samstarf foreldra og nemenda) var í gangi á vorönn, 11 nemendur tóku þátt. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Einn nemandi vann samkvæmt einstaklingsnámskrá.

3. bekkur

Í sérkennslu í 3. bekk var unnið með *Orð af orði*, lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund og stærðfræði. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. *LOGOS lestrargreiningarpróf* var lagt fyrir fjóra nemendur. Tveir nemendur fengu nýbúakennslu. Sérkennari sá um prófafrávik í árganginum. Tvenns konar lestraráttak (samstarf foreldra og nemenda) var í boði á vorönn og tóku 22 nemendur þátt. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur.

4. bekkur

Sérkennsla í 4. bekk fór fram í sérkennslustofu. Lögð var áhersla á *Orð af orði*, lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund í íslensku. Í stærðfræðihópunum var lögð áhersla á að efla skilning og sjálfstraust, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í að finna sem fjölbreyttastar leiðir til að skilja og finna lausnir. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. *LOGOS lestrargreiningarpróf* var lagt fyrir fjóra nemendur. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í september. Deildarstjóri sérkennslu í samráði við bekkjarkennara og forráðamenn nemenda sá um að meta og sækja um frávíkspjónustu. Sótt var um frávik fyrir þrjá drengi og þrjár stúlkur í íslensku og stærðfræði. Fjórir nemendur fengu auk þess að taka prófin í rólegum

aðstæðum. Boðið var upp á tvenns konar lestrarátak (samstarf foreldra og nemenda) á vorönn, fjórtán nemendur tóku þátt. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Deildarstjóri sérkennslu kynnti lesskilningsverkefni í öllum 4. bekkjunum, bekkjar-kennarar fylgdu þessum verkefnum eftir á vorönn. Fimm nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá. Þrír nemendur fengu nýbúakennslu.

5. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofu. Áhersla var lögð á *Orð af orði*, lestur, lesskilning, ritun og stafsetningu. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra að vori. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir einn nemanda og *TOLD-2I* lagt fyrir einn nemanda. Þrír nemendur í árganginum fengu nýbúakennslu.

Í 5. bekk var færnimiðað nám í stærðfræði. Nemendum var skipt í fimm færnimiðaða hópa. Námsefni, próf og kannanir voru aðlagðar að þörfum sérhvers nemanda. Nemendur fengu að hafa hjálpargögn í könnunum og prófum. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Fjórir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá, þrír nemendur fengu nýbúakennslu. Einn nemandi fékk *Easy Tutor* lestrarforrit í heimatölvuna sína.

6. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofu. Áhersla var lögð á *Orð af orði*, lestur, lesskilning og stafsetningu. Þrír nemendur fengu nýbúakennslu.

Stafsetning (*Aston Index*) stakra orða var lagt fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst og nokkra í maí. *TOLD 2-I* málproskapróf var lagt fyrir einn nemanda og *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir einn nemanda. Boðið var upp á færnimiðað nám í stærðfræði og ensku. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Fjórir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá. Tveir nemendur fengu *Easy tutor* lestrarforrit í heimatölvuna sína og einn vann með Foxit reader, vinnubókarforrit. Þrír nemendur fengu nýbúakennslu.

7. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofu og í bekkjarstofu. Unnið var með lestur og lesskilning, stafsetningu og málfræði. Samvinna var við bekkjarkennara (innlögn, upprifjun) og tekið mið af stöðu nemenda hverju sinni. Stafsetning (*Aston Index*) stakra orða var lögð fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst og nokkra í maí. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir einn nemanda. Einn nemandi fékk nýbúakennslu. Fjórir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá. Einn nemandi fékk *Easy tutor* lestrarforrit í heimatölvuna sína.

Boðið var upp á færnimiðað nám í stærðfræði og ensku. Kannanir og próf voru unnin úr kennslufni hópsins.

Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í september. Deildarstjóri sérkennslu í samráði við bekkjarkennara og forráðamenn nemenda sá um að meta og sækja um frávíkspjónustuna. Sótt var um frávík í íslensku fyrir þrjá drengi og sex stúlkur og í íslensku fyrir einn dreng og sex stúlkur í stærðfræði. Fjórir nemendur nýttu sér að taka prófið í rólegum aðstæðum án frávika.

Margrét Einarsdóttir, deildarstjóri sérkennslu

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Skólaárið 2010-2011 var námsráðgjafi í 80% starfshlutfalli í Hofsstaðaskóla. Eftirfarandi þjónusta var í boði: Einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf, aðstoð við bekkjarfundi, vinahópar, námstækni-ráðgjöf og fræðsla, fræðsla um einelti, kynferðislegt ofbeldi, sjálfsmynd og líkamsmynd, vinna samkvæmt eineltisferli skólans, félagsfærnihópar og ráðgjöf vegna prófaundirbúnings. Mikil samvinna var við foreldra/forráðamenn, kennara, sálfræðing, deildastjóra, aðra starfsmenn og stjórnendur skólans.

Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru margskonar s.s. námsvandi, félagslegur vandi, tilfinningavandi, vandi með sjálfsmynd, hegðunargvandi, prófkvíði, vandi í bekk, fjölskylduvandi, einelti og fleira. Nemendur, forráðamenn, umsjónarkennari eða aðrir starfsmenn óskuðu eftir aðstoð námsráðgjafa á tilteknu eyðublaði eða með öðrum skriflegum hætti svo sem tölvupósti.

Fjöldi nemenda sem fengu aðstoð námsráðgjafa

Nemendur sem leituðu til eða var vísað til námsráðgjafa í vetur voru 141 en það eru 32% af nemendum skólans. Þar af voru drengir 47 talsins eða 33% og stúlkur 94 talsins eða 66%. Hér eru þó ekki taldir með bekkjarfundir eða fræðsla sem námsráðgjafi tók þátt í eða þegar nemendur komu einu sinni eða tvisvar sinnum til námsráðgjafa. Ekki eru taldir með þeir nýnema sem bættust í nemendahópinn á skólaárinu, en námsráðgjafi hefur hitt hvern nýnema tvisvar sinnum.

Fleiri stúlkur leita til námsráðgjafa en drengir, en ástæður þess eru ekki ljósar, í einhverjum tilfellum er sótt beint um aðstoð sálfræðings án milligöngu námsráðgjafa. Í öðrum tilvikum eru drengirnir ekki eins viljugir og stúlkurnar að leita til námsráðgjafa og stúlkurnar leituðu mun oft af sjálfsdáðum til námsráðgjafa en drengir. Námsráðgjafi hefur unnið að því að hanna verkefni og fræðslu sem höfða til drengja. Sú vinna hófst árið 2010 og hefur fjöldi drengja (sem hlutfall allra nemenda er leita til námsráðgjafa) aukist á þeim tíma. Mikilvægt er fyrir námsráðgjafa að halda áfram þeirri vinnu, að hanna verkefni og aðferðir í ráðgjöf fyrir drengi. Námsráðgjafi þarf einnig að kynna sig og starfið sitt vel í bekkjum og auka fræðslu inni í bekk svo fleiri drengir njóti góðs af þjónustu námsráðgjafa.

Skipting nemenda eftir þjónustu

Einstaklingsráðgjöf	42 nemendur
Hópráðgjöf	115 nemendur
Bekkjarráðgjöf	1., 3., 4., 5., 6. bekkur
Námstækninámskeið	7. bekkur

Skipting nemenda sem fengu þjónustu eftir árgöngum

Árgangur	Fjöldi nemenda	Hlutfall af heildarfjölda
1. bekkur	15	27%
2. bekkur	8	13%
3. bekkur	22	31%
4. bekkur	21	33%
5. bekkur	34	47%
6. bekkur	36	53%
7. bekkur	5	10%

Hér sést hlutfall þeirra nemenda sem fengu aðstoð námsráðgjafa í hverjum árgangi. Aðeins er talið upp þegar nemandi kemur oftast en einu sinni til tvisvar sinnum til námsráðgjafa eða þegar námsráðgjafi vinnur með hópi nemenda í nokkur skipti. Ekki var unnt að taka saman fjölda nemenda sem koma einstaka sinnum til námsráðgjafa. Í þessari töflu er því aðeins um að ræða frekari aðstoð námsráðgjafa.

Önnur verkefni námsráðgjafa

- Námsráðgjafi hefur tekið á móti nýjum nemendum sem koma úr öðrum skólum. Þessa nemendur hittir hann einu sinni í byrjun og svo aftur þegar tvær til þrjár vikur eru liðnar af skólavistinni. Þetta ferli hefur gefist vel.
- Tengslakönnun er framkvæmd í öllum bekkjum skólans, en það er greiningartæki til að kanna félagatengsl í afmörkuðum hópum. Námsráðgjafi hefur umsjón með fyrirlögn könnunarinnar og les úr niðurstöðum ásamt því að taka þátt í aðgerðum sem fylgja í kjölfarið ef þurfa þykir.
- Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og deildarstjórar. Ef eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr eineltisteyminu. Námsráðgjafi hefur verið virkur í þessu vinnuferli og fylgt eftir þeim nemendum sem hafa orðið fyrir einelti. Teymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ*.
- Námsráðgjafi situr í áfallaráði Hofsstaðaskóla með stjórnendum skólans, ritara og hjúkrunarfræðingi.
- Nemendur í 1. bekk fengu félagsfærniþræðslu og kynningu á leiðum til að leysa vanda.
- Námsráðgjafi tók þátt í fræðslu hjúkrunarfræðings um kynferðislegt ofbeldi fyrir nemendur í 1. bekk
- Námsráðgjafi tók þátt í að fá *Blátt áfram* fræðslu fyrir nemendur í 2. bekk og fylgdi verkefninu eftir með kynningu og verkefnavinnu.
- Nemendur í 4. bekk fengu fræðslu og verkefni um sjálfsmynd og líkamsmynd.
- Nemendur í 5. bekk fengu fræðslu um einelti og stríðni.
- Nemendur í 7. bekk fengu kennslu í námstækni. Í 7. bekk fengu nemendur tvær kennslustundir í námstækni. Þá var bekkjum skipt upp í minni hópa og fræðsla í boði hjá námsráðgjafa.
- Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir hvern mánudag. Námsráðgjafi sat alla fundi nemendaverndarráðs, enda ber honum skv. lögum skylda til að sitja í ráðinu.

- Námsráðgjafar í grunnskólum Garðabæjar hittast reglulega yfir veturinn á faglegum samráðs- og handleiðslufundum.
- Samvinna við kennara, starfsfólk skólans, foreldra, nemendur og annarra hefur falist í fundahöldum, símaviðtölum og tölvupóstsamskiptum. Einnig hafa foreldrar notað foreldraviðtalsdaga til að hitta námsráðgjafa.
- Útbúin hefur verið skýrsla um þá nemendur sem hafa komið reglulega til námsráðgjafa og er hún geymd hjá deildastjóra sérkennslu.

Eineltismál í Hofsstæðaskóla 2011-2012

Breytingar hafa orðið á undanförunum árum á meðhöndlun eineltismála eftir að eineltisteymi tók til starfa og verkefnið *Gegn einelti í Garðabæ* hófst, en það er samstarfsverkefni grunnskóla Garðabæjar. Það er skýr stefna í grunnskólum Garðabæjar að taka strax á eineltismálum. Markviss vinna fer í gang þegar eineltismál koma upp.


Við skólann er starfandi eineltisteymi, sem í sitja deildarstjórar og námsráðgjafi. Eineltisteymið fundar reglulega með teyminum úr öðrum grunnskólum Garðabæjar. Þegar eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr teyminu og haft er samráð um viðbrögð og aðgerðir. Í meðferð eineltismála er starfað eftir *Handbók starfsmanna* þar sem skilgreindar eru vinnureglur í eineltismálum. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um hvernig eigi að bregðast við.

Í mörgum tilfellum, þegar grunur leikur á einelti, er hægt að koma í veg fyrir einelti með ýmsum úrræðum. Þar má nefna vinahópa og félagsfærnihópa, reglulega bekkjarfundi með nemendum og umsjónarkennurum, fundi með deildarstjórum eða námsráðgjafa og nemendum. Með þessum úrræðum er oft hægt að taka á málum er tengjast samskiptum nemenda áður en þau verða að eineltismálum.

Eineltismál eru mismunandi og haga ber vinnu hvers máls eftir eðli þess. Aðgerðir miðast af því hvort um sé að ræða *grun um einelti* eða *sannanlegt einelti*. Öll mál sem koma upp eru skráð.

Í ágúst árið 2006 hóf námsráðgjafi störf í Hofsstæðaskóla. Frá þeim degi hefur námsráðgjafi haft umsjón með skráningum á þeim eineltismálum sem upp koma, hvort sem um ræðir grun um einelti eða sannanlegt einelti. Mikilvægt er að halda utan um skráningar á einelti til að meta þróun og framfarir í forvörnum og vinnu gegn einelti.

- Skólaárið 2011-2012 voru tilkynnt 4 eineltismál (5.-6.bekkur)
- Skólaárið 2010-2011 voru tilkynnt 9 eineltismál (4.-7. bekkur)
- Skólaárið 2009-2010 voru tilkynnt 7 eineltismál (4.-7. bekkur)
- Skólaárið 2008-2009 voru tilkynnt 9 eineltismál (2.-7. bekkur)
- Skólaárið 2007-2008 voru tilkynnt 3 eineltismál (6.-7.bekkur)
- Skólaárið 2006-2007 voru tilkynnt 2 eineltismál (5.-7. bekkur)



Samkvæmt þessu þá virðist sem eineltismálum fjölgi upp úr 2008 en svo þarf ekki að vera. Samskiptavandamál sem komu þá upp voru oft unnin með félagsfærnihópum, vinahópum eða bekkjarfundum en ekki tilkynnt sem eineltismál. Í dag eru bæði umsjónarkennarar og foreldrar duglegri við að tilkynna svipuð mál sem eineltismál. Í ár virðist þó sem eineltismálum hafi fækkað sem er mjög góð þróun. Vera má að starfsmenn skólans grípi fyrir inn í samskiptavanda en áður og sporni þannig gegn því að vandinn verði að einelti. Starfshlutfall námsráðgjafa hefur einnig aukist frá því árið 2009 og því hægt að sinna samskiptamálum bæði fyrir og meira en áður.

Nauðsynlegt er að vinna áfram í málum er tengjast einelti, fræða starfsfólk um einelti sem og nemendur. Regluleg könnun á líðan nemenda, stríðni og einelti er stór þáttur í því að sporna við eineltinu og taka á þeim málum sem upp koma. Forvarnarvinna getur verið mjög árangursrík og því mikilvægt að halda bekkjarfundi reglulega, bjóða nemendum og foreldrum upp á vinahópa utan skóla sem og á skólatíma. Fræðsla til nemenda um einelti, stríðni og áhrif þess er mikilvæg. Öll vinna námsráðgjafa og umsjónarkennara í tengslum við einelti er mikilvæg og nauðsynlegt er að styrkja hana enn betur svo sem með aukinni fræðslu til nemenda um einelti fyrir alla árganga. Félagsfærnivinna fyrir nemendur sem eiga í vanda með félagstengsl getur nýst nemendum mjög vel þar sem félagsstaða nemenda styrkist. Einnig gagnast ráðgjöf fyrir nemendur með aðstoð kennara, þroskaþjálfara, deildarstjóra, námsráðgjafa eða sálfræðings. Með aukinni þekkingu nemenda á einelti, áhrifum þess og aukinni virðingu nemenda gagnvart sjálfum sér og öðrum er mögulegt að vinna að bættri líðan nemenda í Hofstaðaskóla.

Elva Björk Ágústsdóttir náms- og starfsráðgjafi



Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni

Starf kennsluráðgjafa

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Það felur í sér ráðgjöf og aðstoð við nemendur, foreldra og starfsfólk í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni í kennslu. Upplýsingamiðlun er stór hluti af starfi kennsluráðgjafa því hann hefur umsjón með vef skólans og aðstoðar kennara við upplýsingamiðlun á vefinn. Starfsfólk, nemendur og foreldrar skólans nota Mentor í auknum mæli til að halda utan um og fylgjast með námsframvindu nemenda. Kennsluráðgjafi kemur að stefnumörkun varðandi notkun á kerfinu og heldur m.a. utan um námsmat í skólanum í samvinnu við stjórnendur og kennara. Kennsluráðgjafi fylgist með nýjungum, vefsíðum og námsefni sem nýtist í kennslunni á hverjum tíma. Kennsluráðgjafi hafði umsjón með hópi nemenda í 5. og 6. bekk sem tók að sér að útbúa og flytja kynningu á skólanum fyrir foreldra nemenda sem hefja eiga skólagöngu í grunnskólum Garðabæjar haustið 2010.

Kennsluráðgjafi situr fundi með sjálfsmatshóp skólans og hefur umsjón með rafrænum könnunum sem sendar eru í tengslum við sjálfsmat skólans. Kennsluráðgjafi sat einnig fundi með öryggisnefnd skólans.

Á haustönn aðstoðaði kennsluráðgjafi umsjónarkennara í 1. bekk við tölvukennslu og á vorönn tók hann að sér lítinn hóp nemenda úr 2. bekk á stærðfræðinámskeið í tölvum. Aukin tími fer í samskipti við tölvudeild og notendapjónustu við starfsfólk skólans vegna minni háttar tæknilegra vandamála eftir tilfærslu tölvuumsjónarmanna úr skólanum. Kennsluráðgjafi hefur einnig séð um innkaup og haldið utan um og eignaskráð tölvutengdan búnað s.s. myndavélar, prentara, skjávarpa o.fl.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni við grunnskóla Garðabæjar halda fundi reglulega þar sem þeir ræða um stefnumörkun og deila hugmyndum.

Aðstaða til kennslu

Í október voru settar upp nýjar tölvur í tölvustofu skólans og á bókalofti. Í tölvustofunni eru 26 nemendatölvur og kennaratölva sem tengd er við gagnvirka töflu. Auk þess er þar prentari. Óskað var eftir uppsetningu á ReNet hugbúnaðinum en hann komst ekki í gagnið þetta skólaárið.

Á bókalofti eru 13 nemendatölvur og þar er kennaratölva sem tengd er við skjávarpa. Skipt var um skjávarpa á loftinu um áramót. Á bókasafninu eru þrjár tölvur sem nemendur hafa aðgang að en þær eru einnig notaðar til að „brenna“ hljóðbækur og annað efni á diska.

Fimm borðtölvur eru notaðar í sérkennslurýmum, 16 í bekkjarstofum og tvær í Ritþjálfahofi. Ástand borðtölvanna var mjög mismunandi því þær voru ekki uppfærðar fyrir skólaárið og var frágangi á þeim víða ábótavant.

Fartölvuvagn skólans hefur látið mjög á sjá og er vart hægt að tala um nothæfi hans þetta skólaárið. Kennarar sáu sér ekki hag í að nota vagninn sökum hægagangs og fleiri vandkvæða. Vélum í vagninum hefur fækkað úr 15 niður í tólf. Skólinn er að mestu leyti orðinn þráðlaus.

Í vetur voru alls átta gagnvirkar „Smartboard“ töflur í notkun. Ein í tölvustofu skólans, fimm veggfastar í kennslustofum (1. bekkur og 7. bekkur) og tvær töflur á hjólum, ein á hvorri hæð skólans. Foreldrafélag skólans hefur s.l. ár staðið fyrir fjáröflun til kaupa á gagnvirkum



kennslutöflum. Í skólanum eru 79 nemendatölvur. Aðgengi að nokkrum af þeim tölvum er einskorðað við ákveðna nemendur í tengslum við sérþarfir. Fastir skjávarpar eru komnir upp á nokkrum stöðum í skólanum: Höllinni (í sameiginlegu rými), stofum 211, 212, 213 og beðið er eftir uppsetningu í myndmenntastofu. Auk þess eru fastir skjávarpar í sal skólans, Regnboganum, bókasafni, bókalofti og tónmenntastofu.

Nám og kennsla

Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni voru hafðar til hliðsjónar við kennslu í tölvu- og upplýsingatækni. Allar kennsluáætlanir voru uppfærðar fyrir skólaárið 2011-2012. Teknir eru fyrir mismunandi þættir í hverjum árgangi og þannig myndaður góður grunnur og samfella tryggð í tölvunámi nemenda. Kennarar eru einnig hvattir til að samþætta markmið upplýsingatækninnar og annarra námsgreina. Í vetur var lögð sérstök áhersla á að kennarar færu yfir Mentor með nemendum í 5. – 7. bekk þ.e. hvernig þeir gætu skráð sig inn á eign notendanafni og lykilorði, fylgst með og haldið utan um námið sitt. Í kennsluáætlunum er einnig lögð áhersla á fræðslu um öryggi á netinu. Kennarar eru hvattir til að ræða um örugga netnotkun við nemendur, ræða um þær reglur sem gilda um tölvunotkun í skólanum og fara yfir kennsluefni frá SAFT.

Keyptur var aðgangur að *Kötluvefnum* vegna nýbúakennslu, að *Skólavefnum* og *Rasmus* fyrir alla nemendur skólans en að auki var í vetur keyptur aðgangur að *Stærðfræðivefnum* og 34 leyfi að *Mathletics* stærðfræðivefnum. Leyfin voru nýtt í 7. bekk og fyrir nokkra nemendur í 2. bekk. Fjöldi kennara nýtti tækifærið og skráði nemendur til leiks á s.k. Evrópuleika á Mathletics vefnum sem fram fóru 14. og 15. maí. Mikil og góð stemmning myndaðist í skólanum og voru nemendur mjög áhugasamir og stóðu sig með miklum sóma. Ákveðið hefur verið að taka tilboði um endurnýjun leyfa fyrir næsta skólaár en tilboðið hljóðar upp á að skólinn fái 34 auka leyfi endurgjaldslaust til viðbótar þeim 34 sem greitt verður fyrir. Leyfin til ráðstöfunar næsta skólaár verða því 68.



Hver bekkur fékk í vetur eina kennslustund á viku með umsjónarkennara í tölvuveri. Auk þess fengu nemendur í hverjum árgangi kennslu í smærri hópum. Kennslan fór fram í lotum (LV eða hringekju) og var kennslufyrirkomulagið eftirfarandi:

1. bekkur (LV)

Ein kennslustund á viku í 11 vikur

2. bekkur (Hringekja)

Ein kennslustund á viku í 8-9 vikur

3. bekkur (List og verkgreinar)

Ein kennslustund á viku í 5-6 vikur

4. bekkur (Hringekja)

Ein kennslustund á viku í 8-9 vikur

5. bekkur (List og verkgreinar)

Ein kennslustund á viku í 5-6 vikur

6. bekkur

Hver bekkur eina kennslustund að auki í tölvustofu

7. bekkur (Hringekja)

Ein kennslustund á viku í 11 vikur.

Auk ofangreindra tíma þá var blár hópur í stærðfræði með fastbókaða eina kennslustund á viku í tölvustofu þar sem nemendur unnu verkefni á *Mathletics* stærðfræðivefnum og öðrum náms og kennsluvefjum. Kennari hópsins Anna Magnea Harðardóttir var ánægð með þetta fyrirkomulag og hefur óskað eftir sambærilegu fyrirkomulagi næsta vetur þ.e. að fá tækifæri til að nota tölvustofuna eina kennslustund á viku í tengslum við stærðfræðikennslu. Aðrir hópar hafa einnig nýtt tölvurnar markvisst í kennslu s.s. í ensku og dönsku og látið vel af því fyrirkomulagi.

Ritþjálfari – vélritun

Nemendur í 3.-7. bekk fengu kennslu í vélritun. Kennt er á Ritþjálfara í Hofi 5 en þar eru tæki fyrir heilan bekk sem tengd eru við kennaratölvu. Kennt var í heilum bekkjum að 3. bekk undanskildum en þar var kennt í smærri hópum í tengslum við list- og verkgreina-skipulag. Nemendur í 7. bekk fóru ekki í Ritþjálfastofu. Þeir notuðu forritið *Ritfinn* og *Typing Master*. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám í vélritun þ.e. hver nemandi vinnur á sínum hraða og fær verkefni við hæfi. Í vetur tóku nemendur í 5.-7. bekk þrjú vélritunarpróf; í október, febrúar og maí. Kennarar skráðu umsagnir í *Námsframvindu Mentor*.

Myndavélar og annar búnaður

Hver árgangur hefur myndavél til umráða. Auk þess eru nokkrar aðrar myndavélar til afnota fyrir nemendur og starfsmenn skólans. Mikil áhersla er lögð á að kennarar taki myndir af skólastarfinu og miðli fréttum á vefinn. Kennsluráðgjafi heldur utan um myndavélaeignina og fylgihluti og aðstoðar nemendur og kennara með ýmis tæknileg atriði varðandi vélarnar og umsýslu með myndir.

Á skólaárinu voru keyptir sex nýir skjávarpar. Skipt var um varpa á bókalofti, settur upp nýr varpi og hátalarar í nýtt sameiginlegt rými í Höllinni, skjávarpi í myndmenntastofu og í kennslustofur í austurálmum á efstu hæð (211, 212 og 213) voru settir upp skjávarpar, hátalarar og tengibretti.

Starfsmenn Varmás voru fengnir til að festa upp nýja gagnvirka töflu í stofu 203 og laga festingar og frágang lagna í tengslum við töflur í stofum 101 og 102. Á sama tíma fóru þeir yfir allar töflur í skólanum og rykhreinsuðu. Nauðsynlegt er að koma viðhaldi á töflunum inn í verkferli og skilgreina ábyrgð og hlutverk skólans annars vegar í því ferli og tölvudeildar hins vegar.

Keypt voru tvö ný DVD tæki til að endurnýja annars vegar tæki á bókasafni og hins vegar í tómstundaheimilinu Regnboganum. Fyrir verðlaunafé sem áskotnaðist fyrir eTwinning verkefni var keypt s.k. *Document camera* sem hægt er að tengja við gagnvirkar kennslutöflur. Ritþjálfahofið var tekið í gegn, snúrur lóðaðar og gengið betur frá. Keyptir voru tveir prentarar, annar fyrir námsráðgjafa og hinn fyrir kennsluráðgjafa.

Samskipti heimila og skóla-Mentor

Mikil áhersla er lögð á öflug og góð samskipti heimila og skólans. Ýmsar leiðir eru notaðar til samskipta s.s. fundir með nemendum og foreldrum, símhringingar, tölvupóstur, vefur skólans og Fjölskylduvefur *Mentor.is*. Í vetur fólust skyldur kennarar í tengslum við *Mentor.is* í:

- Skráningu á ástundun (fjarvist, veikindi, leyfi, seint)
- utanumhald og birting á einkunnum í verkefnabókum Mentor
- dagbókarskráningum
- heimavinnuáætlun í hverri viku (birt á Fjölskylduvef)
- tölvupóstsamskiptum (svara erindum og senda a.m.k. eitt bréf á viku til foreldra)
- einkunnaskráningu
- leiðsagnarmat fyrir foreldraviðtöl í október
- skráningu í Námsframvindu
- fréttaskrif á vef skólans

Skólaritari er miðpunktur í ástundunarskráningu nemenda. Hann tekur við innhringingum og skráir veikindi og leyfi. Forráðamenn og nemendur hafa veflykil sem veitir þeim aðgang að upplýsingum þar sem þeir geta fylgst með ástundun og framvindu námsins. Foreldrar geta tilkynnt og skráð veikindi sjálfir inn á Fjölskylduvef Mentor.

Líkt og síðastliðin skólaár var farið fram á að nemendur með aðstoð foreldra sinna fylltu út *Leiðsagnarmat* fyrir foreldraviðtöl í október. Upplýsingarnar vistast í Mentor og eru aðgengi-
legar til upprifjunar og eftirfylgni.

Skólaárið 2011-2012 var námsmarkmiðum í tölum bætt inn í Námsframvindu Mentor, sem og námsmarkmiðum í lestri og stærðfræði í 1. bekk og ritun hjá 5. og 7. bekk.

Vefur skólans

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með vef skólans. Vefurinn gegnir mjög mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun og því er lögð áhersla á að setja reglulega upplýsingar, nýjar fréttir og myndir af skólastarfinu á heimasíðuna.


Skólastjórnendur og kennarar hafa tekið virkan þátt í upplýsingamiðluninni með því að taka myndir og skrifa stuttar fréttir í tengslum við starf sitt með nemendum.

Markmiðið er að virkja og efla sem flesta til að koma að miðlun efnis á vef skólans. Ritari skólans hefur í vetur skráð atburði í atburðadagatal.

Fréttir og myndir af skólastarfinu er líkt og áður vinsælt skoðunarefni. Heimsóknir á síðuna eru að meðaltali 204 á dag og notendur í hverjum mánuði að meðaltali um 1900.

Topp-síður á vef Hofstaðaskóla

Skólaárið 2011-2012



Á myndinni hér fyrir ofan má sjá mest skoðuðu síðurnar á vef skólans. Mest skoðuðu síðurnar á vefnum eru forsíðan og fréttirnar, krækjusafnið og myndasíðurnar. Við skoðun virðist hafa dregið örlítið úr aðsókn á vef skólans frá því skólaárið 2010-2011. Hins vegar má taka fram að vefur skólans var ekki sjálfgefin upphafssíða í vöfum sem ræstir voru upp í tölum skólans. Ítrekað var beðið um að það yrði lagað en það komst ekki í framkvæmd.



Á myndritinu má sjá mánaðarlegar heimsóknir á vef Hofsstaðaskóla skólaárið 2011-2012

Tekið af vef Modernus júní 2012

Samskiptaverkefni

Skólinn hóf í haust þátttöku sína í Comeníusarverkefninu Regnbogatré (Rainbow tree). Verkefnið sem standa mun yfir í tvö ár er tileinkað umhverfismennt nemenda í yngri bekkjum grunnskóla, foreldrum þeirra og kennurum. Það byggir á skapandi vinnu og virkri þátttöku og tengist sú vinna fjölmörgum markmiðum námskrár og ýmsum námsgreinum. Meginmarkmið verkefnisins er að hafa áhrif á viðhorf og breytni gagnvart náttúrunni með því að auðga þekkingu nemenda á mismunandi sviðum og þróa ýmsa leikni sem gagnast þeim til frekari þroska. Alls taka 7 þjóðir þátt í verkefninu. Á árinu voru Rúmenía, Bretland og Tyrkland heimsótt. Verkefnastjórar eru: Anna Magnea Harðardóttir, Elísabet Benónýsdóttir og Ragnheiður Stephensen.



Kennsluráðgjafi fór í mars til Berlínar í boði Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins á árlega ráðstefnu-/hátíð sem haldin er í tengslum við eTwinning Evrópusamstarfið.

Framtíðarsýn

Hvað skipulag kennslu varðar næsta vetur lítur út fyrir að hún verði með nokkuð svipuðu sniði. Til viðbótar við hefðbundna kennslu í 5. bekk fá nemendur kennslu í forritun. Umsjón með þeirri kennslu verður í höndum Rakelar Sölvadóttur hjá Skema og verður að öllum líkindum unnin rannsókn í tengslum við verkefnið.

Áfram verður unnið með Námsframvinduna í Mentor og að frekari þróun námsmats í skólanum. Mikilvægt er að bæta aðgengi nemenda að tölvum í skólanum. Þá þarf að taka inn í myndina húsnæðismál skólans, fjölda nemenda og sérþarfir einstakra nemenda.

Sérstök aðstaða til hljóð- og myndbandavinnslu er engin í skólanum. Nemendur sýna slíkum miðlum mikinn áhuga og er hann orðinn hluti af þeirra veruleika. Tölvur til myndbandavinnslu eru á bókalofti þar sem ekki er til annað rými í skólanum. Brýnt er að koma upp slíkri aðstöðu. Áhugi er á að fjárfesta í *Appletölvu* fyrir tónsmíðar og myndbandavinnslu.

Fartölvuvagn skólans var ónothæfur í vetur. Til stendur að reyna að „hressa“ hann eitthvað við þannig að hægt verði að nýta hann til einfaldra verka. Einnig hefur verið samþykkt að skólinn fái nýjan fartölvuvagn sem mun án efa koma að góðum notum.

Stakar borðtölvur sem verið hafa í bekkjarstofum hafa ekki nýst nemendum og kennurum nægjanlega vel. Áhugi er fyrir að prófa að koma upp tölvueyjum í skólanum með 4-5 tölvum. Slík vinnuaðstaða eykur möguleika á vinnu lítilla hópa sem eru að vinna undir stjórn kennara í bekkjarstofum.

Áhugi er hendi í skólanum að fá til prófunar nokkur eintök af *Ipad* spjaldtölvum.

Foreldrafélagið hefur síðastliðin ár stutt dyggilega við bakið á skólanum með fjármögnun vegna kaupa á gagnvirkum töflum. Slíkar töflur auðga kennsluna og auka möguleika á fjölbreyttum kennsluháttum. Á óskalistanum er að slíkur búnaður sé í öllum bekkjarstofum. Síðastliðinn vetur keypti skólinn, eins og áður hefur komið fram, þrjú hátalarasett og nokkra skjávarpa. Næsta vetur verður áfram unnið að því að ná markmiðinu að *hljóð- og myndvæða allar stofur*.

Á vorönn fékk skólinn lánaðan *Smart Response* búnað hjá Varmás. Búnaðurinn var prófaður með nemendum í 7. bekk. Prófanir gengu vel og er áhugi fyrir að fjárfesta í slíkum búnaði og þróa áfram notkun hans í kennslu.

Elísabet Benónýsdóttir, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni



5. TÓMSTUNDAHEIMILI

Í þessum hluta skýrslunnar er gert grein fyrir því starfi sem fram fór í tómstundaheimilinu Regnboganum veturinn 2011-2012, innra starfi, starfsmannamálum, fjöldatölum og starfsemi.

Innra starf

Eins og undanfarin ár var áherslan lögð á að bjóða upp á fjölbreytt starf sem byði börnunum upp á tómstundir við allra hæfi. Þetta árið var Regnboginn einungis með einn tíma á viku í íþróttahúsinu og því var ekki eins mikið hægt að vinna þar með börnin. Meiri áhersla var því lögð á að vera úti á leikvelli og mikið var spilað af fótbolta, skotbolti var vinsæll og svo hinn nýi leikur Pókó sem var búið að mála á leikvöllinn. Matsalurinn var nýttur í fjölbreytta innileiki og að venju var farið með hópá í tölvuver skólans tvisvar í viku, en hver hópur fékk einungis að fara einu sinni í viku. Skipulagt föndur var í undanhaldi en mikið var um létt föndur fyrir þá sem höfðu áhuga á að taka þátt þó að eitthvað væri um árstíðabundið föndur svo sem jóla-, páska- og öskudagsföndur. Að venju var boðið upp á hefðbundnar tómstundir svo sem að spila, kubba, lesa, perla og annað sem féll til.

Vettvangsferðir voru á sínum stað á skipulagsdögum og á öðrum frídögum skólans. Til dæmis fórum við í heimsókn til Íshesta og fengum að klappa hestunum, gáfum þeim brauð og horfðum á þá leika sér. Þar sáum við einnig kanínur, kisur og hunda. Skroppið var í miðbæinn í jólafríinu og öndunum gefið brauð og einnig skruppum við í fjöruferð í haust. Þetta árið gátum við aftur farið með hópinn í sund í Mýrina þar sem við vorum með tvo starfsmenn í vinnu sem voru með sundlaugavarðarpróf og fylgdi því mikil kátína að skella sér í sund.



Fyrir áramót var danskennari í starfi hjá Regnboganum og tók hún tvo hópá og þjálfði upp dans- og leiksýningu sem var svo flutt fyrir foreldra í desember. Þetta voru mjög vinsælir hópar og voru börnin yfir sig glöð að fá tækifæri á að bjóða foreldrum sínum á skemmtunina. Salurinn fylltist af fólki og vel yfir 100 manns komu og horfðu á.



Ungir leikarar stíga sín fyrstu spor

Námskeið í *LEGO* kubbasmíðum var haldið á haustmánuðum og komust færri að en vildu. Jóhann Breiðfjörð, sem vann sem hönnuður hjá LEGO í Danmörku í mörg ár kenndi námskeiðið þriðja árið í röð. Námskeiðið mæltist vel fyrir og mætti gjarnan halda það oft.

Einnig var boðið upp á námskeið frá *Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar* og skráðu foreldrar börnin sín hjá dansskólanum en kennslan fór fram á tíma Regnbogans.

Skákfélag Garðabæjar var með fastar æfingar í Hofsstaðaskóla á miðvikudögum og voru þær vel sóttar af börnunum í Regnboganum og tóku nokkur þeirra þátt í mótum yfir veturinn og stóðu sig mjög vel.

Að venju fór stór hluti starfsins í tómstundaheimilinu í að senda börn á hinar ýmsu æfingar og má þá einu gilda hvort það voru íþróttæfingar eða tónlistartímar. Sum barnanna fóru á æfingar í Mýrinni eða innan Hofsstaðaskóla. Þau sem fóru á æfingar utan þessa svæðis tóku frístundabílinn sem var í boði Garðabæjar annan veturinn í röð. Mikil þátttaka var af hálfu nemenda Hofsstaðaskóla þetta árið. Bíllinn ók á hálf tíma fresti frá Mýrinni og fór fyrsti bíllinn kl 14:30. Á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum þurfti bílstjórinn að fara þrjár ferðir kl 14:30 þar sem yfir 30 börn tóku þann bíl á fótboltaæfingar. Einungis þurfti eina ferð á öðrum tímum dags.



Bros mild börn í Regnboganum


Áfram var unnið með svipað skráningarkerfi og á síðasta ári. Börnin voru skráð inn af starfsmanni þegar þau komu en í stað þess að snúa myndinni sinni við þá var búið að setja upp valtdöflur á vegginn og þar var búið að merkja hina ýmsu valhópa svo sem kubba, perlur, dúkkukrók og þess háttar. Þegar börnin höfðu farið upp að drekka komu þau niður, fundu myndina sína í boxi sem tilheyrði þeirra árgangi og settu svo myndina sína í þann valhóp sem þau vildu fara í. Þegar þau svo vildu skipta um val þá tóku þau myndina sína og fluttu hana í annað val. Sumir hóparnir voru með takmarkaðan fjölda á meðan aðrir höfðu engin takmörk svo sem útileikir. Börnin lærðu fljótlega á þetta kerfi og þetta auðveldaði bæði starfsfólki og foreldrum að finna börnin þegar þeirra var leitað. Þetta var betra en það kerfi sem notað hafði verið árið áður þar sem hér var ekki vandamál með litla miða sem áttu til að detta af myndunum og týnast.

Að venju var passað var upp á að fá öll skilaboð staðfest frá foreldrum en að taka ekki bara á móti munnlegum skilaboðum í gegnum börnin. Einnig var ítrekað við foreldra að allar breytingar og sem flestar tilkynningar kæmu til umsjónarmanns í gegnum tölvupóst fyrir klukkan 14:00 hvern dag eða í sms skilaboðum eftir þann tíma. Þetta kom í veg fyrir að upplýsingar töpuðust

eða gleymdust í dagsins önn. Ef börnin skiluðu sér ekki innan viss tíma var hringt í foreldra þeirra til að athuga hvort einhver breyting hefði orðið.


Skráning og fjöldi

Foreldrar voru mjög samviskusamir með að senda umsóknir inn vorið 2009 og strax um haustið voru komnar um 120 umsóknir. Þennan vetur var metaðsókn í Regnbogann og flest voru börnin um 145 talsins. Þessi fjöldi var nokkuð jafn yfir allan veturinn og fór ekki niður fyrir 140 fyrr en í maí.



Kynjahlutföllin voru nokkuð hefðbundin, stærsta hluta vetrarins voru drengir í meirihluta nema rétt í upphafi þegar stúlkur voru þremur fleiri en drengirnir. Val í tómstundum var nokkuð jafnt á milli kynjanna, drengir leituðu aðeins meira út en stúlkurnar og var þá fótbolti mikið fyrir valinu. Stór hópur knattspyrnuunnenda var í Regnboganum og ekki skaðaði það að vera með þrjá starfsmenn sem eru leikmenn Stjörnnunnar. Hlutföll kynja hjá starfsmönnum var nokkuð jafn í vetur, að jafnaði voru um 4 karlmenn og 4 konur í vinnu. Drengir og stúlkur sóttust álíka mikið í að fara út á leikvöll, leika sér í púðunum í hinu nýja púðaherbergi – eða í „gráa herberginu“ eins og þau kölluðu það þar sem hurðin var grá á litinn, og fara í hina ýmsu spilamennsku og borðleiki.


Hlutfall kynjanna í tómstundaheimilinu veturinn 2011-2012



Að venju var Regnboginn opinn alla starfsdaga, skipulagsdaga og aðra frídaga sem féllu á almenna vinnudaga. Nauðsynlegt var fyrir foreldra að skrá börnin sérstaklega fyrir þessa daga og mjög góð þátttaka var alla slíka frídaga í vetur.

Fyrsti frídagur vetrarins var 16. september. Þá var skipulagsdagur í skólanum og þá mættu 27 börn í Regnbogann. Þann 11. október var foreldraviðtalsdagur og þann dag mættu 55 börn og er það mesta þátttaka í Regnboganum á slíkum frídegi. 24. október var síðan skipulagsdagur þar sem 42 börn nýttu sér þjónustuna. Jólafríð var síðan frá 21. desember fram til 5. janúar og í því fríi voru 39 börn. Fyrsta febrúar voru 42 börn í Regnboganum og síðan voru 32 börn í vetrarfrí skólans eða þann 13. febrúar fram til 17. febrúar. Síðan kom páskafríð í apríl, eða 2. -4. apríl og þá daga voru 26 börn sem nýttu sér þjónustuna. 20. apríl voru óvenju fá börn, eða 12 börn – en það var daginn eftir sumardaginn fyrsta og því eflaust margir í lengra fríi. Síðasta skipulagsdag vetrarins, eða þann 7. júní mættu 29 börn.

Svolítið bar á því að óvænt börn birtust sem ekki höfðu verið skráð og verst var það 1. febrúar er 7 óskráð börn mættu á staðinn. Þá var það ítrekað fyrir foreldrum að skrá yrði börnin með fyrirvara svo hægt væri að skipuleggja fjölda starfsmanna í hlutfalli við fjölda barna. Eftir það urðu það kannski eitt til tvö börn sem mættu óvænt.



Starfsmannamál

Einhver hreyfing var á starfsmannahópnum eins og gerist, en í vetur varð sú breyting aðallega um áramótin. Sami starfsmannahópur var fram til áramóta, þá fóru fjórir starfsmenn og aðrir komu inn í staðinn og sá hópur hélst til vors. Jöfn skipting var á kynjunum þar sem fjórir karlmenn voru ásamt fjórum konum. Eins og árið áður var nemi í starfsnámi í Regnboganum í tvo mánuði. Ekki var þörf á sérstökum stuðningsfulltrúum og þetta árið varð barnahópurinn enn stærri en árið þar á undan en þá var metaðsókn. Mest urðu börnin 145 og ólíkt öðrum árum þá hélst hópurinn yfir 140 börnum alveg fram til maí, en þá fór hópurinn niður í 139 börn.

Húsnæði

Tómstundaheimilið Regnboginn í Hofsstaðaskóla er til húsa í kjallara Hofsstaðaskóla og er nú komin þriggja ára reynsla á það húsnæði. Þangað flutti tómstundaheimilið haustið 2009 úr anddyri íþróttahússins, Mýrarinnar. Smátt og smátt hefur húsnæðið orðið vistlegra, myndir á veggjum og listaverk eftir börnin í gluggunum. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar til að bæta húsnæðið, svo sem að lækka gólf og þá um leið laga hljóðvistina. Fram að því var mikið ónæði af óeinöngruðu viðargólfi sem ýtti undir mikinn umhverfishávaða. Þetta breytti mjög miklu fyrir umhverfið og líðan allra á staðnum. Til þess að gera húsnæðið enn betra þyrfti að setja ofna í aðstöðuna því að engir ofnar eru þar og því vill verða mjög kalt þar niðri um miðjan vetur. Mjög

kalt er á morgnanna og þá er hitinn af leik barnanna eina leiðin til að koma hitanum upp. Önnur aðstaða í Regnboganum er til fyrirmyndar, t.d. var þar settur upp skjávarpi, tjald og hátalarakerfi sem nýtist bæði Regnboganum og skólanum við bíó sýningar. Húsnæðið er orðið fyrirmyndar húsnæði undir þessa starfsemi og Garðabæ til þýði.



Skutlukeppni

Framtíðarsýn

Enn á ný er tómstundaheimilið Regnboginn í Hofsstaðaskóla stærsta tómstundaheimilið í Garðabæ og sem slíkt þarf að horfa til ýmissa atriða. Mjög mikilvægt er að þar sé umsjónarmaður í 100% starfi til að sinna skipulagsvinnu, heimasíðu, fréttablaði og samskiptum við foreldra og samstarfsaðila innan og utan skólans. Framtíðarsýn Regnbogans er björt sem fyrr. Stefnt er að því að vinna áfram með börnunum á lýðræðisgrundvelli þannig að þau hafi val um hvað þau taka sér fyrir hendur. Mikilvægt er að hvetja þau til þess að hafa sjálfstæða hugsun, taka ábyrgð á ákvörðunum sínum og taka tillit til annarra í starfinu. Í svona stórum hóp, er mikilvægt að kenna börnunum tillitsemi, þolinmæði og samvinnu svo að öllum líði vel.

Í starfinu með börnum er mikilvægt að bjóða upp á sambland af skapandi starfi, hreyfingu og afþreyingu. Börnin hafa verið í skipulögðu starfi allan daginn og hafa þörf á því að tjá sig í sköpun, við að hreyfa sig og einnig að slaka á í rólegu umhverfi. Í eins barnmörgu tómstundaheimili og Regnboginn er þá er hætta á því að sumir verði undir eða tynist í hópnum. Því er mjög mikilvægt að reyna að vinna með börnunum eins og hægt er, finna styrkleika þeirra og veikleika og byggja svo ofan á þá með því að hvetja þau áfram í starfi.

Niðurlag

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um starfið skólaárið 2011-2012 í tómstundaheimilinu Regnboganum, Hofsstaðaskóla. Markmiðið er að halda áfram því starfi sem þegar er komið af stað og halda uppi þeim stöðlum og stefnum sem hafa þegar verið sett í starfi með börnunum í Hofsstaðaskóla. Þetta verður gert með úrvalsstarfsmönnum. Sumir munu koma aftur að sumri og enn aðrir koma inn sem nýir starfsmenn.

Greta Sverrisdóttir umsjónarmaður